



Efni: Umsögn Múlaþings um matsáætlun Vindorkugarðs í landi Klaustursels

Inngangur

Zephyr Iceland ehf. hefur sent Skipulagsstofnun matsáætlun um allt að 500 MW vindorkugarð í landi Klaustursels í Múlaþingi. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins með erindi, dags. 5. desember sl., samkvæmt 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.


Umsögn sveitarfélagsins skal, í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, gera grein fyrir því hvort gerð sé athugasemd „við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.“

Varðandi efnistöð og umfjöllun vill Múlaþing benda á eftirfarandi atriði sem ástæða er til að skoða betur við gerð umhverfismatsins.

- Umfjöllun um samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar er að mati Múlaþings ábótavant í matsáætlun. Ekki er útlit fyrir að framkvæmdaraðili hyggist framkvæma rannsóknir til þess að meta hvaða áhrif framkvæmdin kemur til með að hafa á ferðaþjónustu, útivist og veiðar. Eins og fram kemur í matsáætlun þá er Stuðlagil einungis um 4 km frá fyrirhugaðri framkvæmd og því ekki ólíklegt að áhrifa framkvæmdarinnar muni gæta við gilið. Stuðlagil er meðal vinsælli ferðamannastaða austurlands og því ástæða til þess að kanna til hlítar hver áhrif framkvæmdarinnar verða fyrir ferðaþjónustu svæðisins. Í því sambandi er ástæða til að skoða sérstaklega ásýnd mannvirkja og hvort og að hve miklu leyti þau verða sýnileg frá ferðaþjónustu við Stuðlagil og leiðum að því.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að koma fram hver samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar verða, bæði neikvæð og jákvæð. Í því samhengi þarf að fjalla um fjölda starfa, tímabundin og til lengri tíma. Þá er einnig mikilvægt að fjallað sé um hver ávinningur sveitarfélagsins og nærsamfélagsins sé af framkvæmdinni. Í því samhengi er mikilvægt að fjallað sé um áhrif framkvæmdarinnar á fasteignaverð nærliggjandi jarða og áhrif framkvæmdarinnar á fasteignamarkaðinn á Egilsstöðum og Fellabæ.



- Á bls. 4 eru settar fram upplýsingar um að framkvæmdaraðili hafi verið upplýstur í janúar 2022 um að sveitarfélagið hygðist greina vindorkukosti í sveitarfélaginu þar sem umrætt svæði í landi Klaustursels yrði til skoðunar auk annarra svæða. Framkvæmdaaðila er bent á að niðurstöður þessarar greiningar lágu fyrir júní síðastliðinn og eru aðgengilegar á vef sveitarfélagsins.¹
- Í greiningu á hentugleika svæða til nýtingar vindorku í Múlaþing, sem EFLA vann í samráði við sveitarfélagið Múlaþing² kemur fram að áformað framkvæmdasvæði í landi Klaustursells fellur undir takmarkanir, sem á við um þau svæði sem eru skilgreind sem óhentug fyrir virkjun vindorku og því eru þessi svæði útilokuð og koma ekki til greina til virkunar vindorku skv. greiningunni. Samkvæmt greiningunni fellur umrædd staðsetning vindorkugarðsins innan jaðarsvæðis óbyggðra víðerna (sjá mynd 8 úr skýrslunni) og vindorkuver á þessu svæði myndi skerða óbyggð víðerni. Í ljósi þessa er ástæða til að fjalla sérstaklega um áhrif framkvæmdarinnar á víðerni í umhverfismatinu. Í þessu sambandi bendir sveitarfélagið á að gagnlegt sé að hafa til hliðsjónar atriði sem Skipulagsstofnun telur að taka þurfi tillit til við mat á áhrifum vindorkuvera á óbyggð víðerni, í áliti stofnunarinnar á mati á umhverfisáhrifum Búrfellslundar, á blaðsíðu 19³.



MYND 8. Óbyggð víðerni skv. 5. grein náttúruverndarlaga og 5 km jaðarsvæði umhverfis þau. Tilgátukort EFLA.

- Mikilvægt er að framkvæmdaaðili lýsi framkvæmdinni vel, umfangi hennar og tímalínu og áfangaskiptingu uppbyggingar. Athygli vekur að í töflu 4.1. er gert ráð fyrir að kranaplan fyrir hverja myllu verði um 0.012 ha. Það er lág tala samanborið við önnur verkefni sem hafa verið í kynningu.
- Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan svæðis sem hreindýr halda sig á og hreindýraveiðar eru stundaðar á Fljótsdalsheiði að sumri og hausti. Ekki er að sjá að framkvæmdaraðili hyggist ætla að meta áhrif framkvæmdarinnar á hreindýrastofninn né á veiðar. Vert er að taka fram að veiðar gengu illa á Fljótsdalsheiði á liðnu ári og útlit fyrir að

¹ Sjá hér <https://www.mulathing.is/static/files/SKYRSLUR/Vindorkugreining-Efla>

² EFLA (2022). Vindorka í Múlaþingi – Greining á hentugleika svæða til nýtingar á vindorku.

³ Sjá sérstaklega bls 19 í áliti Skipulagsstofnunar

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1180/201507054.pdf>



hreinýr sé á undanhaldi á svæði 2. Líklegt er að umferð á framkvæmdartíma og hugsanlega vindmyllurnar sjálfar á rekstartíma, komi til með að hafa áhrif á hreinýr innan áhrifasvæðisins. Í þessu samhengi er talin þörf á samráði við skotveiðifélög og önnur samtök sem hafa hagsmuni að gæta varðandi hreinýr og hreinýraveiðar.

Þörf er á að rannsaka hversu mikilvæg Fljótsdalsheiðin er sem búsvæði hreinýra og skoða áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þau.

- Bent er á að fyrirhugað framkvæmdarsvæði er afréttur sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir sauðfé. Gera skal grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á þá nýtingu.
- Í matsáætlun er ekki fjallað um fiskveiðar í nálægð við fyrirhugað framkvæmdarsvæði en þó nokkur veiði fer fram í vötnum á Fljótsdalsheiði auk þess sem Jökla er í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Mikilvægt að þess sé gætt að vötn og ár verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum sökum mengunar frá uppbyggingu vindorkugarðsins.
- Það hefði verið til fyrirmyndar ef framkvæmdaraðili hefði sýnt hugsanlega valkosti, sem til stendur að bera saman í umhverfismati, í matsáætlun. Það er mikilvægt að umsagnaraðilar fái hugmyndir um mögulega valkosti á fyrri stigum umhverfismats til þess að hægt sé að gefa umsögn og álit á ólíkum valkostum. Oft getur reynst erfitt að koma fram athugasemdum um ólíka valkosti ef þeir eru ekki kynntir á fyrstu stigum umhverfismats.
- Í umhverfismatsskýrslu þarf að fjalla um fyrirhugaða notkun orku frá vindorkuveri og hugsanleg áhrif orkunotkunar á umhverfi og flutningskerfi. Það er mikilvægt að fjallað sé um hvort til standi að nýta orkuna beint fyrir tiltekna starfsemi eða hvort flytja eigi orkuna inn á núverandi flutningskerfi. Í því samhengi er mikilvægt að huga að flutningsgetu núverandi kerfis og hvort kerfið höndli þá viðbótarorku sem framkvæmdaraðili hyggst flytja með kerfinu. Jafnframt er þörf á því að áhrif á umhverfi og flutningskerfi verði metin ef til stendur að reisa nýtt tengivirki og háspennulínur sem tengja vindorkugarðinn við tengivirkið.
- Í umhverfismatsskýrslu er mikilvægt að fjalla um veltengingar að framkvæmdarsvæði, hvernig búnaði verði komið á svæðið og álag og áhrif sem það hefur á vegakerfið. Jafnframt skal gera grein fyrir efnistökusvæðum t.d. vegna vegagerðar og áhrifum á náttúru og vistkerfi vegna vegagerðar og efnistökusvæða.
- Mikilvægt er að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um möguleg áhrif vegna mengunar frá búnaði og framkvæmdum. Jafnframt skal greina frá fyrirkomulagi við vöktun og tímalengd þeirra áætlana.
- Mikilvægt er að fjallað verði um sjónræn áhrif með tilliti til mismunandi hæðar vindmylla og bornir saman mismunandi valkostir hvað það varðar.
- Farið er fram á að við gerð ásýndarmats og sjónlínugreininga verði haft samráð við sveitarfélagið um staðsetningu sjónarhorna.
- Fjalla skal um hvernig frágangi verður háttað ef vindorkuverinu verður lokað eða starfsemi þess hætt og umhverfisáhrif af þeirri framkvæmd metin.
- Gerð verði grein fyrir mögulegum mengunaráhrifum
- Fjalla skal um líftíma búnaðar til orkuvinnslu og möguleg mengunaráhrif þegar hann er endurnýjaður.

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is



Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Virðingarfyllst,
f.h. Múlaþings

Sigurður Jónsson
skipulagsfulltrúi

6. janúar 2023

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Umsögn um matsáætlun fyrir allt að 500 MW vindorkugarð í Klausturseli í Múlapingi

Með tölvupósti dagsettum 5. desember sl. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST) um matsáætlun vegna allt að 500 MW vindorkugarðs í Klausturseli í Múlapingi. Tillagan sem hér er til umsagnar er unnin af verkfræðistofunni Mannvit og er dagsett í nóvember 2022.

Um er að ræða vindorkugarð sem fyrirhugað er að reisa á Fljótsdalsheiði, í landi Klaustursels á Jökuldal. Svæðið er um 4.110 ha að flatarmáli. Áætlað er að orkugarðurinn yrði reistur í áföngum og að fyrsti áfanginn verði á bilinu 50-300 MW. Síðan yrði gert ráð fyrir stækkun í allt að 500 MW.

Fram kemur í matsáætlun að Fljótsdalsheiði sé tilvalin staður fyrir vindorkugarð. Vindaðstæður á svæðinu séu hagstæðar og nálægð við raforkuflutningskerfi Landsnets. Engin byggð er á svæðinu en nálægustu bæir eru Klaustursel, Hákonarstaðir 2 & 3 og Grund. Fjarlægð í næstu föstu búsetu frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er 2-3 km.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur yfir farið yfir ofangreinda matsáætlun og byggir umsögnina á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðum sem á lögnum byggja.

Gera þarf breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir svæðið en landnotkun er skilgreind á gildandi aðalskipulagi sem óbyggt svæði.

Í nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði er einn af stærstu ferðamannastöðum á Austurlandi, Stuðlagil. Á þeim bæjum sem taldir eru upp í matsáætluninni sem nálægustu bæir, Klaustursel, Grund og Hákonarstöðum er rekin ferðaþjónusta eða áform um uppbyggingu ferðaþjónustu.

Í tillögunni er tekið fram að starfsemi virkjunar og vinnubúða sé starfsleyfisskyld hjá Heilbrigðiseftirlit Austurlands samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, samanber X. viðauka, liði 9.1 og 10.7. Heilbrigðiseftirlit Austurlands veitir starfsleyfi fyrir m.a. efnisnámi, steypustöð og verktakaaðstöðu skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsmannabúðir eru starfsleyfisskyldar samkvæmt reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Við þá upptalningu sem fram kemur í matsáætlun má bæta við stórar spennistöðvar, sem er starfsleyfisskyldar skv. 550/2018.

Gera þarf grein fyrir fyrirhugaðri staðsetningu á tímabundinni aðstöðu á framkvæmdatíma s.s. aðstöðu verktaka, steypustöð, starfsmannabúðum o.s.frv.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að mögulegar námur verði taldar upp. Ef sækja þarf efni í einhverjar námur, verður sótt um framkvæmdaleyfi eins og tiltekið verður í greinargerð með aðalskipulagi. Með umsókn um framkvæmdaleyfi skulu fylgja ítarleg gögn um stærð og staðsetningu efnistökusvæðisins, fyrirkomulag efnisvinnslu og frágang að vinnslu lokinni. Framkvæmdaraðili mun forðast að opna nýjar námur.

Til þess að meta áhrif vegna hljóðs frá fyrirhuguðum vindmyllum á Fljótsdalsheiði verða unnir útreikningar í forritinu SoundPlan, byggt á gögnum um hljóð frá vindmylluframleiðendum. Þau gildi sem fást verða borin saman við viðmiðunargildi í reglugerð um hávaða og möguleg áhrif metin á þau svæði sem gætu verið viðkvæm fyrir hávaða.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur að tillagan geri nægjanlega grein fyrir hvernig vinna á að umhverfismati framkvæmdarinnar hvað varðar hávaða og námur. Í matsáætlun kemur ekki fram nákvæm gerð vindmylla og ekki er tekið tillit til mögulegrar örplasmengunar. Gera þarf grein fyrir og meta áhrif af mögulegri mengun vegna örplasts og annarra efna sem berast frá vindmyllum.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki aðrar athugasemdir við matsáætlunina eins og hún er framsett en gerir ráð fyrir að geta komið á framfæri athugasemdum, ábendingum og leiðbeiningum á síðari stigum.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

06.01.2023
2022–12-25/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um matsáætlun vegna vindorkugarðs í Klausturseli í Múlapingi

Landsneti barst, þann 5. desember 2022, beiðni um að veita umsögn um matsáætlun um allt að 500 MW vindorkugarð í Klausturseli í Múlapingi. Umsagnafrestur er til 7. janúar 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun.

Í öðrum kafla matsáætlunarinnar er fjallað um skipulag og aðrar áætlanir. Þar eru m.a. tilgreindar gildandi skipulagsáætlanir og rammaáætlun. Landsnet vill í því sambandi benda á Kerfisáætlun Landsnets, sem er gefin út annað hvert ár, en framkvæmdin tengist áætluninni.

Í kafla 2.2 í matsáætluninni er fjallað um landnotkun á framkvæmdasvæðinu samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Í þá umfjöllun vantar að tilgreina að um svæðið liggja Kröflulínur 2 og 3, eins og fram kemur í Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028, sem tók gildi 7. janúar 2010 og síðari breytingu á því, sem tók gildi 16. febrúar 2015. Í kafla 8.5 í gildandi aðalskipulagi er jafnframt tilgreint að háspennulínum fylgi helgunarsvæði þar sem óheimilt sé að reisa önnur mannvirki. Á mynd 2.1 í matsáætluninni er eldri aðalskipulagsuppdráttur sýndur og því vantar Kröflulínu 3 á uppdráttinn auk annarra þátta sem síðar hefur verið breytt s.s. efnistökusvæði.

Landsnet bendir á að Kröflulína 3 er 220 kV loftlína og Kröflulína 2 er 132 kV loftlína. Með línunum eru helgunarsvæði sem eru ákvörðuð í samræmi við íslenska staðla en samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum Háspennulínur – aðgát skal höfð sem er að finna á heimasíðu Landsnets.

Í köflum 2.5 og 2.6 er fjallað um fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum á svæði sem kunna að njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og flugleiðir í samræmi við lög um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464/2007. Landsnet telur mikilvægt að einnig verði lagt mat á umhverfisáhrif á háspennulínur og helgunarsvæði þeirra sem skilgreind eru samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008.

Í þriðja kafla matsáætlunarinnar er framkvæmdum lýst og þar er m.a. fjallað um þungaflutninga vegna þeirra. Landsnet vekur athygli á að miðað við stærð og þyngd vindmyllanna er ljóst að núverandi vegslóð meðfram Kröflulínu 3 dugar ekki til þeirra flutninga að öllu óbreyttu. Hafa þarf samráð við Landsnet eigi að koma til nýtingar slóðans að einhverju leyti.

Í kafla 3.2.4 í matsáætluninni er fjallað um tengingu við flutningskerfið og tilgreint að haft verði samráð við Landsnet um tengimöguleika. Landsnet tekur undir og ítrekar mikilvægi þess að samráð verði haft við fyrirtækið um tengimöguleika og að fjallað verði um það í umhverfismatsskýrslu. Landsnet leggur á það mikla áherslu að greining á mögulegum tengingum við flutningskerfið, og útfærslum þar á, fari fram í samráði við Landsnet eins og lýst er í skilmálum fyrirtækisins um tæknilegar kröfur til vinnslueiningar, sbr. 7. kafla netmála Landsnets D1.

Brýnt er að huga sérstaklega að því að tengimöguleikar falli að framtíðarhugmyndum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins á svæðinu. Enn fremur þarf að kanna sérstaklega hvort mögulegar jarðstrengslagnir frá vindorkuverinu að tengipunkti við flutningskerfið hafi áhrif á afhendingargæði raforku. Landsnet mun óska eftir niðurstöðum kerfisgreininga framkvæmdaraðila á áhrifum fyrirhugaðs vindorkuvers á rekstur flutningskerfisins og ef þurfa þykir óska eftir frekari gögnum og greiningum frá framkvæmdaraðila. Í kafla 5 í matsáætluninni er gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem talið er að geti orðið fyrir áhrifum vegna vindorkugarðsins. Landsnet leggur á það áherslu að lagt verði mat á það hvort og hversu mikil áhætta er af staðsetningu og rekstri vindmylla svo nálægt mikilvægum háspennulínum m.t.t. veðurfarslegra áhrifa

svo sem mögulegs ískasts og myndun vindstrengja frá vindmyllum sem geti haft áhrif á rekstur loftlína og mastra. Það á einnig við um flutninga vindmyllueininga, efnisflutninga, strenglagnir og vinnu nærri háspennulínunum. Mikilvægt er að endanleg útfærsla vindorkugarðsins og staðsetning vindmylla taki mið af niðurstöðu þess mats. Við endanlega verkhönnun þarf að vera búð að ganga úr skugga um að tilhögun vindorkugarðsins ógni ekki afhendingaröryggi og að persónuöryggi verði tryggt á framkvæmda- og rekstrartíma garðsins.

Leyfi Landsnets þarf vegna tenginga við flutningskerfi fyrirtækisins. Einnig þarf leyfi Landsnets vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarviðs

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 5. janúar 2023
MÍ202301-0022/ 6.07 / K.M.

Efni: Allt að 500 MW vindorkugarður í Klausturseli í Múlaþingi.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 5. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Fyrirtækið Zephyr Iceland ehf. fyrirhugar að reisa vindorkugarð á Fljótsdalsheiði, í landi Klaustursels, innan sveitarfélagsmarka Múlaþings. Svæðið sem um ræðir er um 4.110 ha að stærð. Áform fyrirtækisins gera ráð fyrir uppbyggingu vindorkugarðs á Fljótsdalsheiði í að minnsta kosti tveimur áföngum. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir uppsetningu að minnsta kosti tíu vindmylla. Gert er ráð fyrir að afl hverrar vindmyllu verði 5-7 MW og að heildarafl fyrsta áfanga verði að minnsta kosti 50 MW. Með áframhaldandi vexti í raforkueftirspurn er stefnt að því að reisa allt að 450 MW til viðbótar.

Fjallað er um framkvæmdina í kafla 3 í matsáætlun. Auk framkvæmda sem tengjast uppsetningu vindmyllanna er þar fjallað um vegagerð, efnisþörf og efnisöflun og tengingu við flutningsnetið. Fram kemur að uppröðun vindmylla innan svæðisins hefur ekki verið ákveðin.

Í kafla 4.2 er fjallað um athugunarsvæði vegna rannsókna tengdum mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Athugunarsvæðið er 3.730 ha að stærð og er það svæði þar sem staðsetja á vindmyllur en einnig tiltölulega rúmt belti umhverfis mögulegar leiðir jarðstrengs frá vindorkugarði í tengivirki.

Kafla 4.3 fjallar um framkvæmda- og áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Í töflu 4.1 eru taldir upp þeir framkvæmdahlutar sem valdið geta raski og forsendur fyrir raski í hverju tilfalli. Þá segir að auk þess sem fram kemur í töflunni geti áhrifa orðið vart vegna efnistöku í tengslum við framkvæmdina, einkum ef nýir efnistökuastaðir verði opnaðir.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.8 í matsáætlun. Þar kemur fram að til að unnt sé að meta áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fornleifar þurfi að skrá fornleifar. Lýst er hvernig skráningin mun fara fram og hvernig gengið verður frá skýrslu um skráninguna. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við þennan þátt verksins en minnir á að fá þarf fornleifafræðing til að skrá

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.


fornleifar á svæðinu í samræmi við staðla Minjastofnunar um fornlifaskráningu sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar.

Í umfjöllun um fornlleifar í kafla 5.8 segir að um sé að ræða um 3.730 ha svæði sem afmarki fyrirhugaðan vindorkugarð og vegagerð innan garðsins. Við vettvangsskráningu fornlleifa verði svæðið rannsakað. Minjastofnun minnir á að skrá þarf fornlleifar á öllum svæðum þar sem jarðrask er fyrirhugað í tengslum við framkvæmdina. T.d. gæti þurft að skoða svæði þar sem fyrirhuguð er vegagerð eða endurnýjun vega að svæðinu.

Í frummatsskýrslu þarf að sýna útlínur og staðsetningu fornlleifar á loftmynd/korti ásamt útlínum mannvirkja sem fyrirhugað er að reisa. Þannig koma áhrif mannvirkja á fornlleifar skýrt fram. Í frummatsskýrslu þarf einnig að fjalla um fornlleifar á svæðinu og áhrif framkvæmdarinnar á þær og gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum vegna fornlleifa.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jón Ágúst Jónsson (jonagust@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6. janúar 2023
Málsnúmer: 202212-0005
SS/OKV

Efni: Umsögn um matsáætlun fyrir vindorkugarð í landi Klaustursels, Múlabyggð.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 5. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir áformaða framkvæmd Zephyr Iceland ehf. á allt að 500 MW vindorkugarði í landi Klaustursels í Múlabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Matsáætlunin er ítarleg og greinir ágætlega frá flestum þeim þáttum sem þurfa að koma fram. Ljóst er af lýsingunni á framkvæmdinni að um mjög umfangsmikil áform er að ræða. Vindorkugarðurinn sjálfur er einn sá stærsti sem hefur verið í undirbúningi hérlandis með allt að 90 vindmyllur. Þá eru tengdar framkvæmdir einnig umfangsmiklar einkum vegagerð innan vindorkugarðsins sem og aðkomuvegur. Enn er verið að skoða ólíkar útfærslur bæði á fjölda og staðsetningu vindmylla sem og um legu aðkomuvegar. Mikilvægt er að athuganir á umhverfisáhrifum nái yfir áhrifasvæði allra valkosta.

Náttúrufræðistofnun vill leggja áherslu á að vegna umsvifa framkvæmdarinnar og stærðar áhrifasvæðis sem er að stærstum hluta óraskað svæði, er afar mikilvægt að fullnægjandi upplýsingar séu til staðar um alla umhverfisþætti sem meta þarf áhrif á. Tryggja þarf að gagnasöfnun endurspegli þetta og að aðferðafræði og magn gagna fullnægi viðmið um gæði til að öruggt sé að ákvarðanataka byggji á bestu vitneskju.

Dýralíf

Náttúrufræðistofnun gerir alvarlega athugasemd við að ekki er fjallað um í matsáætluninni að meta eigi áhrif framkvæmdarinnar á spendýr, sérstaklega hreindýr. Framkvæmdasvæðið er staðsett um miðbik heildarútbreiðslusvæðis hreindýra á Austurlandi og hreindýr halda sig mikið á svæðinu m.a. á viðkvæmum tímum eins og burðartíma. Nauðsynlegt er að leggja mat á hvaða áhrif framkvæmdin og rekstur vindorkugarðs mun hafa á dvöl og ferðir hreindýra á svæðinu og hvernig sú búsvæðaskerðing sem framkvæmdin mun valda hefur áhrif á hreindýrastofninn í heild sinni.

Einnig ætti að taka til skoðunar áhrif á önnur spendýr, ef ástæða þykir til, t.d. refinn.

Eins og fram kemur í matsáætluninni er lítið til um fuglarannsóknir á svæðinu og því þörf á að bæta úr þekkingu á fuglalífi svæðisins með greinargóðum athugunum.

Náttúrufræðistofnun er ósammála afstöðu framkvæmdaraðila varðandi aðferðafræði við athuganir á fuglum og telur nauðsynlegt að framkvæma ratsjárathuganir. Þótt framkvæmdasvæðið sé vissulega sjálft ekki staðsett innan skilgreinds mikilvægs fuglasvæðis



Þá eru nokkur slík í næsta nágrenni m.a. Úthérað en þó sérstaklega Jökuldalsheiði, stórt svæði sem er alþjóðlega mikilvægt varpland álftra og heiðagæsa og staðsett skammt fyrir vestan framkvæmdasvæðið, hinum megin við Jökuldalinn. Álftrir og heiðagæsir eru stórir fuglar sem fljúga í hópum og stunda árstíðabundið far. Báðar tegundir eru tegundir sem eiga alla jafna í hvað mestri hættu að lenda í áflugi m.a. við vindmyllur. Afar brýnt er að mati Náttúrufræðistofnunar að far þessara tegunda um framkvæmdasvæðið sé kortlagt eins nákvæmlega og fýsilegt er. Til að greinargóðar upplýsingar fáiast um farið eru sjónarhólsathugarnir ekki fullnægjandi að mati Náttúrufræðistofnunar. Það er m.a. vegna þess að far heiðagæsa að hausti fer að miklu leyti fram í rökkri þegar þær færa sig inn og út af náttstöðum. Einungis ratsjárathugarnir munu duga til að greina þær ferðir gæsanna. Til að ná góðri yfirsýn um farhætti heiðagæsa, álftra og annarra fugla á svæðinu er æskilegt að ná mælingaseríu með ratsjá yfir bæði vor- og haustfartíma 2 ár í röð. Þannig má draga úr líkum á að skekkja myndist vegna óvenjulegs árferðis. Þessar ábendingar Náttúrufræðistofnunar um mikilvægi ratsjarmælinga eru í takt við umsagnir stofnunarinnar um umhverfismat annarra vindorkuáforma þar sem þörf er á að mæla far fugla til að meta áflugshættu. Vegna stærðar framkvæmdasvæðisins er hugsanlegt að þurfi að koma fyrir ratsjám á tveimur stöðum innan þess.

Áætlað framkvæmdasvæði er mikilvægt búsvæði fyrir rjúpu og í næsta nágrenni er vitað um a.m.k. tvö fálkaóðöl. Fálkar eins og aðrir ránfuglar eru viðkvæmir fyrir áflugi á vindmyllur. Sjónarhólsmælingarnar gagnast vel til að meta ferðir fálka og rjúpu um svæðið en með ratsjarmælingum er bætt töluvert um betur.

Varðandi aðrar fuglaathugarnir sem fjallað er um í matsáætluninni svo sem mat á þéttleika fugla á varptíma og að vetrarlagi er mikilvægt að tryggja að snið séu nægilega mörg og dreifð yfir svæðið. Einnig ætti að taka tillit til þess að tegundir eins og álftrir, heiðagæsir og rjúpur dvelja á varpsvæðum eftir varptíma í lengri tíma en t.d. vaðfuglategundir og því væri skynsamlegt að taka mælingar síðsumars sömuleiðis til að fá betri mynd yfir dvöl þessara tegunda á svæðinu.

Loks má benda á að á veiðitíma rjúpu og heiðagæsar geta skotveiðar valdið því að fuglarnir fælist oftar og þ.a.l. að ferðir þeirra um svæðið verði óreglulegri og tíðari. Mikilvægt er að hafa það í huga við skipulag athugana.

Gróðurfar

Varðandi áætlaðar athugarnir á gróðurfari svæðisins vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi:

Talin eru fram fyrirbyggjandi gróðurgögn í kafla 5.5.1 sem eru vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar og matskýrsla vegna Kröflulínu 3. Fyrir liggur gróðurkort af hálendi Íslands sem nær yfir þetta svæði eða a.m.k. mestan hluta þess. Gróðurkortinu er hægt að nálgast í niðurhali hjá Landmælingum Íslands. Þótt hér sé um að ræða flokkunarkerfi sem vistgerðaflokkun hefur að mestu tekið við af, þá eru samt töluverðar upplýsingar í gróðurkortinu sem geta nýst við matsvinnuna.

Í kafla 5.5.2 um gróður segir að vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar verði staðfest eða uppfærð með því að afla upplýsinga um gróður á vettvangi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Þar segir hins vegar líka að gerð verði “grein fyrir þeim plöntutegundum sem finnast í ólíkum gróðurlendum”. Til að gæta samræmis ætti að breyta “gróðurlendum” í “vistgerðum” þar sem vistgerðakort verður afurð gróðurúttektarinnar.

Í sama kafla segir að öll vistkerfi sem njóta verndar undir 61. gr. náttúruverndarlaga, verða kortlögð á rannsóknasvæðinu. Hér mætti e.t.v. benda á að samfellt votlendi getur náð út fyrir rannsóknarsvæðið og því þurfi að kortleggja samfellt votlendi þar sem það nær út fyrir þau mörk.

Eins og fram kemur í matsáætluninni finnast á framkvæmdasvæðinu og/eða í næsta nágrenni við það votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi þ.m.t. sjaldgæfar vistgerðir á heimsvísu eins og rústamýravist sem mikil ástæða er til að vernda og forðast ætti að raska með öllu móti. Mjög mikilvægt er að kortleggja betur útbreiðslu þessarar vistgerðar á svæðinu.

Jarðminjar og landslag

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við áætlaðar athuganir á jarðfræði svæðisins og verndargildi jarðminja og er tilbúin að veita frekari ráðgjöf ef þess er óskað. Taka þarf tillit til verndargildis heiðalandslags og mótunaráhrifa ísaldarjökla í því samhengi. Einstakar myndanir t.d. tjarnir og jökulsorfnar klappir geta haft sérstakt verndargildi hvað þetta varðar og gott er að hafa það í huga við jarðfræðilegar athuganir á framkvæmdasvæðinu.

Áform um mat á landslagi og ásýndaráhrifum eru í takt við það sem tíðkast í umhverfismati vindorkugarða hér á landi. Aðferðafræði við flokkun og mat á verndargildi landslags er ekki fullmótuð hér á landi og mikilvægt að hafa það í huga. Staðsetning framkvæmdasvæðisins innan skilgreinds óbyggðs víðernis vegur þungt þegar kemur að því að meta vægi ásýndaráhrifa að mati Náttúrufræðistofnunar. Náttúrufræðistofnun býr ekki yfir sérþekkingu á sjónrænu mati ásýndaráhrifa en veltir fyrir sér hvort fjölga megi myndatökustöðum fyrir ásýndarmyndir og þá sérstaklega frá þekktum gönguleiðum. Flestir myndatökustaðirnir eru frá akvegum.

Verndarsvæði

Náttúrufræðistofnun vill benda á að í umfjöllun um verndarsvæði í kafla 2.5 á bls. 6 má laga tilvísun í 61. gr. náttúruverndarlaga en þar er vísað í 6. grein nú.

Í sama kafla mætti einnig benda á að Stuðlafoss er á núgildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) undir öðrum náttúruminjum. Upplýsingar um skráningu fossins á náttúruminjaskrá má finna hjá Umhverfisstofnun.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir um matsáætlunina en er tilbúin til frekari ráðgjafar ef þörf er á.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. janúar 2023
Tilvísun: OS2022120014/22.1
Skjalanr:390304

Efni: Umsögn Orkustofnunar um matsáætlun vindorkugarðsins Klaustursels í Múlapingi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dagsettu þann 5. desember 2022., þar sem óskað var umsagnar Orkustofnunar um matsáætlun fyrir vindorkugarðinn Klaustursel í Múlapingi, í samræmi 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskað var eftir athugasemdum eigi síðar en þann 7. janúar 2023, en frestur var framlengdur að beiðni Orkustofnunar til 20. janúar 2023.

Samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum er þess óskað að Orkustofnun gefi umsögn um það, eftir því sem við á, hvort Orkustofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá starfssviði stofnunarinnar, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Orkustofnun telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver og afmarkar framangreint lagaákvæði stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd á síðari stigum. Lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnispáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Orkustofnunar. Neðangreindar ábendingar miða jafnframt að greiningu og framsetningu þeirra ganga sem stofnunin telur að þurfi að liggja fyrir áður en tekin verði afstaða til útgáfu virkjunarleyfis skv. raforkulögum, ef af verður á síðari stigum máls. Taka þarf þó fram að stofnunin mun á síðari stigum geta kallað eftir frekari gögnum frá framkvæmdaraðila þó ekki sé vikið að því í þessari umsögn.

Sérfræðingar Orkustofnunar hafa farið yfir ofangreinda matsáætlun fyrir vindorkugarðinn Klaustursel í Múlapingi og eru með eftirfarandi athugasemdir:

Í kafla 1.2. í matsáætlun kemur fram að “Vindafar hefur verið metið út frá sögulegum gögnum frá næstu veðurstöðvum Veðurstofunnar. Þá hafa vindaðstæður einnig verið metnar út frá hugbúnaði sem Zephyr nýtir”.... “Til að staðfesta áætlaðan vind verða vindaðstæður mældar í um 80 m hæð í minnst 12 mánuði” og leyfi liggi fyrir fyrir uppsetningu vindmasturs með mælitækjum á svæðinu.

Einnig fremur kemur fram í kafla 3.2.1 að “Gert er ráð fyrir að ítarlegri gögn um um vindafar á framkvæmdasvæðinu liggi fyrir þegar kemur að gerð umhverfismatsskýrslu. Þar verður m.a. fjallað um veðurfarslegar aðstæður og ísingarhættu og hvort þörf verði á afsingarbúnaði...”

Orkustofnun bendir á að skv. 4. gr. reglugerðar 1040/2005 sem fjallar um umsókn um virkjunarleyfi, skal skila inn til Orkustofnunar niðurstöðum rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti. Jafnframt þurfa helstu tölulegar upplýsingar og lýsing virkjunar að koma fram í umsókn um virkjunarleyfi. Í tilfalli vindorku telst nýtnistuðull lykilstærð við mat á afkastagetu og hentugri stærð og staðsetningu vindorkuvera. Í ofangreindum lýsingum úr matsáætlun á fyrirbyggjandi sem og fyrirhuguðum rannsóknum fyrir vindorkugarðinn í Klausturseli er ekki fjallað sérstaklega um rannsóknir eða mat á mögulegum nýtnistuðli vindmylla á svæðinu. Bendir stofnunin því á að slík umfjöllun væri æskileg í umhverfismatsskýrslu

Í kafla 2.4 um Rammaáætlun segir: “Ekki hefur með afgerandi hætti verið ljóst hvort vindorka falli undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Orkustofnun hefur verið meðal þeirra sem telur svo ekki vera, en stofnunin veitir framkvæmdaraðilum virkjunarleyfi.” Orkustofnun telur ekki vafa leika á að vindorka falli undir lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Stofnunin vísar tilákvörðunar innviðaráðherra þann 5. apríl 2022 um að synja staðfestingu á breytingum á aðalskipulagi Reykhólahrepps og Dalabyggðar vegna þriggja stærri vindorkukosta með vísan m.a. til þess að skipulagsbreytingarnar samræmdust ekki lögum nr. 48/2011.

Að öðrum kosti gerir Orkustofnun ekki frekari athugasemdir við matsáætlun þessa.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Sylvía Rakel Guðjónsdóttir
Sérfræðingur
Sjálfbær auðlindanýting

Rafræn undirskrift hér að neðan

Sigurjón Njarðarson
Lögfræðingur
Sjálfbær auðlindanýting

Rafræn undirskrift hér að neðan

Skipulagsstofnun
c/o Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2023
Tilv.:2212228 / AV

Efni: Skipulagsmál - umsagnir allt að 500MW vindorkugarður Zephyr í Klausturseli í Múlþingi

Með tölvupósti dags. 5. desember sl. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Samgöngustofu (SGS) vegna matsáætlunar Zephyr Iceland ehf. um allt að 500 MW vindorkugarð í Klausturseli í Múlþingi.

SGS gerir ekki athugasemd við matsáætlunina, enda gerir tillaga að matsáætlun ráð fyrir samráði við stofnunina. Stofnunin vekur athygli á eftirfarandi:

Ákvörðun Samgöngustofu um merkingu og lýsingu hindrana sem tók gildi 15. september 2019, sem dregur saman og skýrir lög, reglugerðir og alþjóðasamninga sem gilda um merkingu hindrana, þ.m.t. vindmylla má finna á þessari vefslóð:
(<https://www.samgongustofa.is/media/log-og-reglur-i-flugmalum/akv1a209.pdf>)

Samgöngustofa vill koma eftirfarandi á framfæri:

- Mikilvægt er að farið sé að kröfum laga um loftferðir og reglugerða settum með stoð í þeim, m.a. vegna hindrana í nágrenni flugvalla, í aðflugsleiðum o.fl. Vakið er athygli á að ný heildarlög um loftferðir heita nú 80/2022 og var gefin út 28. júní 2022.
- Í gr.1.2 kemur fram að til stendur að setja upp mastur með mælitækjum í um 80 metrar hæð og vill Samgöngustofa koma á framfæri að mikilvægt sé að mastrið verður litamerkt samkvæmt 11. gr. í „Ákvörðun Samgöngustofa nr.1/2019 um lýsingu og merkingu hindrana „,
- Ef hindrun er nálægt áætlunarflugvelli innanlands eða öðrum lendingarstöðum leggur SGS áherslu á að farið sé að kröfum reglugerðar 464/2007 sem vísar til viðeigandi greina eins og við á í Viðauka 14 við stofnsamning Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- Ef hindrun er nálægt alþjóðaflugvelli leggur SGS áherslu á að við fyrirhugað skipulag sé jafnframt farið að kröfum reglugerðar nr. 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, en sú reglugerð innleiðir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014.

- Tilkynna þarf þessar hindranir til færslu inn á flugleiðsögukort áður og eftir að hindrunin hefur verið reist, með þeirri nákvæmni sem krafist er í reglugerð 772/2010, með bréfi til Samgöngustofu auk afrit á Isavia ANS.
- Tryggja ætti að hindranaljós séu einnig sýnileg með nætursjónaukum (NVG).
- Einnig vill Samgöngustofa vekja athygli að í 150. gr. laga nr. 80 um loftferðir frá árinu 2022 segir m.a.: ” Samgöngustofu er heimilt að krefjast þess að hindranir utan svæðis sem skipulagsreglur flugvallar taka yfir sem vegna hæðar eða annarra eiginleika teljast hættulegar flugumferð séu fjarlægðar eða ef við á merktar í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.”,

Nánari upplýsingar veitir undirritaður

F. h. Samgöngustofu



Atle Vivås

Hópstjóri Flugleiðsaga, flugvellir og flugvernd Samgöngustofu

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Ágústs Jónssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. janúar 2023
UST202212-036/A.Þ.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsáætlun – vindorkugarður í Klausturseli – Múlþing

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Zephyr Iceland ehf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) fyrirhugar að reisa vindorkugarð á Fljótsdalsheiði, í landi Klaustursels, í Múlþingi. Áætlað er að fyrsti áfangi framkvæmdarinnar verði á bilinu 50-300 MW vindorkugarður en gert er ráð fyrir að virkjunin verði síðar stækkuð í allt að 500 MW.

Í matsáætluninni kemur á einum stað fram að svæðið sé 3.730 ha en á öðrum að það sé 4.110 ha svo það þarf að leiðrétta það. Þá segir að um sé að ræða svæði sem afmarkar fyrirhugaðan vindorkugarð og vegagerð innan garðsins. Vindmyllurnar verða allt að 90 talsins og 200 m á hæð þegar spaði er í hæstu stöðu. Efnismagn verður á bilinu 230.000 m³ til 540.000 m³.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er um afar stóra framkvæmd að ræða sem framleiða mun mikla orku. Til samanburðar má nefna að stærsta virkjun landsins, Fljótsdalsstöð, er 690 MW en hún er eina aflstöð Landsvirkjunar sem er meira en 300 MW að uppsettu aflí.

Umhverfisstofnun ítrekar það sem fram hefur komið í öðrum umsögnum stofnunarinnar um umhverfismat vegna áforma um vindorkugarða að stofnunin telur að velja eigi færri og stærri svæði fyrir vindorkugarða, helst á núverandi orkuvinnslusvæðum, þar sem innviðir eru til flutnings raforku, vegir eru til staðar og landi hefur þegar verið raskað.

Að mati stofnunarinnar ætti einnig að líta til landsins í heild varðandi fyrirhugaða vindorkugarða, frekar en að hvert sveitarfélag fyrir sig ákveði hvar þau skuli staðsett. Líkt og fram kemur í matsáætluninni er afstaða stofnunarinnar sú að vindorka falli undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Mat á umhverfisáhrifum

Þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni og verður fjallað nánar um í umhverfismatskýrslu eru skv. matsáætluninni landslag, ásýnd, skuggaflökt, hljóðvist, jarðmyndanir, gróður, fuglar, samfélag og fornleifar.

Þeir valkostir sem skoðaðir verða snúa fyrst og fremst að uppröðun vindmylla á svæðinu og því hve stórir og margir áfangarnir verða að teknu tilliti til mismunandi aflsetningar.

Gert hefur verið frummat á því hvar vindaðstæður eru góðar og hvar líklegast henti að tengja vindorkugarð inn á flutningskerfi Landsnets. Gerð verður grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu. Umhverfisstofnun telur að fjalla ætti um annan staðsetningarkost í umhverfismati þar sem framkvæmdir valda ekki röskun á verndarsvæðum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda matsáætlun og telur að í henni séu tilgreindir þeir þættir sem helst munu hafa áhrif vegna framkvæmdarinnar. Þó telur stofnunin vert að neðangreind atriði séu höfð til hliðsjónar við gerð umhverfismatsskýrslu umfram það sem kemur fram í matsáætlun.

Landslag og ásýnd

Fyrirhugaður vindorkugarður er á Fljótsdalsheiði í um 600 m hæð yfir sjávarmáli. Á heiðinni er víðsýnt til allra átta en til suðurs sést vel til Snæfells og Vatnajökuls. Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins og vera einkennandi í landslagi.

Í matsáætlun kemur fram að unnin verði landslagsgreining fyrir svæðið sem hefur það að markmiði að varpa ljósi á helstu landslagseinkenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, meta verndargildi og viðkvæmni skilgreindra landslagsheilda og hve mikil áhrif fyrirhuguð framkvæmd geti haft á sjónræna þætti, upplifunargildi og gæði landslagshilda.

Einnig kemur fram að við mat á áhrifum sjónrænna þátta verður notast við landupplýsingakerfi þar sem sýnileiki er greindur. Miðað er við 45 km radíus frá ystu vindmyllum út frá skoskum leiðbeiningum. Framkvæmdaraðili áætlar að ráðfæra sig við staðkunnuga og hagsmunaaðila varðandi myndatökustaði.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst meta áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd en bendir á mikilvægi þess að staðið sé vel að matinu og það sé ítarlegt þar sem hér er um að ræða stærstu framkvæmd sem kynnt hefur verið varðandi vindorku á Íslandi.

Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að eitt af verndarmarkmiðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Óbyggð víðerni eru skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að staðið sé vörð um óbyggð víðerni landsins en í skýrslu sem Wildland Research Institute gerði fyrir fern samtök á Íslandi árið 2022 kemur fram að á Íslandi eru 43% af helstu ósnertu víðernum Evrópu. Þar segir einnig að það að standa vörð um og viðhalda óbyggðum víðernum sé efst á lista útfærðra markmiða Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika fyrir árið 2030. Á

er minnt á að víðernaskrá Evrópusambandsins frá 2013 sýndi að tæplega 43% af „villtustu“ víðernum Evrópu var að finna á Íslandi.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur Ísland mjög mikilvægu hlutverki að gegna í verndun óbyggðra víðerna. Stofnunin telur því að í umhverfismatsskýrslu ætti að meta sérstaklega áhrif framkvæmdarinnar á óbyggð víðerni en ekki hafa það hluta af umfjöllun um áhrif á landslag.

Votlendi

Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé að mestu mólendi og votlendi en moslendi, melar og sandlendi komi einnig fyrir. Í umhverfismatinu verður aflað nákvæmari upplýsinga um gróður svæðinu. Kortlögð verða allar jarðmyndanir og öll vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur það afar mikilvægt en á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er að finna stór votlendissvæði sem eru 20.000 m² og falla þ.a.l. undir 61. greinina um sérstaka vernd.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinganna, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á vistkerfi eða jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Mikilvægt er að í umhverfismati komi fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendi, sem er óhjákvæmileg á þessu svæði. Stofnunin telur að rökstyðja þurfi vel brýnu nauðsyn þess að þessi staðsetning sé valin þegar aðrar staðetningar eru mögulegar sem uppfylla náttúruverndarlög og valda ekki röskun á votlendi.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt.

Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum

mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Að auki bendir stofnunin á að verndun votlendis er aðgerð I.4 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum en aðgerðin felur í sér að koma í veg fyrir frekari framræslu votlendis hér á landi.

Einnig eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði stöðuvötn sem falla undir a. lið 61. gr. náttúruverndarlaganna og njóta þ.a.l. sérstakrar verndar og gildir einnig um þau ofangreind atriði.

Vinnubúðir og tæki

Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir helstu tækjum sem notuð verða við framkvæmdina, starfsmannafjölda og vinnubúðum. Mikilvægt er að fráveitumál samræmist reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Fram kemur að líklega yrði Reyðarfjarðarhöfn nýtt til að flytja inn vindmylluparta. Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir þeim framkvæmdum sem gera þarf í tengslum við vindorkugarðinn við höfnina. Eins þarf að gera grein fyrir geymslustað fyrir vindmylluparta og ef einhverjar framkvæmdir eru þarfar á flutningsleiðinni. Vindmyllur eru gríðarlega stór mannvirki og spaðana þarf t.d. líklega að flytja í heilu lagi sem veldur því að einhverjar beygjur þarf að víkka á flutningsleiðinni.

Vegir

Umhverfisstofnun bendir á að vegagerð skal það vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Í 3. mgr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.

Tengingar við flutningskerfið

Fram kemur að gerð hafi verið ítarleg skoðun á því hvernig henti fyrir vindorkugarð á þessu svæði að tengjast flutningskerfinu. Þá segir að niðurstöður hafi verið jákvæðar, enda séu öflugar háspennulínur í nágrenninu ásamt tengivirki og kerfið vel tengt stórum vatnsaflsvirkjunum. Þó gæti þurft að styrkja flutningskerfið.

Allar vindmyllur verða skv. matsáætluninni tengdar saman með jarðstrengjum sem verða plægðir niður og staðettir eins og kostur er í vegstæði til þess að lágmarka rask.

Umhverfisstofnun telur að gera skuli grein fyrir háspennulínum sem reisa verði vegna vindorkugarðsins ef í ljós kemur að jarðstrengur að næsta tengivirki henti ekki rekstrarforsendum Landsnets.

Frágangur

Fram kemur að líftími vindorkugarða sé að jafnaði 25 ár en eftir þann tíma þurfi að taka ákvörðun um áframhald orkunýtingar eða niðurrif. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um hvernig niðrifi verði háttáð. Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að gerð verði ítarleg

grein fyrir því hvernig gengið verði frá svæðinu ef til niðurrifs kemur og að í framkvæmdaleyfi verði skilyrði um frágang.

Virðingarfyllst,

Agnis Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Bt. Jóns Ágústssonar
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Dags. 12.01.2022
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2022-0240

Skipulag@skipulag.is - Jon.A.Jonsson@skipulag.is

Með erindi dags. 6. desember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands vegna matsáætlunar um allt að 500 MW vindorkugarði í Klausturseli í Múlaþingi.

Eftirfarandi er umsögn Veðurstofu Íslands:

Í framkvæmdarlýsingu væri gott að bæta við undirkafla um áhrif uppsetningar á aðra innviði, s.s. fjarskiptamöstur og veðursjárkerfi Veðurstofu Íslands, slík umræða á ekki við í kafla um 3.2 undir Veðurfar og vindur.

Sömuleiðis væri eðlilegt að náttúruvá fengi eigin kafla eða undirkafla, ekki er gott að setja hana undir Veðurfar og vindur þar sem náttúruvá kann að vera af öðru meiði. Algengasta náttúruvín á Íslandi er mikill vindhraði og vindhviður, en í þessu tilviki mögulega líka slyddu- og skýjaísing. Einnig mætti fjalla um áhrif aftakaúrkomu auk hættu á snjóflóðum, skriðum og jarðhræringum.

Í umfjöllun um veðurfarslegar aðstæður ætti að koma fram að aðrir veðurþættir en vindur kunna að hafa áhrif á uppsetningu og/eða framkvæmdina. Varðandi ísingarhættu þá mælir Landsnet ísingu á Hallormsstaðahálsi, í 573 m h.y.s. Þær mælingar og rannsóknir Landsnets kunna að koma að góðum notum við að meta ísingarhættu á framkvæmdarsvæði.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
Forstjóri Veðurstofu Íslands

Athugasemd Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Adalheidur Gudmundsdottir <allaiceland@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 05.01.2023 00:00:00
Höfundur : Adalheidur Gudmundsdottir <allaiceland@gmail.com>

Sæl og blessuð,

Ég tel að við eigum að fókúsa á aðra hluti en vindorku í landi sem mun hafa áhrif á útsýni í náttúrunni og er því á móti vindorkugarði í Klaustuseli.

--

Bestu kveðjur/Kind regards,
Adalheidur Osk Gudmundsdottir
Mobile: +354 820 8665

Athugasemd Alda Sigurbrandsdóttir

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Alda Sigurbrandsdóttir <alda777@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Alda Sigurbrandsdóttir
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 05.01.2023 00:00:00
Höfundur : Alda Sigurbrandsdóttir <alda777@gmail.com>

Heil og sæl,

Vegna áforma um allt að 500 MW vindorkugarð í Klausturseli, Múlapingi.

Þá geri ég athugasemdir, vegna eindreginna áforma þar að lútandi.

Eftir er að kynna fyrir þjóðinni hvað í því felst að skella upp vindmyllugörðum þarna í Klausturseli í Múlapingi sem og annars staðar á Íslandi.

Landsmenn allir sem einn ættu að hafa allt um það að segja!

Hvort og hvenær slík leyfi ætti að gefa út!

Slík áform sem jaðra við "landráð" að margra mati, og svo hafa ótal viðvaranir hafa borist Íslendingum t.d. frá NOREGI þar sem uppsetning vindmyllugarða er þegar orðin staðreynd!

Því mótmæli ég fyrir hönd landsins okkar Íslandi sjálfs!

ÁFORMUM YKKAR HARÐLEGA!!!

Virðingarfyllst, ég og landið mitt kæra ??

Alda Sigurbrandsdóttir

230453-2849

Hallakur 2 C

210 Garðabæ

alda777@gmail.com

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

7. jan. 2023

Sent með tölvupósti á: skipulag@skipulag.is

Klausturselsvirkjun – matsáætlun í kynningu

Undirritaður hefur kynnt sér matsáætlun fyrir hið norska vindorkufyrirtæki Zephyr sem áformar að reisa vindorkuver með allt að 500 MW raforkuframleiðslu á Fljótsdalsheiði.

Það skal áréttað hér í upphafi að undirritaður setur sig alfarið á móti þeim áformum sem fyrirtækið hefur sett fram, en vill í nokkrum atriðum þó hafa skoðun á því megininnihaldi sem matsáætlunin hefur að geyma.

Um stöðu vindorkuiðnaðarins.

Fullyrða má að Ísland er á mjög vafasamri braut almennt séð með að ætla að innleiða vindorkuver hér á landi og fyrir því eru margvísleg rök. Í fyrsta lagi er þessi iðnaður ennþá í stöðugri þróun og reynsla ekki í neinum takti við aðra þá orkukosti sem eru til staðar í landinu sbr. vatnsafl og jarðhiti sem Ísland hefur státað sig af til þessa dags. Undirritaður mótmælir þeim gríðarlega þrýstingi sem nú er verið að skapa með öllum þeim áformum sem sjá má allt í kringum landið.

Almennt um verkefnið Klausturselsvirkjun.

Hér er á ferðinni þau langstærstu vindorkuáform sem sett hefur verið á svið til þessa á Íslandi. Í ljósi þess hefði mátt ætla að vandað væri meira til verka við gerð matsáætlunar um svo gríðarlega stórt verkefni. Matsáætlunin gefur hinsvegar til kynna að skýrsluhöfundar virðast ekki hafa haldgóða þekkingu á því svæði sem um ræðir þegar kemur meðal annars að því að leggja mat á einstaka og mikilvæga verkþætti sem ættu að liggja til grundvallar og vera tilgreindir ítarlega í þessari áætlun. Svo virðist því að kapphlaupið um vindorkusvæðin sé orðin slíkur og hraðinn að hvorki vindorkufyrirtækin eða verkfræðistofan í þessu tilviki Mannvit virðast líta svo á miðað við fljótaskriftina á efninu að álykta megi að það sé verið að marka sér stöðu á þeim tímavarki nú þegar starfshópur um vindorku er í þann mund að vara að leggja fyrir alþingi frumvarpsdrög til umfjöllunar þingsins um lög og reglur varðandi þennan iðnað.

Umhverfi og náttúra.

Það þarf ekki að grafa djúpt í skýrslur og fjölmiðlaumfjallanir erlendis frá til að sjá hversu miklar og neikvæðar afleiðingar mörg af þeim vindorkuverum sem hafa verið reist hafa skapað. Meira að segja íbúar á svæðum sem sitja undir mjög alvarlegum orkuskorti mótmæla í mörgum tilvikum návist vindorkumannvirkja. Það að bera saman áhrif vindorku á Íslandi miðað við þau lönd sem talsmenn vindorkuiðnaðarins hér á landi hafa haft til hliðsjónar er auðvitað með öllu fjarstæðukenndur samanburður. Það að leggja í söluferðir með flugfarma af landeignum og sveitarstjórnarfólki frá Íslandi til Danmerkur og Spánar til að bera saman vindorkumannvirki þar í huganum við Ísland er auðvitað ekki boðleg aðferð í áróðursstríði vindorkuiðnaðarins. Með fullri virðingu fyrir röskuðum flatneskjum í Danmörku og sandauðnum og hólum á Spáni er það hreinn blekkingarleikur að bjóða upp á gjörsamlega ósambærileg svæði þegar ætti á hinn veginn að vera

að upplýsa og bera saman á hlutlausan hátt. Ósnortin náttúra og landslagsheildir Íslands eru einfaldlega eins og svart og hvítt í þessum fráleita samanburði milli þessara landa. Fljótsdalsheiði er hefur að geyma verðmætt vistkerfi, hvorutveggja plöntur lífríkt vatnasvið og villta dýrastofna eins og hreindýr sem að skýrsluhöfundum virðast ekki kunnugt um að sé til staðar á Fljótsdalsheiði. Eðli máls er grundvallaratriði að hreindýr sem þola illa vindorkuver séu sjálfstæður matsþáttur og gera þarf því kröfur um miklar rannsóknir í því sambandi ef Zephyr er alvara með þessum annars fráleitu áformum. Þá er Fljótsdalsheiðin eins og aðrar heiðar með þekktum farleiðum og búsvæðum fuglategunda sem við berum ábyrgð á. Neikvæð áhrif vindorkuvera á fuglalíf er þekktara en orð þyrfti að hafa á hér en meðal fuglategunda þarna á svæðinu stafar heiðagæs, fálkum, smyrlum, himbrima og síðast en ekki síst rjúpastofni veruleg hætta af. Fálkaóðl eru þekkt í nágrenni við áformað vindorkuver og vistgerðir þar eru til þess fallnar að laða þar að rjúpu og eðli máls eru rjúpur órjúfanlegur hluti af fæðu fálka þannig að það má hverjum ljóst vera að fálkar munu leita inn á þetta svæði með fyrirséðum afleiðingum og dauða þegar þeir verða slegnir niður af vindorkuspöðum.

Ásýndaráhrif og þegar röskuð svæði með ásýndarmengun - Ferðapjónusta.

Sé litið til staðsetningar og ásýndarkorts er fullkomlega fjarstæðukennt að þessi staðsetning geti komið til greina. Má heita að vindorkuverið muni sjást um stóran hluta af héraði og þá allra helst þegar komið er inn á hálendið inn af Fljótsdal, Hraunasvæðið svokallaða nærfellt því allt svo og frá Þjóðgarði Vatnajökuls í kringum og upp á Snæfelli, sem vekur þó athygli að er ekki einu sinni merkt inn á svæðið. Furðu sætir að Þjóðgarður sem liggur nánast að fyrirhuguðu stóriðnaðarsvæði skuli ekki einu sinni ávarpaður tilhlýðilega í matsáætluninni svona rétt eins og að hann skipti engu máli fyrir svæðið. En ofan á annað þá hefur svæðinu inn af fyrirhuguðu vindorkuverssvæði eins og vitað er nú þegar verið raskað stórkostlega en Kárahnjúkavirkjun með Hálslóni auk Hraunaveitna sunnan Snæfells ætti flestum að vera ljóst að hefur þegar haft gríðarlega neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem kjósa að líta ósnortin víðerni. Ef þessi hluti Fljótsdalsheiðar sem Klausturselsvirkjun er ætlað að rísa yrði tekin undir þann iðnað má með alhæfa að hálendi Austurlands mun verða fyrir fullnaðartjóni vegna mannlegra mistaka. Ásýndin ein og sér er og verður öllum þyrnir í augum sem fara munu um svæðið og hvað þá ferðamönnum sem verið er að gera út á með innspýtingu mikilla fjármuna við uppbyggingu innviða eins og við Stuðlagil sem er einn allra vinsælasti áningastaður á öllu Austurlandi. Þá gerir Óbyggðasetrið í Fljótsdal út á upplifunarferðamennsku, þar sem hálendi og heiðarlönd eru undir, vindorkuver á Fljótsdalsheiði mun vega alvarlega að þeirri metnaðarfullu uppbyggingu sem átt hefur sér stað þar. Sífellt meiri eftirspurn er að eiga sér stað og sá hópur ferðamanna sem vilja upplifa sem minnst snortna náttúru án manngerðs umhverfis fer ört stækkandi. Vindorkuver á nútímamælikvarða risavaxinna turna og spaða í 200 m + hæð mun gera samfelldustu víðerni evrópu á Íslandi að engu. Gera má því ráð fyrir að einvörðungu út af ásýndaráhrifum, hjóðmengun og blikkljósum muni viðkomandi framkvæmd hafa stóralvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir ferðapjónustu og aðra hagsmunaaðila á svæðinu og koma til með að valda þeim óbætanlegu fjárhagstjóri fyrir utan allt það tilfinningatjón sem slíkar framkvæmdir hafa í för með sér á lítt spilltum svæðum. Almennt má því reikna með því að ferðapjónusta á Austurlandi bíði almennt mikinn hnekki ef af framkvæmdum yrði og ímynd svæðisins myndi falla um marga flokka og var nú þó mörgum nóg boðið með framkvæmdum við stærstu vatnsaflsvirkjun í evrópu þarna ekki svo fjarri.

Landspjöll - CO2 losun og líffræðileg fjölbreytni.

Sé horft til áformaðrar stærðar verkefnisins þá liggur fyrir að jarðvegsrask og skemmdir á heiðarlendum Fljósdals verða fullkomlega óafturkræfar. Heiðarlendurnar verða ristar sundur þvers

og kruss um þetta lífríka svæði með vegalagningu yfir mýrar og vatnasvið sem stöðvar alla náttúrulega framrás sem verður rofin innan þessa svæðis. Slík framkvæmd á heiðarlendum er gróf aðför og alvarleg gagnvart líffræðilegri fjölbreytni ekki síst sé til nýafstaðinnar ráðstefnu og niðurstöðu COP 15 frá því í desember síðastliðnum. Þar var einmitt ákall til þjóða heims að stöðva framvindu þess að brjóta lítt eða ósnortið land. Segja má að varla er hægt að ganga jafn gróflega gegn niðurstöðu COP 15 eins og að leggja heiðarlönd Íslands undir óafturkræft jarðrask vegna vindorkuvera.

Við slíkar matsáætlanir ætti eðli máls ekki að þurfa að áréttu skyldur þeirra sem skreyta sig nú um stundir allra helst með grænum loftslagsstimplum að þeir hinir sömu sjái sóma sinni að fá hlutlausu aðila til að reikna út heildarumfang CO2 losunar allt frá fyrsta framleiðsluferli, flutninga og til framkvæmda á staðnum. Það blandanst engum hugur að við slíkar framkvæmdir fara fram gríðarlegir efnisflutningar vegna, vegalagningar, undirstöðuefnis fyrir vindorkuverin sjálf, vegna strenglagna og jafnvel tengivirkja eins og gefið er í skyn að komi til í áætlun.

Spyrja má hvernig sjá framkvæmdaðilar, sveitarfélög, stjórnvöld í landinu ásamt skipulagsstofnun í alvöru fyrir sér að svar Íslands við þessu ákalli sem sjá má hér undir sé að ráðast einmitt að þeim svæðum sem eru sérstaklega ákölluð á þessari heimsráðstefnu sem er flokkuð á pari við COP í loftslagsmálunum.

Yfirlýsing Achim Steiner af COP 15 í Montreal 19. Des 2022.

"Líffræðilegur fjölbreytileiki er samtengdur, samtvinnuður og óskiptanlegur við mannlíf á jörðinni. Samfélög okkar og hagkerfi okkar eru háð heilbrigðum og virkum vistkerfum. Það verður engin sjálfbær þróun án líffræðilegs fjölbreytileika. Það getur ekki verið stöðugt eða heilbrigt loftslag án líffræðilegs fjölbreytileika.

Ein hættulegasta blekkingin er sú að þegar fólk telur sig hafa val um hvort við varðveitum náttúruna eða ekki, því sannleikurinn er sá að við gerum það ekki. Samkomulagið í dag er söguleg stund í viðurkenningu á þessum sannleika og augnablik sem, ef svarað er með aðgerðum eins og samið hefur verið um, gæti markað stefnuna fyrir blómlega framtíð á heilbrigðri plánetu sem skilur engan eftir."

Achim Steiner, framkvæmdastjóri þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna COP 15 7 - 19. des. 2022.

Spyrja má aftur: Eru sem sagt okkar viðkvæmustu svæði, vistgerðir og sundurgrafinn heiðarlönd Íslands sem nærtækustu aðgerðir sem hægt er að ráðast í þegar litið er til þessa ákalls vegna ört vaxandi hnignunar jarðar og útrýmingu tegunda. ??

Afhendingaröryggi raforku og tengd mál

Það verður að heita mjög sérstakt þegar fyrirtækið mælir staðsetningu áformaðrar Klausturselsvirkjunar bót með því að vitna til þess að nálægar séu stórar vatnsaflsvirkjnar til að sækja rafmagn þegar vindur blæs ekki nóg til að knýja túrbúnurnar. Það er almennt gríðarlega umhugsunarvert hvernig erlend vindorkufyrirtæki sem eru að setja gríðarleg áform á laggirnar hér á Íslandi telja sig geta gengið að grunninnviðum raforku í sameiginlegri eigu landsmanna sbr. sem verður ekki annað lesið úr en hér en að Zephyr ætli sér að eiga viðskipti við Landsvirkjun um jafnvægisorku sem er grundvöllur þess að fyrirtækið geti talist hæft til að selja inn á almenna raforkukerfið. Þá ber svo við að Landsvirkjun býr ekki yfir aukaorku til að deila með erlendu vindorkufyrirtæki enda væri slíkt hrein arðrán á auðlindum landsmanna.

Hingað til hefur Kárahnjúkavirkjun að því best er vitað átt fullt í fangi með að fóðra Álver Alcoa á Reyðarfirði og því óskiljanlegt ef Zephyr telur að þeir geti gengið í varaafli frá Landsvirkjun sem hefur langt í frá stöðu til að afhenda slíkt afl sem Zephyr þyrfti þegar slökknar á 500 MW framleiðslu í áformuðu vindorkuveri þeirra.

Pennan þátt máls þarf Zephyr að skýra með sérstökum hætti og að sama skapi skýra nánar mjög óskýr áform um nýtingu orkunnar, lagnaleiðir og svo þá ekki síst hverjum ætla þeir að bera kostnað af þegar í matsáætlun er skírskotun til þess að það þurfi mögulega að styrkja flutningskerfið sem nú þegar hefur nýverið uppfært sem er Kröflulína 3. Telur Zephyr sig geta sagt Landsneti fyrir verkum í þessum efnum og sent svo almenningi reikninginn. Allt þetta lítur að sama markinu að brjóta upp íslenskt raforkukerfi sem er líkast til það stöðugasta sem til er hér á jörð.

Það verður að teljast langsótt af hverju Íslendingar vilja draga þessa iðnaðarstarfsemi raforku inn á landið í ljósi þess að einmitt vindorkan hefur stórskaðað raforkukerfi evrópu vegna einmitt ójafnvægis í framleiðslu og einmitt þess vegna er stærsta áskorun raforkukerfis evrópu að finna út hvernig á að þróa aflagjafa sem getur mætt sveiflum á raforkuframleiðslu, sveiflu sem leikur svo markaðinn í heild sinni grátt og þá ekki síst íbúa þeirra landa sem verða fyrir ásamt smærri og meðalstórum fyrirtækjum sem eru að leggja þar upp laupana. Upplýsingaóreiðan og grænþvotturinn um að vindorkan sé orðin allt að því samkeppnishæf við vatnsafl og jarðvarma hér á landi er því gjörsamlega fráleit staðhæfing sem vindorkuiðnaðurinn sjálfur hefur uppi.

Um mengunarpætti.

Margt og mikið hefur verið ritað um ýmsa mengun frá vindorkuverum og ber mikið á milli meðal erlendra sérfræðinga ýmissa og fulltrúa vindorkunnar. Þá vill svo til að vindorkuiðnaðurinn rannsakar sig sjálfur og gefur ekki upp hvaða aðferðir hann notar t.d. við útreikninga á örplastmengun og ýmsar afleiðingar af því sbr. BPA mengun sem er þekkt skaðvænlegt eiturefni sem spaðarnir innihalda. Það er því með miklum ólíkindum að orkuþjóðin Ísland sem er ekki á vonarvöl orkuleysis eins og margar þjóðir evrópu og svo meðal vanþróaðra ríkja að hér á landi skuli í alvöru taka það í mál að ógna náttúru landsins með þeim hætti sem nú virðist stefnt að. Meðan haldbærar rannsóknir liggja ekki fyrir þá er útilokað að taka vitrænar ákvarðanir – náttúran og samfélagið á því að njóta vafans og því á með öllu að hafna þessum vindorkuiðnaði hér á landi eins og hann leggur sig, til vara að Landsvirkjun megi fá undanþágu til að gera tilraunir með vindorku á mjög afmörkuðum svæðum við illa röskuð svæði m.a. við virkjanir ellegar við stóriðjuver. Hér til vitnis um hvað mengunarpættan er raunverulega mikil – hvaða þjóð sem þarf ekki á að halda vill ana út í aðgerðir gegn náttúru sinni og samfélagi meðan svo stórum spurningum er ósvarað sem hér kemur fram með staðfestum hætti. Ekki einu sinni Umhverfisstofnun Noregs getur svarað til eða staðfest eitt eða neitt þegar kemur að því að ræða staðreyndir um margvíslega mengun frá vindorkuiðnaðinum. Það kann þó að skýrast að hluta af þeirri staðreynd að t.d. magn örplastmengunar er gríðarlega háð staðhættum sbr. veðurfari.

https://energiognaturno.translate.google.com/forurensning-fra-vindkraft/?x_tr_sl=no&x_tr_tl=is&x_tr_hl=en&x_tr_pto=wapp&fbclid=IwAR01rDOOkogsVza8_MVzkvyfEQPIm7EpOLkYikT-h3dwSGHyNKF3iXGuRQc

Ef litið er til veðurfars á Íslandi þá með tilliti til vindorku þá hefur grænþvottur iðnaðarins þar haldið því fram að Ísland sé ákjósanlegur kostur með tilliti til m.a. að hér sé meira rok en víðast hvar. Þá gleymist að halda til haga að vindorkan þolir illa mikil veðrabrigði og hún þarf alls ekki á roki að halda því ákjósanlegustu aðstæður eru 8 – 10 jafnvindur. Vindorka framleiðir ekki meira rafmagn umfram 12 m á sek og hún framleiðir yfir höfuð ekki neitt undir 5 m vindhraða á sek.

Orkuskipti með grænþvotti

Ef litið er til þeirra áforma sem uppi eru á landinu í dag varðandi vindorkuver þá liggur fyrir að réttlæting vindorkuiðnaðarins gagnvart almenningi og stjórnvöldum er að þeir ætli að vera bjargvættir í innlendum orkuskiptum. Þegar að er hinsvegar gáð liggur fyrir að allur meginþungi áformaðrar raforkuframléiðslu vindorkuveranna til útflutnings á rafeldsneyti sem er þó ekki einu sinni búíð að þróa til brúks, hvorki á skip eða flugvélar. Gagnaver og rafmyntagröfur kemur svo í öðru sæti sem gengur sömuleiðis gegn öllum yfirlýsingum stjórnvalda um innlend orkuskipti. Hér er því á ferðinni iðnaður sem hyggur eingöngu á gengdarlausa orkusóun í stað þess að koma sjálfbærum verkefnum á koppinn með hugviti sem gagnast getur heimsbyggðinni.

Á þessum grunni á því eðli máls að hafna öllum þeim áformum erlendra orkufyrirtækja sem eru að sækja hér um svæði upp um holt og heiðar í þeirri von að sæstrengur verði lagður og eða í nánustu framtíðinni muni þeim mögulega gefast kostur á útflutningi á rafeldsneyti í einhverri mynd. Hér er því hreinlega verið að hamsta lendur inn í framtíðina og setja af stað spilavíti á kostnað íslenskrar náttúru, samfélag og efnahags þjóðarinnar. Fókusinn er allur á sérhagsmuni á kostnað almannaheilla.

Að lokum

Undirritaður mótmælir því harðlega þeim stórtæku áformum sem uppi eru á Fljótsdalsheiði með Klausturselsvirkjun og hið sama á við um önnur vindorkuáform í landinu.

Ísland á annað og betra skilið en að verða rænd auðlind sinni á grunni yfirgangs orkumafíu sem nú gengur laus, stillandi ríkjum heims og stjórnvöldum á öllum sviðum upp við vegg með grænþvottinn einan að vopni. Í þessu orkustríði sem hagsmunaoöfl vindorkugeirans hafa sett af stað í stóru myndinni er engin greinarmunur gerður á núverandi stöðu orkuauðlinda hér á Íslandi og erlendis. Það að fórna þeirri stöðu sem þó er hér til staðar á Íslandi er ekkert annað en gróf aðför að auðlindum í eigu þjóðar, engin „Orkupakki“ getur afsalað auðlindum í eigu þjóðar sem eru varin í stjórnarskrá.

Fyrirséð er ef hinum erlendu vindorkufyrirtækjum verður gefin laus taumurinn hér á landi þá munu verða fjöldamótmæli um allt land og þau munu verða harðari en nokkur dæmi eru fyrir og langtum harðari en þau mótmæli sem voru í aðdragenda Kárahnjúkavirkjunar, þar sem land liggur nú gjörspillt steinsnar frá fyrirhuguðu innrásarsvæði Zephyr á lítt snortnum lendum og umhverfi Fljótsdalsheiðar. Það er þjóðaröryggismál að viðhalda orkusjálfstæði Íslands og því skal á öllum stigum hafna þeirri atögu og tilburðum til innrásar sem nú er verið að leggja upp með áformum með vindorkuverum allt í kringum landið.

Virðingarfyllst
Andrés Skúlason

Athugasemd Angelika Liebermeister

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Angelika Liebermeister <angelikaliebermeister@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Angelika Liebermeister
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 07.01.2023 00:00:00
Höfundur : Angelika Liebermeister <angelikaliebermeister@gmail.com>

Til

Skipulagsstofnunar vegna matsáætlunar um vindorkuver í Klausturseli, Múlþingi.

Tilhugsun um vindorkuver á Klausturselsheiði eins og á öðrum stöðum hér á Íslandi finnst mér personulega hræðilegt. Ég er upprunalega frá Þýskalandi og hef séð það þar víða hvað vindmyllur hafa breytt ásýnd heilla svæða.

Það mun líka gerast með vindmyllunum á Klausturseli- þær mun sjást víða og breyta landslagi og upplifun.

Ég er að vinna í ferðaþjónustu og ég hef heyrt það svo oft hvað útlendingum finnst það sérstakt og stórkostlegt að geta horft í kringum sig og bara séð náttúru víða í kring- sem er orðin mjög sjáðgæf upplifun í mörgum öðrum löndum.

Vindmyllur myndu trufla og breyta þessari upplifun hér til muna og geta haft mjög neikvæð áhrif á ferðaþjónustu.

Auk þess eru margir aðrar neikvæðar hliðar

-Óumdeilanlegt er að vindorkuver menga umhverfi sitt. Örplast veðrast úr vængjum þeirra.

-þær fæla dýr frá sér – sem mun hafa mikil áhrif á sauðfé, fugla og hreindýr

-framkvændir sem þarf til að geta byggt upp vindmyllugarð eru griðarlegar. Það þarf t.d. allt annað vegakerfi og það mun breyta karakter unhverfisins mjög mikið.

Ekki hefur verið tekist á um þetta á þinginu og vona ég mikið að ekkert verði ákveðið fyrr en niðurstaða er komin og þetta bundið í lög.

Mér finnst það hræðilegt tilhugsun að láta skemma landsvæði á Íslandi fyrir útlensk stórfyrirtæki.

Með von um skynsemi ofar öllu.

Angelika Liebermeister

Geirastöðum 2, 701 Egilsstaðir

Kt. 270671-2179

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Vegna: Matsáætlunar Klausturselsvirkjunar

Við undirrituð viljum koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri vegna matsáætlunar Klausturselsvirkjunar.

1. Almennar athugasemdir

Engin lög eru til um vindorku hérlandis. Þess vegna vekur furðu að farið af stað með skipulag vindorkuvers áður en slík lög liggja fyrir. Mætti ætla að í þeim yrði meðal annars tekið á þeim umhverfisþáttum sem þarf að meta við slíkar framkvæmdir.

Núverandi umgjörð matsáætlunar miðast við raforkuver sem föst fyrir á einum stað eða með hreyflum í vatni. Laga þyrfti umhverfismatsferlið að orkuverum sem eru stöðugt á hreyfingu hátt yfir jörðu á dreifðu svæði á borð við vindmyllur. Rannsóknir með einu eða tveimur 80 metra háum möstrum geta vart talist fullnægjandi þegar vindmyllurnar sjálfar verða í 200-250 metra hæð í stöðugri baráttu við þá krafta sem þar eru að verki.

2. Áhrif á veðurfar í nánasta umhverfi

Þegar vindur lendir á spöðum vindmyllu stöðvast hann og í kjölfarið hægist á honum. Um leið hrærir vindmylla upp í loftinu þannig að hlýtt loft leita niður á við (wake-effect). Þetta getur leitt til breytinga á veðurfari og þar með væntanlega vistkerfi í næsta nágrenni við vindorkuver. Má þar nefna hlýnun yfirborðs og aukna vatnsuppgufun. Rannsóknir í þessa veru hafa verið gerðar í annars konar loftslagi en hér á Íslandi. Undirrituð telja að við umhverfismatið verði þessi áhrif og afleiðingar þeirra á þætti eins og hitastig, úrkomu og vistkerfi metin.

Sjá nánar:

Zhou, L., Tian, Y., Baidya Roy, S. et al. Impacts of wind farms on land surface temperature. Nature Climate Change 2, 539–543 (2012). <https://doi.org/10.1038/nclimate1505>.

Lee M. Miller, David W. Keith: Climatic Impacts of Wind Power

Christine L. Archer et al.: The VERTEX field campaign: observations of near-ground effects of wind turbine wakes⁹

Þýska þingið, Lokale mikroklimatische Effekte durch Windkraftträder (2020)

<https://www.bundestag.de/resource/blob/819218/a668b4852a5af0f8bd065ac999ee0d05/WD-8-083-20-pdf-data.pdf>

3. Örplasmengun

Við teljum að í við mat á umhverfisáhrifum þurfi að grandskoða áhrif íslensks veðurfars á borð við ísingu og hvassviðris á þá hluti vindmyllanna sem eru á stöðugri hreyfingu. Einkum með tillit til þess að hvort örplast eða efni á borð við bisphenól A losni við það út í nærliggjandi umhverfi eða vatnskerfi.

4. Áhrif á önnur dýr

Í matsáætluninni er ekki fjallað um rannsóknir á áhrifum vindorkuversins á önnur dýr en fugla. Það vekur mikla furðu þar sem á Fljótsdalsheiði hefur löngum verið eitt helsta búsetusvæði hreindýra hérlandis. Hreindýrin hafa bæði efnahagslega og ímyndarlega þýðingu fyrir samfélagið á Austurlandi. Nýverið höfðu Samar í Noregi betur í dómsmáli þar en þeir töldu brotið á rétti sínum við byggingu vindorkuvers þar og bentu á að vindmyllurnar hefðu truflandi áhrif á hreindýraræktun þeirra. Sænskar rannsóknir benda til þess að bæði framkvæmdir við vindorkuver sem og vindmyllur í rekstri fæli hreindýr í burtu. Sænsku rannsóknirnar benda meðal annars til þess að það eitt að sjá vindmyllurnar fæli hreindýrin. Miðað við hversu víða af austfirsku hálendinu vindmyllurnar munu sjást er hætta á að Klausturselsvirkjun hafi áhrif á hreindýr mun víðar á Austurlandi. Í þessu samhengi er vert að velta því upp hvort ekki sé rétt að meta sjónræn áhrif virkjunarinnar á mun stærra svæði en þeim 50 km radíus er ráð er fyrir gert í matsáætluninni. Ennfremur vantar umfjöllun um áhrif á aðrar villtar tegundir, svo sem refi eða sauðfé sem gengur um heiðalöndin á sumrin.

Sjá nánar:

<https://www.slu.se/en/faculties/vh/research/avslutade-forskningsprojekt/ren/wind-power-in-operation-and-impacts-on-reindeer-and-reindeer-herding/>

<https://www.reuters.com/world/europe/norway-legal-quandary-after-wind-turbines-ruled-threat-reindeer-herder-rights-2021-11-02/>

5. Losun SF6 og óhöpp

Samkvæmt Kyoto-sáttmálanum er SF6, súlfúrhexaflóríð, sú lofttegund sem hraðast getur aukið gróðurhúsaáhrif. Áætlað er að losun eins tonns af SF6 út í andrúmsloftið jafngildi losun 23.500 tonna af koltvísýrings. SF6 hefur talsvert verið notað í vindmyllur. Við teljum rétt að við mat á Klausturselsvirkjun sé gerð grein fyrir þeirri tækni sem þar verður notuð, hvaða áhættu hún felur í sér og viðbrögð ef óhapp verður þar sem hætta verður á losun lofttegunda á borð við SF6 út í andrúmsloftið. Verður þar að benda á að vindorkuverið er fjarri almannaleið á svæði sem erfitt getur verið að komast að á veturna ef óhöpp verða.

Sjá nánar:

The increasing atmospheric burden of the greenhouse gas sulfur hexafluoride (SF6) Peter G. Simmonds, Matthew Rigby, et al., 23 June 2020 <https://doi.org/10.5194/acp-20-7271-2020> Atmos. Chem. Phys., 20, 7271–7290, 2020 7286 P. G. Simmonds et al.:

6. Viðbrögð við óhöppum

Bilanir í vindmyllum, á borð við eldsvoða, eru vel þekktar. Við teljum að við mat á umhverfisáhrifum Klausturselsvirkjunar þurfi að gera grein fyrir hvers konar óhöpp geti orðið á bæði framkvæmdatíma og rekstrartíma, hvaða hætta skapist fyrir umhverfi og samfélag og hvernig hægt sé að takast á við þau. Er þar vert að nefna að áformað er að reisa vindorkuverið utan alfaraleiðar, upp á hálendi Íslands þar sem veður verða válynd og erfitt getur verið að komast að á vissum árstíum. Benda má á áhættu af þáttum eins og brotnum spöðum, eldsvoðum, mengum frá olíu eða öðrum vökvum, losunar SF6 og annars slíks.

7. Áhrif á grunnvatn

Bygging vindorkuvera getur truflað flæði grunnvatns í jarðvegi sem og leitt til mengunar, til dæmis ef olía lekur út við annað hvort byggingu eða rekstur. Við teljum að við umhverfismat þurfi að grandskoða áhrif sérhverrar vindmyllu á vatnafar á svæðinu.

Sjá nánar: <https://niopa.qub.ac.uk/bitstream/NIOPA/7351/1/Wind%20farms%20and%20groundwater%20impacts.pdf>

8. Áhrif á samfélag

Athygli vekur að framkvæmdaaðili telji ekki þörf á sérstakri úttekt á samfélagslegum áhrifum Klausturselsvirkjunar. Það kemur kannski ekki á óvart því framkvæmdaaðili hefur til þessa ekki gert miklar tilraunir til þess að nálgast nærsamfélagið með áform sín. Til dæmis hefur ekki verið boðað til íbúafunda þar sem áformin hafa verið tilkynnt. Ljóst má þó vera miðað við almenna umræðu í samfélaginu að áformin mæta töluverði andstöðu, meðal annars vegna væntra neikvæðra áhrifa á aðra starfsemi svo sem ferðaþjónustu eða lífsgæði í nágrenninu. Skipulagsstofnun hefur áður bent á að samfélagsáhrif framkvæmda geti orðið töluvert neikvæð ef ekki er um þau samstaða.

Undirrituð telja að ráðast þurfi í faglegar úttektir á væntum samfélagsáhrifum, svo sem með íbúafundum þar sem aðrir hafa framsögu um áhrif vindorkuvera heldur en framkvæmdaaðili eða tengdir aðilar og eftir slíka upplýsta umræðu verði gerð skoðanakönnun meðal íbúa um álit þeirra á Klausturselsvirkjun.

Virðingarfyllt,

Ann-Marie Schlutz kt. 060883-3279

Guðrún Schmidt kt. 010272-2469

Árni Friðriksson kt. 0511723379

Melanie Hallbach kt. 050981-2669

Lilja Kjérúlf kt. 110871-5039

Jónas Bragi Hallgrímsson kt.160597-3999

Anna Bryndís Tryggvadóttir Kt. 090861-4099

Auðyr Ýr Jónsdóttir kt. 1907913009

Hallgrímur Þórhallsson kt. 080260-4669

Allt að 500MW vindorkugarður í Klausturseli, Múlaþingi Athugasemdir við matsáætlun 7. janúar 2023

Ég vil skora á sveitarstjórn Múlaþings og Skipulagsstofnun að hafna áformum *Zephyr Iceland ehf* um framkvæmdarleyfi til að setja upp allt að 500MW vindorkuver í Klausturseli í Múlaþingi.

Sérhagsmunir fárra einkaaðila á kostnað, víðáttunnar, samfélagsins, dýralífsins. Framtíðarmöguleikar eru skertir verulega fyrir uppbyggingu, sérstaklega í útvist og ferðamennsku.

Í matsáætluninni er lítið gert úr hugsanlegri mengun. Vindmylluspaðarnir eru gerðir úr plasti og trefjagleri. Líftími þeirra getur verið frá nokkrum árum til ca tuttugu ára við bestu aðstæður, á þeim tíma dreifist ógrynni af örplasti og trefjum út í umhverfið. Samkvæmt óháðri rannsókn sem gerð var við háskólann í Strathclyde í Skotlandi, losar 4,2 MW vindmylla **62 kg af örplasti (trefjagler og epoxy) út í náttúruna á ári**. Þessi mengun safnast upp í náttúrunni og spillir vatnsbólum og bithögum fyrir hreindýrum og öðrum lífverum á svæðinu. Ekki kemur fram í matsáætluninni hvernig meta eigi þessi áhrif. Hér verður fólk, náttúra og dýralíf að njóta vafans. Vindorkufyrirtækin hafa komist upp með að gefa upp fáránlega lágar tölur um losun á örplasti. Hvernig verður staðið að eftirliti og rannsóknum með þessu?

Í Florø í Noregi er sveitarfélagið í stríði við Zephyr vegna mengunnar í vatnsbóli. Fyrirtækið hafnar allri ábyrgð því ekki hafi verið samið um fyrirfram að það ætti að greiða fyrir ef vatnsból menguðust. Sveitarfélagið er að byggja nýtt vatnsból á staðnum sem mun kosta það um 60 milljónir (ca 850 milljónir íslenskar norskra króna. Hver ber ábyrgð á mengunarmælingum, hversu víðtækar eru þær og hvernig er tryggt að Zephyr muni axla sína ábyrgð?

Vindmylluspöðum er skipt út reglulega þar sem þeir eyðast upp vegna óbilgjarns veðurfars (örplastsmengun), hita, kulda, raka og bleytu, seltu og auðvitað vinds. Spaðarnir eru ekki endurunnir nema að sáralitlu leyti en eru þess í stað urðaðir og safnast því upp í náttúrunni. Hver ber ábyrgð á förgun spaðanna og hvernig er

staðið að henni? Fram verður að koma í matsáætluninni hvernig þessum málum er háttað.

Þegar vindorkuverin hafa lokið sínum líftíma þarf að taka þau niður og farga. Það kemur ekkert fram um það hvernig er fyrirhugað að standa að því. Hver ber ábyrgð og kostnað af því? Er tryggt fjármagn til þess? Reynslan frá Danmörku til dæmis hefur sýnt að þegar vinorkuver lýkur líftíma sínum er því ekki fargað heldur stendur árum saman uppi.

Heimkynni íslenska hreindýrastofnsins eru á svæðinu. Það er viðbúið að hann muni verða fyrir gríðarmiklum neikvæðum áhrifum af vindorkuverunum. Hæstiréttur Noregs hefur staðfest að hreindýrum stafi ógn af vindorkuverum og afturkallað uppbyggingu vindorkuvera í Storheia og Roan vegna þeirrar ógnar sem hreindýrahjörðum svæðisins stafar af vindorkuverunum. Íslenska hreindýrastofninum stafar alveg jafn mikil ógn af þessari uppbyggingu.

Það er margt annað við þessar framkvæmdir að athuga. Til dæmis er hæð yfir sjávarmáli mjög mikil. Í Antadblaheia þar sem vindorkuverin eru hátt yfir sjávarmáli hafa komið upp allskyns vandmál. Íhlutir hafa losnað og brotnað af og ógnað öryggi fólks og skepna. Því hærra yfir sjávarmál sem farið er, því öfgakenndara er veðrið. Æskilegur vindhraði fyrir vindorkuver er 8-15m á sekúndu. Í þessari hæð verða veðuröfgarnar miklar, mikill vindur, mikið frost, mikið álag á öllu búnaði og meiri hættu á mengun og tjóni.

Okkar kynslóð hefur gengið freklega á víðáttur landsins undanfarna áratugi. Það er skylda okkar að vernda landið fyrir komandi kynslóðir og ekki ofnýta það. Stöndum með náttúrunni.

Arnfinnur Jónasson

Athugasemd Auður Svanhvít Sigurðardóttir

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Auður Sigurðardóttir <audursig@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Auður Svanhvít Sigurðardóttir
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 10.01.2023 00:00:00
Höfundur : Auður Sigurðardóttir <audursig@gmail.com>

Til Skipulagsstofnunar vegna matsáætlunar um vindorkuver í Klausturseli, Múlaþingi.

Almennt

Varðandi vinnulag við matsáætlunina sjálfa er það að segja að hún er illa unnin, upplýsingar í henni litlar og loðnar. Það er því vart annað hægt að segja en hún sé í heild sinni óhæf eins og hún er lögð fram.

Þó má finna einstakar upplýsingar í áætluninni. Þar er talað um 500MW framleiðslugetu og að vindtúrbínur hennar geti orðið allt að 90.

Vindtúrbínur

Fyrirhuguð stærð vindorkuversins er mjög á reiki. Samkvæmt reynslu frá nálægum löndum s.s. Noregi, Svíþjóð, Írlandi, Skotlandi og Shetlandseyjum hefur raunin verið sú að endanlega stærð er yfirleitt mun meiri en látið er í veðri vaka í þeim áætlunum sem birtar eru í upphafi undirbúningsferils framkvæmda.

Miðað við 500MW framleiðslugetu og 90 vindtúrbínur þarf framleiðslugeta hvernar túrbínu að vera a.m.k. 5,6MW. Ef einhverjar eru minni þurfa aðrar því að vera stærri. Í áætluninni er gert ráð fyrir að stærð hvernar túrbínu verði 5 til 7MW. Þegar farið er inn á heimasíður vindtúrbínu framleiðenda kemur hins vegar í ljós að 5MW vindtúrbína getur lægst orðið um 200 metrar á hæð, miðað við spaða í hæstu stöðu, en allt að 241 metri. 7MW vindtúrbínur eru heldur hærri, eða kringum 260 metrar, miðað við spaða í hæstu stöðu.

Þarna er mikill munur á og ljóst að verið er að draga eins mikið úr stærðum og hægt er. a.m.k. stemmir þessi útreikningur engan veginn við fyrirliggjandi staðreyndir. Reyndar er opnað á það í áætluninni að túrbínurnar geti orðið enn hærri, án þess þó að nefna hversu háar. Slík vinnubrögð eru alþekkt.

Ef mat á sýnileika þessa orkuvers er reiknað út frá 200 metra háum vindtúrbínum, er ljóst að sá útreikningur er rangur, þó geigvænlegur sé, sér í lagi þegar haldið er opnu að þær geti orðið nánast óendanlega háar. En benda má á að vindorkuver eru farin að nálgast 300 metra hæð í nágrennalöndum Íslands.

Landnotkun.

Gert er ráð fyrir í matsáætluninni að svæðið undir þetta orkuver verði 4.110 ha. Þarna er líklega um töluverðan vanreikning að ræða, þar sem áhrif á vind og tilurð vindstrengja sem þær valda, kallar á töluverða fjarlægð hver við aðra. Fjarlægð milli vindorkuvera af þeirri stærð sem þarna um ræðir þarf að vera a.m.k. einn kílómeter. Gera má því ráð fyrir að landnotkun geti orðið allt að 18.000 ha. Innan þess getur auðvitað önnur landnotkun verið, svo sem vegna safnhúsa og spennuvirkja. Vegstæði að svæðinu bætist þar einnig við. Þarna virðist um verulega skekkju að ræða sem gerir þá þessa skipulagsáætlun ónothæfa.

Dýralíf

Í þessari matsáætlun er lítið gert úr áhrifum á dýralíf á svæðinu. Ekki þarf annað en að skoða kort af því til

að sjá að þetta svæði er bæði nokkuð gróðursælt en einnig mikið um smá tjarnir á því. Það segir manni að mikið fuglalíf hlýtur að vera á svæðinu, auk þess sem jörturdýr sækja á það. Þar má til dæmis nefna hreindýr. Á síðasta ári féll í Noregi lokunardómur á vindorkuveri, vegna truflunar á beitarskilyrðum hreindýra.

Efnispörf

Matsáætlunin gerir ráð fyrir að allt efnismagn á svæðinu verði á bilinu 230.000 m³ til 540.000 m³ en geti þó orðið meiri. Ónákvæmnin þarna er hrópanði. Steypumagn í akkeri túrbínanna er áætlað um 54.000 m³. Samkvæmt heimasíðu vindtúrbínu framleiðenda þarf steipt akkeri undir vindtúrbínu með framleiðslugetu upp á 6MW að ná að lágmarki 30 metra út fyrir túrbínuna og aldrei minni en 4 metrar á þykkt. Þó verður alltaf að fara niður á fast, þannig að þetta er lágmarkið, að mati framleiðenda.

Þetta gerir að akkeri hveirrar túrbínu þarf að vera að lágmarki 11.000 m³. Ef það er síðan margfaldað með 90 kemur út 990.000 m³. Töluvert stærri tala en sögð er í áætluninni og nærri helmingi hærri en öll efnisnotkun á svæðinu, sé tekið mið af hærri tölunni. Auðvitað geta menn svindlað á þessum kröfum framleiðenda og sparað sér aur, en hætt er við að þá kæmi upp svipuð staða og sumstaðar í Noregi, þar sem vindtúrbínurnar standa ekki af sér vetrarveður og brotna.

Mengun

Óumdeilanlegt er að vindorkuver menga umhverfi sitt. Örplast veðrast úr vængjum þeirra. Því stærri sem vængir vindorkuveranna eru og því meiri sem úrkoma er því meiri mengun.

Vængirnir eru óendurvinnanlegir. Árið 2021 afgreiddi Norðurlandaráð samþykkt þess efnis að norrænu löndin yrðu að leggja allt kapp á að þróa leiðir til að koma vængjunum fyrir á annan hátt en að grafa þá. Olíumengunarslys eru ekki fátíð þegar mótórar vindorkuvera bila. Í hverjum mótórum eru þúsundir lítra af olíu.

Ekkert liggur fyrir um hver hreinsar landið að endingartíma vindorkuveranna afloknum eða að fjarlægja beri úreltar og bilaðar vindtúrbínur jafnóðum. Í um 40% tilvika í Noregi hefur reynst ómögulegt að finna út hverjir séu eigendur þeirra fyrirtækja sem reka vindorkuver. Einnig gætu fyrirtækin verið komin í þrot áður en hreinsun yrði lokið.

Áhrif á ferðafjónustu

Sjónmengun af slíku vindorkuveri sem þarna um ræðir, verður gríðarleg. Risavaxin vindorkuverin munu sjást langar leiðir. Ásýnd nær- og fjærumhverfis versins mun þannig spillast og hafa áhrif á áhuga erlends ferðafólks til að heimsækja Austurland og einnig vilja leiðsögumanna til að beina ferðamönnum þangað. Ferðafjónusta er á örfáum misserum orðin ein af mikilvægustu atvinnugreinum Íslands. Forsenda þess er að erlent ferðafólk vill í sívaxandi mæli njóta óspilltrar náttúru landsins.

Varaafli frá vatnsaflsvirkjunum.

Ekkert kemur fram hvar á að fá varaafli frá vatnsaflsvirkjunum handa svo risavöxnu vindorkuveri sem hér um ræðir þegar logn er og vindorkuverin framleiða ekki rafmagn. Íslenskar vatnsaflsvirkjanir hafa nóg með að uppfylla þá samninga sem hafa verið gerðir um afhendingu orku frá þeim. Samkvæmt upplýsingum frá nálægum löndum er nýting orkunnar frá slíkum varaafli um 35-40%. Það er bein ávísun á herra raforkuverð vegna þess að mannvirkin eru ekki rekin með fullum afköstum. Orka frá varaafli stöðvum verður alltaf að vera til taks þegar slær í logn. Rétt er að minna á að hér er um að ræða vindorkuver sem er álíka og Kárahnjúkavirkjun að stærð.

Lagaumhverfi

Unnið er að setningu lagaramma um vindorkuver hérlendis. Starfshópur á vegum umhverfisráðuneytisins vinnur að þeim málum. Einungis af þeim sökum ber að vísa fyrirætlunum sem hér um ræðir frá þar til lögin hafa verið fullunnin.

Einnig er nauðsynlegt að í lögum sé tryggt að þeim sem byggja vindorkuver beri að leggja fé í

förgunarsjóð áður en uppbygging hefst svo tryggt sé að hægt verði að standa að förgun og lagfæringu umhverfisins þegar starfsemin hættir og vindtúrbínum sé fargað um leið og þær bila eða úreldast en standi ekki ónotaðar árum saman.

Miðað við þær fyrirætlanir sem liggja nú fyrir um uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi er ljóst að gangi þær eftir munu þær hafa afgerandi áhrif á ásýnd landsins til allrar framtíðar. Þær munu hafa afgerandi áhrif á möguleika Íslands til að markaðssetja sig erlendis sem eftirsóknarvert ferðamannaland sem býr yfir óspilltri náttúru. Í augum margra erlendra ferðamanna er Ísland einstakt náttúruyfyrirbrigði sem hægt er að líkja við Galapagoseyjjar. Sjáum við fyrir okkur að settir yrðu upp tugir vindorkuvera garða á Galapagoseyjum með allt að 1000 risavöxnum vindorkuverum? Hræðilegt er að sjá hvernig hundruðir vindtúrbína standa ónotaðar víða eins og t.d. á Kanarí eyjum og spilla útsýni hvert sem litið er.

Annað

Þarna er um að ræða orkuver af stærstu gerð, helmingi stærra en nokkur önnur hugmynd um beislun vinds hér á landi hljóðar upp á, enn sem komið er. Einungis Fljótsdalsvirkjun verður stærri að uppsettu afli af þeim virkjunum sem fyrir eru í landinu.

Í matsáætluninni er gjarnan talað um vindorkugarða og vindmillur. Rétt eins og annað í þessari áætlun er þetta bæði villandi og rangt. Þarna er hvorki um garð né millu að ræða, heldur orkuver af stærstu gerð knúið áfram af risastórum vindtúrbínum.

Garður hefur ýmsa meiningu í íslensku máli, getur verið afgirt svæði til ræktunar eða yndisauka, getur einnig verið hlaðinn garður úr torfi og grjóti, til að halda búsmala, en þaðan kemur orðið girðing. Garður getur aldrei orðið samheiti yfir einhver rísa orkuver, ekki frekar en að miðlunarlón vatnsorkuvera kallist tjörn.

Milla er eitthvað sem malar, t.d. korn, eins og orðanna hljóðan segir. Fyrr á öldum var vindur beislaður til að knýja slíkar millur en einnig vatnsorka. Aldrei er þó talað um vatnsmillur þegar rætt er um túrbínur vatnsorkuvera. Það er því beinlínis rangt að tala um vindorkugarð, vindmillugarð eða vindmillur og ekki má heldur gleyma rangyrðinu í þessu sambandi þegar talað er um vindmillulund. Þessar nafngiftir á þessi orkuver eru þó ekki nein tilviljun. Þetta er með ráðnum hug gert, til að fegra óskapnaðinn. Tölum um hlutina með réttum nöfnum, vindtúrbínur og vindorkuver.

Að lokum.

Fyrirliggjandi matsáætlun fyrir Vindorkuver í Klausturseli er loðin, villandi og að stórum hluta til beinlínis röng. Hana ber því að senda til föðurrhúsanna og krefjast þess að betur sé að verki staðið, að allar villandi fullyrðingar og rangfærslur verði leiðréttar og niðurstöður færðar til samræmis við þær.

Þarna er verið að ráðast freklega gegn náttúru landsins okkar og því lágmark að vel sé að málinu staðið. Að láta frá sér slíka skýrslu sem hér er kynnt er ekki bara móðgun við þjóðina, heldur einnig móðgun við landið okkar.

Þetta sýnir svo ekki verður um villst að einskis er svifist til að koma fram vilja erlenda fjármagnsafla.

Náttúran á alltaf að njóta vafans.

Auður Svanhvít Sigurðardóttir

kt 091066-5999

áhugamanneskja um græna orku og óspillta náttúru Íslands

Umsögn um matsáætlun um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma um vindorkugarð í landi Klaustursels

Framsetning og orðalag matsáætlunarinnar tel ég vera með þeim hætti að ekki sé nægilega mikið litið til náttúru Íslands sem sjálfstæðs hagaðila í málinu. Með uppsetningu og frágangi fyrirhugaðs vindorkugarðs fylgir óhjákvæmilega mikið, og **varanlegt**, rask og breyting á náttúru (vegagerð, undirstöðumannvirki fyrir möstur, jarðvegsnámur o.fl.). Rekstri vindorkugarðs fylgir einnig röskun og möguleg áframhaldandi eyðilegging á náttúru (vegna viðhalds og förgun spaða, til að nefna eitthvað). Rekstur vindorkugarðs felur einnig í sér möguleika á ófyrirséðum skakkaföllum (svo sem olíumengun, eldsvoðum o.fl.).

Nýverið var sjónvarpsviðtal við hagfræðing sem sagði að íslenskt hagkerfi væri „ferðaþjónustudrifið“, og færði fyrir rök fyrir að sú staðreynd ætti ríkan þátt í að efnahagslegt ástand á Íslandi væri ekki verra en raun ber vitni á þeim krefjandi tímum sem nú ríkja.

Erlendir ferðamenn sem hingað koma, vilja upplifa óspillta víðáttur, óspillta fossa, fjöll og heiðarlönd. Í landi Klaustursels er heiðaland af ýmsu tagi og m.a. umtalsvert votlendi. Votlendi er einmitt nokkuð sem á alþjóðavísu er lögð áhersla á að endurheimta og varðveita!

Með óspilltri náttúru, göngum við ekki á rétt villtra dýrategunda sem deila með okkur landinu. Ríkt fuglalíf er hluti af mikilfenglegri náttúru, að ekki sé talað um íslensku hreindýrin. Hreindýrin, einkennistákn og stolt Austurlands, eru stærsta villta spendýr landsins. Heimkynni þeirra eru m.a. á og aðlægt því landi sem vindorkugarðinum er ætlað. Með tilkomu vindorkugarðsins væri í versta falli verið að búa til tilraunareit hvað varðar heilsu og líðan íslenskra hreindýra vegna lágtíðnihljóða, sem enn er ekki fullsannað að **ekki hafi heiluspillandi** áhrif á villt dýr og/eða manndýr.

Vindorkugarðuinn á eyjunni Smøla í Noregi er gott dæmi um áhrif vindmyllanna á villtar dýrategundir. Haförninn, sem hefur átt undir högg að sækja af ýmsum ástæðum, deyr nú í hundraðatali af því að þeir fljúga inn í spaðana.

Í grennd við svæðið sem menn vilja leggja undir vindorkugarð, er náttúruverndarsvæðið Stuðlafoss. Fyrir örfáum árum vissu einungis mjög fáir af tilvist Stuðlagils, en í dag má segja að það sé orðið heimsfrægt. Gilið sjálft og réttur fólks í dag, og í framtíðinni, til að fá að sjá það og óspillta umgjörð þess kallar á **sérstaka aðgát** þegar uppi eru áform um röskun lands í nágrenni slíks náttúruundurs.

Það er mitt álit að það eigi ekki að heimila einkaaðilum að reisa vindorkuver á Íslandi, heldur eigi slík orkuver **einungis að koma til greina í eignarhaldi opinberra aðila**, þá helst Landsvirkjunar. Síðast en ekki síst þá vil ég benda á þá staðreynd að ekki liggur fyrir stefnumörkun ríkisins um það hvort og hvar megi mögulega reisa vindorkuver, né heldur hvernig skuli háttáð gjaldtöku fyrir slíkt af hálfu ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Það er mín skoðun sé andstætt samfélagslegum hagsmunum Austurlands, og Íslandi öllu, að samþykkja áform um vindorkugarð í landi Klaustursels.

Birna Heimisdóttir
Espigerði 4, 108 Reykjavík

Athugasemd Daniela B Gscheidel

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Daniela G <dbgscheidel@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Daniela B Gscheidel
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 07.01.2023 00:00:00
Höfundur : Daniela G <dbgscheidel@gmail.com>

Umsögn um matsáætlunar um mat á umhverfisáhrinfum vegna áforma um vindorkugarð í landi Kalustursels:

1.) Þessum áformum um vindorkugarð fylgir mikið og varanlegt rask og

umbreyting á náttúru:

Til dæmis vegagerð og mengun sem henni fylgir, framleiðsla á vindmyllum krefst mikils magns efna svo sem plastefna og steinsteipu í undirstöður, flutningur alls efnisins til framleiðslu og svo líka flutningur vindmyllanna á staðin skylur eftir sig mikið kolvetnisfótspor, svo má nefna undirstöðumannvirki, jarðvegsnámur, og förgun spaða, sem ekki er hægt að endurvinna.

Á Mynd 5.1 er: „Fræðilegur sýnileiki til fyrirhugaðra vindmylla í Klausturseli miðað við um 45 km radius“, bls. 15 í matsáætlun, en líklegt er að vindorkumannvirkin muni sjást frá Snæfelli og annar staðar víðar af hálendi Austurlands.

Vindorkugarður af þeirri stærðargráðu, sem sést í 45km radius er ekki bara

nátturuspsjöll, heldur gætti haft töluvert áhrif á ferðamennsku, sem er mikilvægur efnahagsfactor á Íslandi.

Náttúruverndarsvæði Stuðlafoss er í grennd við svæðið og einnig Stuðlagil, sem er gríðarlega vinsæl nátturuperla á Austurlandi. Þó Stuðlagil hafi verið óþekktur staður fyrir nokkrum árum síðan þá streyma í dag þúsundir ferðamanna ár hvert til að skoða þennan fallegan stað. Því er mikilvægt að kanna vel hvort og hvaðan úr nágrenni Stuðlagils muni sjást til orkugarðsins og einnig umfram radius af 45km.

Ég spyr mig hvernig þessi vindmyllugarður mundi hafa áhrif á erlenda sem inlenda ferðamenn, sem eru í gönguferðum í hálendi Íslands. Ég tel það líklegt að göngur um hálendi Austurlands og m.a. á milli þeirra nátturuperlur sem eru þekktar muni vera mjög vinsæl og eins og ég hef nefnd áður er umtalsverður hluti af efnahag íslensks þjóðarinnar tengd ferðaþjónustu. En hún byggir m.a. á nýtingu ósnortinna víðerna til dæmis á hálendi landsins.

Í kafli 2.2 um Aðalskipulag er meðal annars fjallað um:

„Skipulag í dreifbýli þarf að stuðla að því að fjölbreytt nýting lands til framtíðar sé í sátt við náttúru og landslag. Gefinn er kostur á nýtingu orkulinda í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.“

Staðsetning á Klausturselslandi er hluti víðerna íslensks hálendis, en þau víðerni eru umtalsverður hluti ósnortinna víðerna í Evrópu, heiðaland, votlendi, sem ætti að endurheimta og varðveita.

2.) Áhrif á heilsu manna og dýra:

Hvaða heilsutengd áhrif myndi vindmyllugarðurin hafa á menn og dýr hvað varðar hljóð-, sjón- og ljósmengun?

Hvað mikið af dýrum, þar aðallega fuglar mund deyja og á hvaða tímabili?

Hvaða áhrif mun örplast frá spöðunum hafa á loft, vatn og groður?

Hvaða áhrif mun þessi vindmyllugarður hafa á villt dýr (fuglar, hreindýr) og

nytasköppur (kindur, hestur, kýr)? Til dæmis áhrif á íslenskt hreindýr sem er endemisk stofn á Austurlandi og er einkennistákn og stolt Austurlands?

3. Varðandi eftirspurn og þörf:

Varðandi eftirspurn og þörf á raforku er spurningin sú hversu mikil raunveruleg eftirspurn er og hvernig hægt sér að meta hana á hlutlægan hátt.

Ef þörfin á raforku væri veruleg meira en hún er núna, væri eðlilegast að aðlaga framsleiðslu raforku eftir eftirspurn á hverjum tíma í stað þess að gera áætlun um umhverfisspillandi rísa vindorkuver víða um land og ætla þannig að mæta kröfum sem eru kannski töluvert umfram þörf á rafmagni: Í matsáætlun er gert ráð fyrir því að að stækka virkjunarinnar í allt að 500 MW!

4. Hagsmunir:

Ég spyr mig náið hvaða hagsmunum austfirskis samfélags þessi vindmyllugarður mundi þjóna miðað við þörf á rafmagni hér?

Mun þessi framleiðsla vindorkugarða verða notuð fyrir almenning á Íslandi eða til að auka hagsæld erlendra stórfyrirtækja sem hafa lítila sem enga samfélagsábyrð hér/borga ekki skatta á Íslandi.?

5. Orkuframleiðsla:

Svo spyr ég mig hvernig staðan er varðandi orkuframleiðslu vindmyllnanna þegar enginn vindur blæs á Austurlandi? Þessi framleiðslan er ekki stöðug eins og við vatnsorkuver, hvernig verður sá skortur bættur upp?

6. Aðkoma pólitikurinnar:

Hefur íslenska ríkið samþykkt hvort og hvar megi mögulega reisa vindorkuver?

Eftir að hafa spyrjast fyrir hefur sveitafélagið Múlaþing hvorki mótað né samþykkt sína stefnu varðandi mögulega nýtingu lands til vindorkuframleiðslu innan sveitarfélagsins.

7. Eignarhald á orkuframleiðslu:

Ég er á móti því að heimila einkaaðilum að reisa vindorkuver á Íslandi, heldur eigi slík orkuver einungis að koma til greina í eignarhaldi opinberra aðila eins og Landsvirkjun.

Varðandi það fyrrir nefnda, finnst mér að það sé andstætt samfélagslegum hagsmunum Austurlands að samþykkja áform um vindorkugarð í landi Klaustursels.

Daniela B Gscheidel

Útneyrðingsstaðir

701 Egilsstaðir

dbgscheidel@gmail.com

Athugasemd Ellert Grétarsson

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Ellert Gretarsson <elg@elg.is>
Heiti : Athugasemd Ellert Grétarsson
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 05.01.2023 00:00:00
Höfundur : Ellert Gretarsson <elg@elg.is>

Viðhengi [umsögn Ellert Grétarsson v Klaustursels.rtf](#)

Góðan dag og gleðilegt nýtt ár.

Meðfylgjandi viðhengi er umsögn mín varðandi fyrirhuguð áform um vindorkuvirkjun við Klaustursel í Múlaþingi.

Með bestu kveðju,
Ellert Grétarsson

Reykjanesbæ

Umsögn vegna kynningar á matsáætlun um

500 MV vindorkugarð við Klausturseli, Múlaþingi.

Það vekur furðu að umrædd áform Zephyr Iceland séu komin í umsagnarferli þegar starfshópur ríkisstjórnarinnar er enn að vinna að tillögum að lagaumgjörð og regluverki um þessa starfsemi en nokkuð er enn í það að hún skili af sér. Hvernig getur svona matsferli yfirleitt hafist á undan opinberri stefnumótun? Réttast og eðlilegast væri að Skipulagsstofnun vísaði þessu máli frá uns stefna stjórnvaldar varðandi vindorku liggur fyrir. Hér er byrjað á öfugum enda.

Í þessari matsáætlun kemur **ekki fram** það sem þó ætti öllu máli að skipta, þ.e. hvaða þörf sé á þessari vindmylluvirkjun og ekki er heldur vitað „*hver eða hverjir verða helstu notendur raforkunnar*“, eins og segir orðrétt í skýrslunni. Ef það liggur ekki fyrir hver þörfin er fyrir umrædda virkjun, þá er þessi framkvæmd með öllu óþörf og ætti náttúran og umhverfið þá auðvitað að njóta vafans. Þegar fjallað er um valkosti í umhverfismati skal m.a. tekið tillit til þarfar/eftirspurnar. Í ljósi þess að framkvæmdaaðili hefur ekki skilgreint neina þörf fyrir orkuna, þá væri svokallaður **núllkostur** sá sem helst kæmi til greina en á hann er ekki minnst í áætluninni. Vonandi hyggjast skýrsluhöfundar bæta úr því í endanlegri umhverfismatsskýrslu.

Matsáætlunin gefur það vel til kynna að þessi framkvæmd mun kalla á gríðarlegt jarðrask á annars lítt snortnu víðerni á heiðarlöndunum upp af Fljótsdal. Sýnileikakortið á bls. 15 er beinlínis sláandi en þessi óskapnaður mun blasa við víða að. Hafa ber í huga að fjöldinn allur af slíkum vindmylluvirkjunum er á teikniborðinu, líklega um þúsund vindmyllur samanlagt, en á vef Orkustofnunar eru talin fram yfir 30 svæði á Íslandi hvar fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að reisa slíkar virkjanir. Þær munu því gjörbreyta ásjáning landsins og verða eitt helsta einkenni íslensks landslags, gangi þessi áform eftir. Það er engan veginn ásættanlegt með það í huga að einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar, ferðaþjónustan, gengur að stærstum hluta út á að selja ferðamönnum aðgang að íslenskri náttúru. Um 80% erlendra ferðamanna segjast koma hingað til að upplifa íslenska náttúru og margir nefna víðáttuna í því samhengi. Það er því engan veginn ásættanlegt að vindorkufyrirtækin geti gert risavaxnar vindmyllur að helsta einkenni íslensks landslags. Með því væru hagsmunir örfárra teknir fram yfir hagsmuni heildarinnar. Hver vill skoða lítið land með 1.000 vindmyllum á ósnortnum víðernum?

Vitað er að skipta þarf út vindmylluspöðum á nokkurra ára fresti og hingað til hafa úreldir spaðar safnast upp á ruslaugum heimsins eða verið urðaðir sem landfyllingarefni því nánast ógjörningur er að endurvinnna þá eða farga vegna þeirra mengandi efna sem þeir eru gerðir úr. Bandaríska endurvinnslufyrirtækið VEOLIA hefur tekið á móti úreldum vindmylluspöðum frá GE Renewable Energy og gert tilraunir með endurvinnslu en þær hafa enn sem komið er ekki skilað neinum teljandi árangri. Úreldu vindmylluspaðarnir, sem fyrirtækið hefur tekið á móti í þessa tilraunastarfsemi, eru ekki nema 8-12 ára gamlir. Ekkert er minnst á þennan þátt í matsáætluninni, þ.e. hvað framkvæmdaraðili ætlar að gera við úrelta og ónýta vindmylluspaða. Þegar metin eru heildaráhrif framkvæmdar af þessari stærð á umhverfið verður auðvitað að fjalla um þennan þátt líka. Hvað með mengun af örplasti og trefjum út í umhverfið, sem kvarnast úr spöðunum með tímanum, hversu mikil er hún og hvernig verður vöktun á umhverfisáhrifum af þeim sökum, háttáð? Hvernig mun t.d. afísing á vindmyllunum verða háttáð og

hvaða efni verða notuð í þeim tilgangi?

Ég ætla rétt að vona að áður en að leyfisveitingum kemur muni stjórnslunni bera gæfa til að horfa til reynslu annarra þjóða af vindmylluvirkjunum, t.d. til Noregs vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem þær hafa á samfélög, náttúru, dýralíf og umhverfi. Það væri þó allavega ágæt byrjun, áður en farið er að raska landi og vega að náttúru og umhverfi, að þeir sem hyggja á þessar framkvæmdir sýndu fram á þörfina fyrir þær. Það hefur ekki verið gert og því ber að hafna þessum áformum með öllu.

Reykjanesbæ 5. janúar 2023

Ellert Grétarsson.

Umsögn vegna kynningar á matsáætlun um

500 MV vindorkugarð við Klausturseli, Múlaþingi.

Það vekur furðu að umrædd áform Zephyr Iceland séu komin í umsagnarferli þegar starfshópur ríkisstjórnarinnar er enn að vinna að tillögum að lagaumgjörð og regluverki um þessa starfsemi en nokkuð er enn í það að hún skili af sér. Hvernig getur svona matsferli yfirleitt hafist á undan opinberri stefnumótun? Réttast og eðlilegast væri að Skipulagsstofnun vísaði þessu máli frá uns stefna stjórnvaldar varðandi vindorku liggur fyrir. Hér er byrjað á öfugum enda.

Í þessari matsáætlun kemur **ekki fram** það sem þó ætti öllu máli að skipta, þ.e. hvaða þörf sé á þessari vindmylluvirkjun og ekki er heldur vitað „*hver eða hverjir verða helstu notendur raforkunnar*“, eins og segir orðrétt í skýrslunni. Ef það liggur ekki fyrir hver þörfin er fyrir umrædda virkjun, þá er þessi framkvæmd með öllu óþörf og ætti náttúran og umhverfið þá auðvitað að njóta vafans. Þegar fjallað er um valkosti í umhverfismati skal m.a. tekið tillit til þarfar/eftirspurnar. Í ljósi þess að framkvæmdaðili hefur ekki skilgreint neina þörf fyrir orkuna, þá væri svokallaður **núllkostur** sá sem helst kæmi til greina en á hann er ekki minnst í áætluninni. Vonandi hyggjast skýrsluhöfundar bæta úr því í endanlegri umhverfismatsskýrslu.

Matsáætlunin gefur það vel til kynna að þessi framkvæmd mun kalla á gríðarlegt jarðrask á annars lítt snortnu víðerni á heiðarlöndunum upp af Fljótsdal. Sýnileikakortið á bls. 15 er beinlínis sláandi en þessi óskapnaður mun blasa við víða að. Hafa ber í huga að fjöldinn allur af slíkum vindmylluvirkjunum er á teikniborðinu, líklega um þúsund vindmyllur samanlagt, en á vef Orkustofnunar eru talin fram yfir 30 svæði á Íslandi hvar fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að reisa slíkar virkjanir. Þær munu því gjörbreyta ásjón landsins og verða eitt helsta einkenni íslensks landslags, gangi þessi áform eftir. Það er engan veginn ásættanlegt með það í huga að einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar, ferðaþjónustan, gengur að stærstum hluta út á að selja ferðamönnum aðgang að íslenskri náttúru. Um 80% erlendra ferðamanna segjast koma hingað til að upplifa íslenska náttúru og margir nefna víðáttuna í því samhengi. Það er því engan veginn ásættanlegt að vindorkufyrirtækin geti gert risavaxnar vindmyllur að helsta einkenni íslensks landslags. Með því væru hagsmunir örfárra teknir fram yfir hagsmuni heildarinnar. Hver vill skoða lítið land með 1.000 vindmyllum á ósnortnum víðernum?

Vitað er að skipta þarf út vindmylluspöðum á nokkurra ára fresti og hingað til hafa úreldir spaðar safnast upp á ruslaugum heimsins eða verið urðaðir sem landfyllingarefni því nánast ógjörningur er að endurvinna þá eða farga vegna þeirra mengandi efna sem þeir eru gerðir úr. Bandaríska endurvinnslufyrirtækið VEOLIA hefur tekið á móti úreldum vindmylluspöðum frá GE Renewable Energy og gert tilraunir með endurvinnslu en þær hafa enn sem komið er ekki skilað neinum teljandi árangri. Úreldu vindmylluspaðarnir, sem fyrirtækið hefur tekið á móti í þessa tilraunastarfsemi, eru ekki nema 8-12 ára gamlir. Ekkert er minnst á þennan þátt í matsáætluninni, þ.e. hvað framkvæmdaraðili ætlar að gera við úrelta og ónýta vindmylluspaða. Þegar metin eru heildaráhrif framkvæmdar af þessari stærð á umhverfið verður auðvitað að fjalla um þennan þátt líka. Hvað með mengun af örplasti og trefjum út í umhverfið, sem kvarnast úr spöðunum með tímanum, hversu mikil er hún og hvernig verður vöktun á umhverfisáhrifum af þeim sökum, háttáð? Hvernig mun t.d. afísingur á vindmyllunum verða háttáð og

hvaða efni verða notuð í þeim tilgangi?

Ég ætla rétt að vona að áður en að leyfisveitingum kemur muni stjórnslunni bera gæfa til að horfa til reynslu annarra þjóða af vindmylluvirkjunum, t.d. til Noregs vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem þær hafa á samfélög, náttúru, dýralíf og umhverfi. Það væri þó allavega ágæt byrjun, áður en farið er að raska landi og vega að náttúru og umhverfi, að þeir sem hyggja á þessar framkvæmdir sýndu fram á þörfina fyrir þær. Það hefur ekki verið gert og því ber að hafna þessum áformum með öllu.

Reykjanesbæ 5. janúar 2023

Ellert Grétarsson.

Umsögn v. matsáætlunar um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma um vindorkugarð í landi Klaustursels

Framsetning og orðalag matsáætlunarinnar finnst mér með þeim hætti að ekki sé nægilega mikið litið til náttúru Íslands sem sjálfstæðs hagaðila í málinu. Mikið og varanlegt rask fylgir slíkri uppsetningu og öllum rekstri. Má þar nefna breytingar til að gera undirstöður, sérstaka vegagerð, viðhaldsvinnu mun fylgja drasl og förgun spaða og jafnvel stólpa mun valda röskun. Með vindorkuveri tökum við áhættu um umhverfisslys s.s. vegna olíumengunar og eldsvoða sem hafa áhrif á landið, flóru og faunu, en einnig eru fuglar í hætti nálægt vindmyllum. Hreindýr lifa villt á Austurlandi og eiga m.a. heimkynni í nálægt við það landsvæði sem vindmyllugarðinum er ætlað. Með tilkomu vindorkugarðsins væri í versta falli verið að búa til tilraunareit hvað varðar heilsu og líðan íslenskra hreindýra.

Náttúran sjálf á rétt á að standa ófhreyfð, náttúran hefur réttindi ekki mannsins vegna, heldur vegna eigin réttar óháð mannum. Annar sterkur réttihafi eru komandi kynslóðir, við megum ekki hagnýta sem mest á okkar ævi heldur skilja ákvarðanir eftir fyrir komandi kynslóðir.

Í matsáætlunni er talið að **eftirspurn** eftir raforku sé mikil en sú eftirspurn ekki gagnrýnd, er hún raunveruleg? Skoða þyrfti betur **þörf** fyrir raforku. Í markaðsstýrðu samfélagi verður endalaus eftirspurn eftir því sem mest er auglýst en skoða þarf þörfina á móti og á jörðu sem er að fara undir sökum eftirspurnar þarf að hægja á allri framleiðslu og láta önnur sjónarmið en hagræn vega á móti hinum hagrænu.

Í inngangi matsáætlunarinnar á bls. 1 segir m.a.: „*Jörðin Klaustursel er stór og þar er mikið rými fyrir vindmyllur. Áætlað er að Klausturselsvirkjun verði byggð í áföngum og að fyrsti áfangi verði á bilinu 50-300 MW. Síðar er gert ráð fyrir að stækka virkjunina í allt að 500 MW. Stærð áfanga er þó háð eftirspurn eftir raforku þegar nær dregur framkvæmdum*“. Stærðargráðan á þessum fyrirhuguða vindgarði kallar á mikla orkunotkun og ég vil spyrja hvort í kjölfarið verði áfram haldið með stóriðju til að selja þeim orkuna ódýrt; verður t.d. byggt annað álver eða núverandi stækkuð?

Samhliða þessari sýn er mikilvægt að líta til þess hvaða land hér um ræðir; nefnilega er þetta hluti víðerna íslensks hálendis, en þau víðerni eru umtalsverður hluti ósnortinna víðerna í Evrópu (talað er um rúm 40% í þessu sambandi). Þetta er heiðaland af ýmsu tagi og m.a. umtalsvert votlendi en einmitt votlendi er nokkuð sem á alþjóðavísu er lögð áhersla á að endurheimta og varðveita. Varðveisla slíks lands hlýtur því hverju sinni að vera áhersluatriði.

Vindorkugarður af þeirri stærðargráðu sem um ræðir, bæði hvað varðar umfang lands sem undir hann fer og hæð mannvirkja (lágmark 200 m) kallar á að spyrja m.a. neðangreindra tveggja spurninga:

- 1) Getur garðurinn truflað þá nýtingu nálægs lands annarra aðila/iðnaðar sem þegar er í gangi?
- 2) Hvort og hvaða aðrir nýtingarmöguleikar á umræddu landi eru til staðar með hag samfélags, náttúru og lífríkis í huga?

Hvað fyrri spurninguna varðar er mikilvægt að leita beint og markvisst eftir áliti þeirra sem nýta land í nágrenni. Hér er átt við allt land óháð hæð yfir sjó og greina þarf hvers konar nýtingu jafnvel þá sem í dag er e.t.v. lítils metin af hagnaðardrifnu samfélagi og stjórnmalafólki. Til að leitast við að svara síðari spurningunni, þá verður að horfa til hæsta og eins glæsilegasta einkennistákns Austurlands, Snæfells sem er hæsta fjall utan jökla í landinu. Telja verður mjög líklegt að vindorkumannvirkin og ljósín frá þeim

muni sjást frá Snæfelli og mjög víða annar staðar af hálendi Austurlands. Vatnajökulspjóðgarður og aðrir hlutar hálendis Austurlands eru dýrmæti sem ferðamenn og ekki síst efnaðir ferðamenn munu í vaxandi mæli spyrja eftir í nánustu framtíð og getur þetta þannig verið hagrænna en skammtímalausn með raforku eins og gerðist með Kárahnjúka þar sem ómetanleg landsvæði, jurtir og dýralíf fóru undir vatn.

Það sjónarmið sem fram kemur í kafla 1.2 þar sem fullyrt er að umrætt svæði „einkennist nú þegar af orkumannvirkjum í formi háspennulína (Kröflulínur 2 og 3).“ og bent á að svæðið sé ekki langt frá hinni ristastóru Fljótsdalsstöð Landsvirkjunar ásamt miðlunarlóni hennar við Kárahnjúka. Umfjöllunina má skilja sem svo að háspennulínur á svæðinu og nálægð við Fljótsdalsstöð og miðlunarlón við Kárahnjúka réttlæti að taka umrætt land undir vindorkuver og ganga þannig enn lengra í valdníðslu gagnvart landinu sjálfu, náttúrunni og komandi kynslóðum ásamt sjónarmiðum almenning sem ekki er hallur undir símalandi virkjunarkröfur og eftirspurn eftir raforku sem e.t.v er ekki byggð á þörf.

Að segja „svæðið nú þegar einkennast af orkumannvirkjum“ er í besta falli mikil einföldun, en í raun ýkt orðalag. Háspennulínur sem þarna eru fyrir eru mörgum sinnum lægri en hvert einstakt vindmyllumastur, ekki með ljós í toppi auk þess sem línur taka minna sjónrænt pláss en byggingar með vængi. Þetta er orðalag sem er til þess fallið að virka áróðurskennt, að þarna séu nú þegar mannvirki svipuð þeim sem nú eru áformuð og því í lagi að halda áfram. Ég vil halda því fram að þessu geti verið öfugt farið; að þar sem nú þegar hefur orðið varanleg röskun skuli ekki raska meir. Segja má að síðarnefnda sjónarmiðið komi fram í orðunum í kafla 2.2 um Aðalskipulag; „*Skipulag í dreifbýli þarf að stuðla að því að fjölbreytt nýting lands til framtíðar sé í sátt við náttúru og landslag. Gefinn er kostur á nýtingu orkulinda í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.*“ .

Í kafla 2.2. um Aðalskipulag er sérstaklega vikið að mikilvægum granna áætlaðs vindorkugarðs þar sem segir „*Þá er eitt náttúruverndarsvæði, Stuðlafoss, einnig í grennd við svæðið*“ og síðar er einnig talað um Stuðlagil. Jákvætt er að þetta skuli nefnt og Stuðlafoss sem náttúruverndarsvæði á vonandi sjálfkrafa mikinn rétt. Fyrir örfáum árum vissu einungis mjög fáir af tilvist Stuðlagils, en í dag má segja að það sé orðið heimsfrægt. Gilið sjálft og réttur fólks í dag og í framtíðinni til að fá að sjá það og óspillta umgjörð þess kallar á sérstaka aðgát þegar uppi eru áform um röskun lands í nágrenni slíks náttúruundurs. Í því sambandi er vissulega mikilvægt að kanna hvort og hvaðan úr nágrenni Stuðlagils muni sjást til orkugarðsins. Enn ber þó að ítreka rétt náttúrunnar sjálftrar til að njóta vafa gagnvart mannum.

Umtalsverðan hluta af afkomu íslensks þjóðarbús má rekja til ferðaþjónustu, en hún byggir m.a. á mannvist í ósnortnum víðernum og ekki síst á hálendi hér á landi. Færa má fyrir því rök að ásókn í slíkt muni aukast en einnig **þörf** fyrir það. Fyrir örfáum dögum heyrði ég hagfræðing segja í viðtali í sjónvarpi að íslenskt hagkerfi væri „ferðaþjónustudrifið“ og svo færði hann rök fyrir því að sú staðreynd ætti ríkan þátt í því að efnahagslegt ástand á Íslandi væri ekki verra en raun ber vitni á þeim viðsjárverðu tímum sem nú eru. Þá þarf að skoða jafnvægi á möguleikum landshluta til að byggja sinn ferðaiðnað en að Austurland verði ekki orkugarður landsins.

Fanný K. H. Maríudóttir
Veghúsum 23
112 Reykjavík
Sími: 6939846
fannyogbreki@gmail.com

Varðandi fyrirhugaðan vindmyllugarð í landi Klaustursels.

Í frétt í Kjarnanum um málið þann 8. Desember 2022 um fyrirhugaða framkvæmd Zephyr Iceland er ýmist sem þarfnast athugunar. Um er að ræða fyrirferðarmikla framkvæmd, áætlað framkvæmdasvæði er 4100 hektarar með að því er virðist að lágmarki 200m háum myllum og ekki færri en 70 en líklega 100 myllum endanlega.

Talið er til í matsáætluninni að staðsetningin sé ákjósanleg vegna veðurskilyrða, nálægðar við orkumannvirki Landsvirkjunar og góðra innviða vegna aðflutninga.

Varðandi veðurskilyrðin er í matsáætluninni sagt stuðst við söguleg gögn frá næstu veðurstöðvum Veðurstofu Íslands, sem ekki eru tilgreindar en hljóta að vera veðurstöð við Kárahnjúka, Hallormsstað og/eða veðurstöð við Egilsstaðaflugvöll. Bara þetta atriði ætti að duga til að vísa málinu aftur til verkfræðistofunnar Mannvits sem vann skýrsluna sem hefði þurft að eyða meiri tíma í verkefnið og jafnvel sýna metnað.

Hér er annarsvegar borið saman framkvæmdasvæði á flötu berangri í 500m til 600m hæð yfir sjó við annað hvort veðurstöðvar á láglandi í byggð eða hinsvegar veðurstöð í skjóli við fjöll, nálægt jökli og talsvert langt frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og er þó stöðin við Hallormsstað sú sem næst er, nema notast eigi við gögn frá veðurstöðvum í Jökuldal sem vandséð er að geti stutt áætlanir um framkvæmdir á Fljótsdalsheiði. Hér eru epli hreinlega borin saman við simpansa.

Undirritaður hefur verið mörg sumur og haust á þeim slóðum þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er og hefur oftast en ekki verið í afskaplega góðu veðri sem einkennist af logni dögum saman. Ólíklegt er að slíkt henti þessari starfsemi.

Nálægðin við línur og önnur orkumannvirki eru vissulega ekki rangindi en góðir innviðir vegna aðflutninga eins og fram kemur í matsgerðinni hlýtur að teljast öfugmæli, ekki síst í ljósi þess að flytja á meðal annars allt að 300 eintök af 100m löngum spöðum eftir vegum að framkvæmdasvæðinu. Nefnd er góð vegtenging milli Reyðarfjarðar og framkvæmdasvæðis sem við nánari skoðun liggur beint í gegnum Egilsstaðabæ með öllum þeim vandræðum sem þar myndu hljótast af jafn stórtækum flutningum. Ef ætlunin er því næst að notast við fyrirbyggjandi vegi að framkvæmdasvæðinu eftir að komið er í gegnum Egilsstaði minnka vandræðin síst þegar aðstæður eru skoðaðar. Þessi meinta góða vegtenging er einfaldlega ekki til staðar.

Áætlað er að efnisflutningar vegna framkvæmdarinnar verði á bilinu 230 þúsund til 540 þúsund rúmmetrar sem samsvarar 2500 til 5900 ferða bíla með malarflutningavagn af stærstu gerð. Magn steinsteypu sem þyrfti að flytja frá Egilsstöðum að framkvæmdasvæðinu eru áætlaðir 54 þúsund rúmmetrar sem samsvara um 6700 ferðum steypubíla. Nefnt er að hver mylla þurfi 10 ferðir bíla með allt að 150 tonna heildarþyngd, í það heila ekki nema 3000 ferðir. Hafandi ekið þá vegi sem eru þó nothæfir og malbikaðir á Fljótsdalsheiði og liggja nálægt framkvæmdasvæðinu liggur þetta beint við að hafa í för með sér algjöra eyðileggingu á þeim vegum nema framkvæmdaaðili ætli sér að leggja nýja vegi á sinn kostnað í stað þeirra sem eru til staðar á Fljótsdalsheiði og eru talsvert notaðir. Línuvegir á svæðinu eru hreinlega ónothæfir og munu ekki batna við umferð. Auk þess munu þjóðvegur nr. 1 og Jökuldalsvegur, eins langt og komist verður um hann vera notaðir samkvæmt matsáætluninni. Hugsanlega gæti Vegagerð Ríkisins haft skoðun á þessu og fróðlegt væri að vita hvort

Vegagerðin sé „hagsmunaaðili“ gagnvart Zephyr í þessu tilviki þar sem ljóst er að mikið mundi mæða á sjálfu þjóðvegakerfinu.

Umfjöllunin um innviði vegna aðflutninga ber það með sér að hvorki framkvæmdaaðili né verkfræðistofa virðast hafa haft fyrir því að kynna sér hlutina á korti eða með örstuttu ferðalagi austur. Þetta hlýtur að lýsa algjöru metnaðarleysi.

Í fimmta kafla Matsáætlunarinnar, áætlun um mat á umhverfisáhrifum er stutt umfjöllun um „hljóðvist“ þar sem nefnt er að engin gögn séu til staðar „enda um kyrrlátt svæði að ræða“. Þetta er í fullkomnu samræmi við upplifun undirritaðs, þarna er logn dögum og jafnvel vikum saman sem vandséð er að henti fyrir vindmyllur.

Gróðurfar á sjálfu framkvæmdasvæðinu hefur samkvæmt matsáætluninni miðlungs til hátt verndargildi sem ætti að duga til að huga frekar að öðru svæði fyrir jafn mikla framkvæmd, þrátt fyrir það er áætlunin lögð fram.

Hvað varðar áhrif á dýralíf er einungis minnst á hugsanleg áhrif á fugla og það að þörf sé fyrir að vinna sérstaka fuglarannsókn. Í matsáætluninni er allri annarri umfjöllun um áhrif á dýralíf viljandi sleppt og góðar ástæður liggja því að baki. Þekkt er annarsstaðar frá að hjartardýr sýna streituvíðbrögð á svæðum með vindmyllugarða og yfirgefa svæði þar sem vindmyllugarðar hafa verið settir upp (Klich et al., 2020). Hreindýr eru hjartardýr og eru áberandi á Fljótsdalsheiði og mjög á og við sjálft framkvæmdasvæðið. Um er að ræða hreindýraveiðisvæði númer 2 (ust.is) sem um árabíl hefur verið mikið veitt á. Til stendur að stuðla að fjölgun dýra á svæðinu eftir mikið veiðiálag undanfarinna ára. Verði af svona framkvæmdum er vandséð að sú uppbygging geti átt sér stað, bæði vegna þeirrar gríðarlegu umferðar um svæðið sem framkvæmdin myndi hafa í för með sér auk áhrifanna af sjálfum vindmyllugarðinum þegar hann væri kominn í rekstur.

Hvað þetta varðar ber að líta á þá staðreynd að Fyrirtækið Zephyr er norskt. Í Noregi hafa fyrirtæki verið svipt leyfi til reksturs vindmyllugarða vegna þeirra áhrifa sem þeir hafa á hreindýr, eftir málaferli sem endað hafa fyrir Hæstarétti þar í landi þar sem úrskurðað hefur verið að uppsetning og rekstur garðanna hafi rekist á við tilvist dýranna (www.domstol.no, 2021). Þetta vita forsvarsmenn Zephyr auðvitað samanber texta Zephyr í samantekt til Orkustofnunar: „Zephyr gjörþekkir til allra þátta vindorkuverkefna“, en kjósa að nefna ekki enda heldur óheppilegt í þessu tilviki, (Tilhögun virkjunarkosts R4313A, 2020)

Zephyr Iceland nefnir í þessarri skýrslu að haft hafi verið samband við hagsmunaaðila en þeir eru ekki nefndir sem er einkennilegt. Þarna er ekki allur sannleikurinn sagður enda hefur ekki verið rætt til dæmis við Félag hreindýraleiðsögumanna eða Skotveiðifélög sem þó eru augljósir hagsmunaaðilar hvað varðar skotveiðar á svæðinu. Ferðaþjónusta í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð er starfrækt á svæðinu og vandséð að svona framkvæmd falli vel að þeirri starfsemi.

Hvergi er minnst á þann úrgang sem kemur til með að falla til á líftíma garðsins. Á um 20 árum af rekstri munu 300 eintök af 100m löngum spöðum úr trefjaplasi ganga úr sér. Þetta munu aðrir íhlutir líka gera á þessum tíma. Er ætlunin að flytja þá aftur sömu leið niður á láglendi með sama álagi á samgöngumannvirki almennings og þá aftur í gegnum Egilsstaðabæ til urðunar, eða munu þeir rata alla leið heim til Noregs ? verður til urðunarstaður á Fljótsdalsheiði ? Eingöngu er nefnt að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um „mögulegt“ niðurrið.

Ætla má að þar sem erfitt sé orðið að setja upp vindmyllugarða á norsku hálendi þá sé ætlunin að reyna að búa til peninga á Íslandi í staðinn, líkt og með fiskeldið góða, og sleppa því að tilgreina það sem er óþægilegt eða neikvætt við framkvæmdina.

Nokkuð augljóst er að vindorka mun sjálf aldrei geta staðið undir neinu sem heitið getur afhendingaröryggi á orku vegna þess hversu aðstæður eru mismunandi á hverjum tíma. Augljóst er því að til þess að samningar um afhendingu á orku framleiddri með vindmyllum geti orðið, þá muni orka með stöðugri uppruna (vatnsafl) alltaf þurfa að bæta upp það sem á vantar. Þetta kemur beinlínis fram í texta Zephyr „Hið stóra vatnsaflskerfi á Íslandi hentar vel til að jafna raforkuframboð eftir því sem vindur eykst eða minnkar“ í samantekt til Orkustofnunar (Tilhögun virkjunarkosts R4313A). Ef marka má þá umfjöllun sem undanfarið hefur verið uppi varðandi orkuþörf á Íslandi blasir við að til þess að vindorka geti orðið þáttur í orkuöflun, þá þurfi að stórauка vatnsaflsvirkjun vegna þess hve stopull og óáreiðanlegur rekstur vindmyllugarða er fyrirsjáanlega að mati Zephyr Iceland. Með öðrum orðum er grundvöllur fyrir vindorku of veikur til að geta staðið undir sér og því eigi vatnsaflsorka sem nú þegar er komin á tamp að vera hækja fyrir vindorku og eigi að réttlæta framkvæmdina með tilliti til afhendingaröryggis á orku. Varðandi þetta má benda á orðin góðu í fimmta kafla matsáætlunarinnar, „enda um kyrrlátt svæði að ræða“. Þetta er einkennileg aðferð við að selja hugmynd.

Þessi matskýrsla er, hvað þau atriði sem nefnd hafa verið hér, er ekki vel unnin og er mikil fegur og einföldun á því sem raunveruleikinn sýnir, bæði hvað varðar svæðið sjálft, náttúrufarið á svæðinu og þessa fyrirferðarmiklu framkvæmd. Að auki virðist vera farið með ósannindi um ákveðna þætti og því sem er óþægilegt eða beinlínis í þversögn við réttlætninguna við uppsetningu garðsins sleppt eða lítið gert úr að því er virðist í þeirri von að enginn taki eftir. Eini heiðarleikinn sem kemur beinlínis fram í matskýrslunni varðandi þau atriði sem nefnd hafa verið hér eru tölulegar upplýsingar um umfang vindmyllugarðsins og þeirra efnisflutninga sem framkvæmdin mun krefjast auk viðurkenningarinnar á því hversu ótraustur reksturinn muni að líkindum verða.

Þetta hljóta að teljast galnar hugmyndir, ekki síst í ljósi staðsetningar, skamms líftíma, umfangs, fyrirsjáanlegs stopulleika í rekstri og gríðarlegrar fyrirhafnar auk alls þess rasks á náttúru og umhverfi svæðisins sem fyrirhuguð er og álags á vegakerfið. Nógu mörg eru „ef“ varðandi vindorku almennt án þess að settar séu fram hugmyndir eins og hér koma fram.

Georg Bergþór Friðriksson

Líffræðingur, hreindýraveiðimaður og náttúruunnandi

Tilvísanir:

Klich, Lopucki, Scibior, Golebiowska & Wojciechowska (2020). Roe deer stress response to a wind farms: Methodological and practical implications. *Ecological Indicators* 117 (2020) 106658.

<https://ust.is/veidi/hreindyr/veidisvaedi/>

www.domstol.no (2021) HR-2021-1975-S, (sak nr. 20-143891SIV-HRET), (sak nr. 20-143892SIV-HRET) og (sak nr. 20-143893SIV-HRET),
<https://www.domstol.no/globalassets/upload/hret/avgjorelser/2021/oktober-2021/hr-2021-1975-s.pdf>

www.orkustofnun.is (2020) Tilhögun virkjunarkosts R4313A Klausturselsvirkjun.
https://orkustofnun.is/gogn/Rammaaetlun/rammi4/R4313A-Klausturselsvirkjun-Zephyr_Iceland.pdf

Skipulagsstofnun

Athugasemdir við matsáætlun um vindorkugarður allt að 500 MW í Klausturseli Múlþingi

Til þeirra er málið varðar.

Undirrituð leggjast alfarið gegn þeim áformum að reisa „vindorkugarð“ sem kynnt er í matsáætlun með eftirfarandi rökum.

Undirritaðir eru eigendur og ábúendur Hákonarstaða á Jökuldal en jörðin er í næsta nágrenni við Klaustursel vestan Jökulsár á dal (norðan samkv málvenju Jökuldælinga).

Áform um byggingu svo mikilla mannvirkja sem er kynnt sem vindorkugarður en er í raun vindmylluver munu hafa gríðarlega mikil sjónræn áhrif á Hákonarstaði. Þau eru verulega neikvæð sem mun leiða til rýrnun á verðgildi jarðar og notkunar möguleikum í lítt snortnu víðerni svo sem þess hluta Jökuldalsheiðar sem tilheyrir jörðinni. Þá er ljóst m.v. mynd 5.1 sem sýnir sjónræn áhrif vindmylla að ekki þarf að fara langt frá bæjarstæði til að þær sjáist m.a. af Þjóðvegi 923 í landi undirritaðra.

Frekari rökstuðningur

Undirrituð hafa verið í samstarfi landeiganda jarðanna Hákonarstaða, Klaustursels og Grundar, með Austurbrú og sveitarfélaginu Múlþingi um mótun rammaskipulags. Tilgangurinn með samstarfinu er m.a. að stuðla að opinberri og staðbundinni stefnumótun, ábyrgri nýtingu ásamt gæða og fagurfræði í hönnun innviða. Stuðst er við aðferð sem kallast Ábyrg þróun áfangastaða, svokallað T.E.R.R.A módel þar sem notast er við aðferðafræði hönnunarhugsunar. Rammaskipulag er á leið í umsagnarferli í janúar og fellur bygging vindorkuvers í Klausturseli engan veginn að þeirri hugmyndafræði.

Fjöldi ferðamanna á upptöku svæði Stuðlagils hefur stigmagnast og áætlaður fjöldi næsta árs um 160 þúsund manns. Samkvæmt arðsemis og þolmarkargreiningu verkfræðistofunnar Eflu fyrir svæðið innan sjö ára tvöfaldist ferðamannafjöldi á Efra Jökuldal og aukist hægfara fram að 2040 þegar fjöldinn er áætlaður um hálf milljón ferðamanna.

Hagsmundir undirritaðara eru því mjög mikilir við uppbyggingu á ferðaþjónustu sem tengist Jökuldalsheiði, nærumhverfi og upplifun af náttúru. Þar er vindorkuver engan veginn að falla að þeirri hugmyndafræði útfrá sjónrænum áhrifum lítt snortins víðernins eins og áður er getið. Risastórar vindmyllur eru í verulegu ósamsæmi við form og hlutföll í landslaginu, þannig að markverð og verðmæt kennileiti eða landslagseinkenni eru borin ofurliði.

Þegar Kröflína 3 var lögð mótmæltu undirrituð þeirri framkvæmd með á grundvelli þessa að ásýnd línunnar hefðu neikvæð áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Áform um vindorkugarð að þessari stærðargráðu réttlætir ekki þá hugsun að það sé sjálfgefið að nýta þegar röskuðu svæði. Enda engar samþykktir fyrir því með veru þeirra háspennulína sem liggja um Jökuldals og Fljótsdalsheiði að heimilt sé að raska enn frekar og þá síst með svo miklum mannvirkjum sem þessu vindorkuveri.

Í matsskýrslu á bls 15 er sýnd mynd af fræðilegum sýnileika en kortið er fremur gróft en þó má álykta að 90 vindmyllur eða allt vindorkuverið blasi við þegar uppá á Jökuldalsheiði er komið sem er eitt af framtíðar ferðamannasvæðum undirritaðra. Slíkt hefur veruleg áhrif sem er staðfest m.a í frummatsskýrslu við mat á útivist og ferðmennsku við lagningu

Kröflulínu 3. „Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum er sú að áhrif framkvæmdanna á ferðamennsku og útivist verði óveruleg neikvæð á öllu línusvæðinu nema við Möðrudal á Fjöllum og Sænantasel á Jökuldalsheiði, þar eru áhrifin talin talsvert neikvæð vegna áhrifa á framtíðargildi svæðanna til ferðamennsku“ (Heimild: 2017 [2509-321-Frummatsskýrsla-KR3---8.03.2017.pdf \(efla.is\)](#))

Fjöldi hárra vindmylla sem mynda vindorkuver hafa geigvænleg sjónræn áhrif og í sömu gögnum frummatsskýrslu um Kröflulínu 3 er hægt að hafa til hliðsjónar um áhrif mannvirkja eins og vindorkuver á landsvæðið. En þar segir „Frá Jökulsá á Fjöllum að Fljótdal er aðalvalkostur Kröflulínu 3 talinn hafa óverulega neikvæði áhrif á landslag þriggja landslagsheilda en talsvert neikvæð áhrif á landslag á Jökuldalsheiði og Fljótsdalsheiði. Ástæða þess er fyrst og fremst rask á votlendi sem nýtur verndar náttúruverndarlaga, svæðin eru fremur náttúruleg og lítið um mannvirki.“ (Heimild: 2017. [2509-321-Frummatsskýrsla-KR3---8.03.2017.pdf \(efla.is\)](#))

Þessu til viðbótar eru nokkur atriðið í skýrslunni mjög ábótavant og til þess eins að draga úr trúverðuleika framkvæmdaáðila um áhrif vindorkuvers á nærumhverfi sem og stóran hluta hálendis austurlands.

Á Austurlandi er búsvæði hreindýra á Íslandi og er það ein röksemd fyrir því að útiloka ætti staðsetningu vindorkuvers á þessum stað vegna sérstöðu hreindýra. Það er þekkt aðferð í Noregi þar sem ákveðin svæði eru útilokuð vegna mikilvægi þeirra fyrir hreindýr. (Heimild 2019. [Landslag-og-vindorka.pdf \(skipulag.is\)](#) Eins er með fuglalífið, gæsir, fálkar, rjúpur og aðra tegundir. Fuglaflóran er stór hér og verður pottþétt afföll hjá þessum vinum okkar.

Engin gögn eru kynnt um hljóðútbreiðslu frá vindorkugarði og áhrifa þess á nálægðar byggðir.

Hvergi er getið um ískast af völdum vindmylla, en það er vel þekkt fyrirbæri sem getur haft skaðleg áhrif og krefst vöktunar með tilheyrandi varúðarmerkingum. Því til viðbótar er hvergi fjallað um hugsanlega plastagna mengun á nálægðar byggðir og umhverfi, þekkt er að plastagnir berast langar vegalengdir með vindi og vatni mönnum og dýraríki til skaða.

Hákonarstaðir 6.1.2023

Gríða Dröfn Þóroardóttir
Páll H. Benediktsson

Athugasemd Guðmundur Gíslason

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Gudm. Gísla <gudm.gisla@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Guðmundur Gíslason
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 05.01.2023 00:00:00
Höfundur : Gudm. Gísla <gudm.gisla@gmail.com>

Allt að 500 MW vindorkugarður í Klausturseli, Múlaþingi

Varðandi þessi áform alment þá vantar löggin til að þetta verði að veruleika. Eru T.D. Fyrirvari um hver borgar niðurrif ef allt fer á versta veg?

Svo ekki sé talað um algert hrun ásýndar landssins.

Samkvæmt reynslu Norðmanna eru þeir núna að naga á sér neglurnar vegna allt of lélegra samninga er snýr að landsmönnum sjálfum og þar af leiðandi hærra orkuverð en víðast hvar annarstaðar.

Ekki hefur verið tekist á um þetta á þinginu og mæli ég með að EKKERT verði ákveðið fyrr en niðurstaða er kominn og þetta bundið í lög.

Er auðvitað ásamt mjög mörgum öðrum alveg á móti þessu ævintýri sem á eftir að kosta þjóðina sjálfstæði í orkumálum öllum!

Með von um skynsemi ofar öllu.

Gudmundur Gíslason
gudm.gisla@gmail.com

Óstaðsettur í 805
Grímsnesi

Til

Skipulagsstofnunar vegna matsáætlunar um vindorkuver í Klausturseli, Múlaþingi.

Almennt

Varðandi matsáætlunin sjálfa er það að segja að hún er illa unnin, upplýsingar litlar eða lélegar og vægast sagt loðnar. Það er því vart annað hægt að segja en hún sé í heild sinni óhæf eins og hún stendur.

Þó má finna einstakar upplýsingar í áætluninni. Þar er talað um 500MW framleiðslugetu og að vindtúrbínur hennar geti orðið allt að 90.

Vindtúrbínur.

Miðað við 500MW framleiðslugetu og 90 vindtúrbínur þarf framleiðslugeta hvernar túrbínu að vera a.m.k 5,6MW. Ef einhverjar eru minni þurfa aðrar að vera stærri. Í áætluninni er gert ráð fyrir að stærðir hvernar túrbínu verði 5 til 7MW. Þegar farið er inn á heimasíður vindtúrbínuframleiðenda kemur hins vegar í ljós að 5MW vindtúrbiða getur lægst orðið um 200 metrar á hæð, miðað við spaða í hæstu stöðu, en allt að 241 metri. 7MW vindtúrbínur eru heldur hærri, eða kringum 260 metrar, miðað við spaða í hæstu stöðu.

Þarna er mikill munur á og ljóst að verið er að draga eins mikið úr stærðum og hægt er. A.m.k. stemmir þessi útreikningur engan veginn. Reyndar er opnað á það í áætluninni að túrbínurnar geti orðið enn hærri, án þess þó að nefna hversu háar.

Ef mat á sýnileika þessa orkuvers er reiknað út frá 200 metra háum vindtúrbínum, er ljóst að sá útreikningur er rangur, þó geigvænlegur sé, sér í lagi þegar haldið er opnu að þær geti orðið nánast óendanlega háar.

Landnotkun.

Gert er ráð fyrir í matsáætluninni að svæðið undir þetta orkuver verði **4.110 ha**. Þarna er líklega um töluverðan vanreikning að ræða, þar sem áhrif á vind og tilurð vindstrengja sem þær vald, kallar á töluverða fjarlægð hver við aðra. Gera má ráð fyrir að landnotkun geti orðið allt að **18.000 ha**. Innan þess getur auðvitað önnur landnotkun verið, svo sem vegna safnhúsa og spennuvirkja. Einungis vegstæði að svæðinu bætist þar við. Þarna er um verulega skekkju að ræða sem gerir þessa skipulagsáætlun ónothæfa.

Dýralíf

Í þessari matsáætlun er lítið gert úr áhrifum á dýralíf á svæðinu. Ekki þarf annað en að skoða kort af því til að sjá að þetta svæði er bæði nokkuð gróðursælt en einnig mikið um smátjarnir á því. Það segir manni að mikið fuglalíf hlýtur að vera á svæðinu, auk þess sem jórturdýr sækja á það. Þar má til dæmis nefna hreindýr. Á síðasta ári féll í Noregi lokunardómur á vindorkuveri, vegna truflunar á beitarskilyrðum hreindýra.

Efnisþörf

Matsáætlunin gerir ráð fyrir að allt efnismagn á svæðinu verði á bilinu 230.000 m³ til 540.000 m³, geti þó orðið meiri. Ónákvæmnin þarna er hrópanði. Steypumagn í akkeri túrbínanna er áætlað um **54.000 m³**. Samkvæmt heimasíðu vindtúrbinuframleiðenda þarf steipt akkeri undir vindtúrbinu með framleiðslugetu upp á 6MW að ná að lágmarki 30 metra út fyrir túrbínuna og aldrei minni en 4 metrar á þykkt. Þó verður alltaf að fara niður á fast, þannig að þetta er lágmarkið, að mati framleiðenda. Þetta gerir að akkeri hveggjar túrbínu þarf að vera að lágmarki 11.000 m³. Ef það er síðan margfaldað með 90 kemur út **990.000 m³**. Töluvert stærri tala en sögð er í áætluninni og nærri helmingi hærri en öll efnisnotkun á svæðinu, sé tekið mið að hærri tölunni. Auðvitað geta menn svindlað á þessum kröfum framleiðenda og sparað sér aur, en hætt er við að þá kæmi upp svipuð staða og sumstaðar í Noregi, þar sem vindtúrbinurnar standa ekki af sér vetrarveðrin og falla í valinn. Veit reyndar ekki hvort þær virkjanir séu í eigu Zephyr.

Annað

Þarna er um að ræða orkuver af stærstu gerð, helmingi stærra en nokkur önnur hugmynd um beislun vinds hér á landi hljóðar upp á, ennþá. Einungis Fljótsdalsvirkjun verður stærri að uppsettu afli.

Í matsáætluninni er gjarnan talað um vindorkugarða og vindmillur. Rétt eins og annað í þessari áætlun er þetta bæði villandi og rangt. Þarna er hvorki um garð né millu að ræða, heldur orkuver af stærstu gerð knúið áfram af risastórum vindtúrbinum.

Garður hefur ýmsa meiningu í íslensku máli, getur verið afgirt svæði til ræktunar eða yndisauka, getur einnig verið hlaðinn garður úr torfi og grjóti, til að halda búsmala, en þaðan kemur orðið girðing. Garður getur aldrei orðið samheiti yfir einhver rísa orkuver, ekki frekar en að miðlunarlón vatnsorkuvera kallist tjörn.

Milla er eitthvað sem malar, t.d. korn, eins og orðanna hljóðan segir. Fyrr á öldum var vindur beislaður til að knýja slíkar millur en einnig vatnsorka. Aldrei er þó talað um vatnsmillur þegar rætt er um túrbínur vatnsorkuvera.

Það er því beinlínis rangt að tala um vindorkugarð, vindmillugarð eða vindmillur og ekki má heldur gleyma rangyrðinu í þessu sambandi þegar talað er um vindmillulund.

Þessar nafngiftir á þessi orkuver eru þó ekki nein tilviljun. Þetta er með ráðnum hug gert, til að fegra óskapnaðinn.

Tölum um hlutina með réttum nöfnum, **vindtúrbínur og vindorkuver**.

Að lokum.

Þessi matsáætlun fyrir Vindorkuver í Klausturseli er loðin, villandi og að stórum hluta til beinlínis röng. Hana ber því að senda til föðurrhúsanna og krefjast þess að betur sé að verki staðið, að allar staðreyndir verði leiðréttar og niðurstöður færðar til samræmis við þær.

Þarna er verið að ráðast freklega gegn náttúru landsins okkar og því lágmark að vel sé að málinu staðið. Að láta frá sér slíka skýrslu sem hér er kynnt er ekki bara móðgun við þjóðina, heldur ekki síður móðgun við landið okkar. Þetta sýnir svo ekki verður um villst að einskis er svifist til að koma fram vilja erlenda fjármagnsafla.

Náttúran á alltaf að njóta vafans.

Gunnar Þór Heiðarsson

Kt. 0303597049

Athugasemd Gunnlaugur Júlíusson

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Gunnlaugur Júlíusson <gunnlaugura@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Gunnlaugur Júlíusson
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 05.01.2023 00:00:00
Höfundur : Gunnlaugur Júlíusson <gunnlaugura@gmail.com>

Almennt

Varðandi vinnulag við matsáætlunin sjálfa er það að segja að hún er ófaglega og illa unnin, upplýsingar í henni litlar og vægast sagt loðnar. Það er því vart annað hægt að segja en hún sé í heild sinni óhæf eins og hún er lögð fram.

Þó má finna einstakar upplýsingar í áætluninni. Þar er talað um 500MW framleiðslugetu og að vindtúrbínur hennar geti orðið allt að 90.

Vindtúrbínur.

Fyrirhuguð stærð vindorkuversgarðsins er mjög á reiki. Samkvæmt reynslu frá nálægum löndum s.s. Noregi, Svíþjóð, Írlandi, Skotlandi og Shetlandseyjum hefur raunin verið sú að endanlega stærð er yfirleitt mun meiri en látið er í veðri vaka í þeim áætlunum sem birtar eru í upphafi undirbúningsferils framkvæmda.

Miðað við 500MW framleiðslugetu og 90 vindtúrbínur þarf framleiðslugeta hvernar túrbínu að vera a.m.k. 5,6MW. Ef einhverjar eru minni þurfa aðrar því að vera stærri. Í áætluninni er gert ráð fyrir að stærð hvernar túrbínu verði 5 til 7MW. Þegar farið er inn á heimasíður vindtúrbínuframleiðenda kemur hins vegar í ljós að 5MW vindtúrbína getur lægst orðið um 200 metrar á hæð, miðað við spaða í hæstu stöðu, en allt að 241 metri. 7MW vindtúrbínur eru heldur hærri, eða kringum 260 metrar, miðað við spaða í hæstu stöðu.

Þarna er mikill munur á og ljóst að verið er að draga eins mikið úr stærðum og hægt er. A.m.k. stemmir þessi útreikningur engan veginn við fyrirliggjandi staðreyndir. Reyndar er opnað á það í áætluninni að túrbínurnar geti orðið enn hærri, án þess þó að nefna hversu háar. Slík vinnubrögð eru alþekkt. Ef mat á sýnileika þessa orkuvers er reiknað út frá 200 metra háum vindtúrbínum, er ljóst að sá útreikningur er rangur, þó geigvænlegur sé, sér í lagi þegar haldið er opnu að þær geti orðið nánast óendanlega háar.

benda má á að vindorkuver eru farin að nálgast 300 metra hæð í nágrennalöndum Íslands.

Landnotkun.

Gert er ráð fyrir í matsáætluninni að svæðið undir þetta orkuver verði 4.110 ha. Þarna er líklega um töluverðan vanreikning að ræða, þar sem áhrif á vind og tilurð vindstrengja sem þær vald, kallar á töluverða fjarlægð hver við aðra. Fjarlægð milli vindorkuvera af þeirri stærð sem þarna um ræðir þarf að vera a.m.k. einn kílómeter. Gera má því ráð fyrir að landnotkun geti orðið allt að 18.000 ha. Innan þess getur auðvitað önnur landnotkun verið, svo sem vegna safnhúsa og spennuvirkja. Einungis vegstæði að svæðinu bætist þar við. Þarna er um verulega skekkju að ræða sem gerir þessa skipulagsáætlun ónothæfa.

Dýralíf

Í þessari matsáætlun er lítið gert úr áhrifum á dýralíf á svæðinu. Ekki þarf annað en að skoða kort af því til

að sjá að þetta svæði er bæði nokkuð gróðursælt en einnig mikið um smátjarnir á því. Það segir manni að mikið fuglalíf hlýtur að vera á svæðinu, auk þess sem jörturdýr sækja á það. Þar má til dæmis nefna hreindýr. Á síðasta ári féll í Noregi lokunardómur á vindorkuveri, vegna truflunar á beitarskilyrðum hreindýra.

Efnisþörf

Matsáætlunin gerir ráð fyrir að allt efnismagn á svæðinu verði á bilinu 230.000 m³ til 540.000 m³, geti þó orðið meiri. Ónákvæmnin þarna er hrópanði. Steypumagn í akkeri túrbínanna er áætlað um 54.000 m³. Samkvæmt heimasíðu vindtúrbinuframleiðenda þarf steipt akkeri undir vindtúrbinu með framleiðslugetu upp á 6MW að ná að lágmarki 30 metra út fyrir túrbínuna og aldrei minni en 4 metrar á þykkt. Þó verður alltaf að fara niður á fast, þannig að þetta er lágmarkið, að mati framleiðenda.

Þetta gerir að akkeri hveggur túrbínu þarf að vera að lágmarki 11.000 m³. Ef það er síðan margfaldað með 90 kemur út 990.000 m³. Töluvert stærri tala en sögð er í áætluninni og nærri helmingi hærri en öll efnisnotkun á svæðinu, sé tekið mið að hærri tölunni. Auðvitað geta menn svindlað á þessum kröfum framleiðenda og sparað sér aur, en hætt er við að þá kæmi upp svipuð staða og sumstaðar í Noregi, þar sem vindtúrbinurnar standa ekki af sér vetrarveður og brotna.

Mengun

Óumdeilanlegt er að vindorkuver menga umhverfi sitt. Örplast veðrast úr vængjum þeirra. Því meir sem vængir vindorkuveranna eru stærri og því meir sem úrkoma er meiri.

Vængirnir eru óendurvinnanlegir. Svo seint sem árið 2021 afgreiddi Norðurlandaráð samþykkt þess efnis að þau hinna norrænu landa yrðu að leggja allt kapp á að þróa leiðir til að koma vængjunum fyrir á annan hátt en að grafa þá.

Olíumengunarslys eru ekki fátíð þegar mótórar vindorkuvera bila. Í hverjum mótóru eru þúsundir lítra af olíu.

Ekkert liggur fyrir um hver hreinsar landið að endingartíma vindorkuveranna afloknum. Í um 40% tilvika í Noregi hefur reynt ómögulegt að finna út hverjir séu eigendur þeirra fyrirtækja sem reka vindorkuver.

Áhrif á ferðaþjónustu

Sjónmengun af slíkum vindorkuversgarði sem þarna um ræðir, verður gríðarleg. Risavaxin vindorkuverin munu sjást langar leiðir. Ásýnd nær- og fjærumhverfis garðsins mun þannig spillast. Ferðaþjónusta er á örfáum misserum orðin ein af mikilvægustu atvinnugreinum Íslands. Forsenda þes er að erlent ferðafólk vill í sívaxandi mæli njóta óspilltrar náttúru landsins.

Sem starfandi leiðsögumaður get ég án nokkurs vafa ályktað að uppbygging slíks risa vindorkuvera garðs í landi Klaustursels mun hafa áhrif á áhuga erlends ferðafólks til að heimsækja Austurland og vilja leiðsögumanna til að beina þeim til Austurlands.

Varaafli frá vatnsaflsvirkjunum.

Ekkert kemur fram hvar á að fá varaafli frá vatnsaflsvirkjunum handa svo risavöxnum vindorkuversgarði sem hér um ræðir þegar logn er og vindorkuverin framleiða ekki rafmagn. Íslenskar vatnsaflsvirkjanir hafa nóg með að uppfylla þá samninga sem hafa verið gerðir um afhendingu orku frá þeim. Samkvæmt upplýsingum frá nálægum löndum er nýting orkunnar frá slíkum varaafli virkjunum um 35-40%. Það er bein ávísun á herra raforkuverð vegna þess að mannvirkin eru ekki rekin með fullum afköstum. Orka frá varaaflostöðvarnar verður alltaf að vera til taks þegar slær í logn. Rétt er að minna á að hér er um að ræða vindorkuversgarð sem er álíka og Káraahjúkavirkjun að stærð.

Lagaumhverfi

Unnið er að setningu lagaramma um vindorkuver hérlendis. Starfshópur á vegum umhverfisráðuneytisins

vinnur að þeim málum. Einungis af þeim sökum ber að vísa fyrirætlunum sem hér um ræðir frá. Allt annað væri stjórnsýsla sem ætti hvergi heima nema í einhverju bananalýðveldi.

Miðað við þær fyrirætlanir sem liggja nú fyrir um uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi er ljóst að gangi þær eftir munu þær hafa afgerandi áhrif á ásýnd landsins til allrar framtíðar. Þær munu hafa afgerandi áhrif á möguleika Íslands til að markaðssetja sig erlendis sem eftirsóknarvert ferðamannaland sem býr yfir óspilltri náttúru.

Í augum margra erlendra ferðamanna er Ísland einstakt náttúrufyrirbrigði sem helst er að líkja við Galapagoseyjar.

Sjáum við fyrir okkur að settir yrðu upp tugir vindorkuvera garða á Galapagoseyjum með allt að 1000 risavöxnum vindorkuverum?

Svari þeir sem best til þekkja.

Annað

Þarna er um að ræða orkuver af stærstu gerð, helmingi stærra en nokkur önnur hugmynd um beislun vinds hér á landi hljóðar upp á, enn sem komið er. Einungis Fljótsdalsvirkjun verður stærri að uppsettu afli af þeim virkjunum sem fyrir eru í landinu.

Í matsáætluninni er gjarnan talað um vindorkugarða og vindmillur. Rétt eins og annað í þessari áætlun er þetta bæði villandi og rangt. Þarna er hvorki um garð né millu að ræða, heldur orkuver af stærstu gerð knúið áfram af risastórum vindtúrbínum.

Garður hefur ýmsa meiningu í íslensku máli, getur verið afgirt svæði til ræktunar eða yndisauka, getur einnig verið hlaðinn garður úr torfi og grjóti, til að halda búsmala, en þaðan kemur orðið girðing. Garður getur aldrei orðið samheiti yfir einhver rísa orkuver, ekki frekar en að miðlunarlón vatnsorkuvera kallist tjörn.

Milla er eitthvað sem malar, t.d. korn, eins og orðanna hljóðan segir. Fyrr á öldum var vindur beislaður til að knýja slíkar millur en einnig vatnsorka. Aldrei er þó talað um vatnsmillur þegar rætt er um túrbínur vatnsorkuvera.

Það er því beinlínis rangt að tala um vindorkugarð, vindmillugarð eða vindmillur og ekki má heldur gleyma rangyrðinu í þessu sambandi þegar talað er um vindmillulund.

Þessar nafngiftir á þessi orkuver eru þó ekki nein tilviljun. Þetta er með ráðnum hug gert, til að fegra óskapnaðinn.

Tölum um hlutina með réttum nöfnum, vindtúrbínur og vindorkuver.

Að lokum.

Fyrirliggjandi matsáætlun fyrir Vindorkuver í Klausturseli er loðin, villandi og að stórum hluta til beinlínis röng. Hana ber því að senda til föðurhúsanna og krefjast þess að betur sé að verki staðið, að allar villandi fullyrðingar og rangfærslur verði leiðréttar og niðurstöður færðar til samræmis við þær.

Þarna er verið að ráðast freklega gegn náttúru landsins okkar og því lágmark að vel sé að málinu staðið.

Að láta frá sér slíka skýrslu sem hér er kynnt er ekki bara móðgun við þjóðina, heldur ekki síður móðgun við landið okkar.

Þetta sýnir svo ekki verður um villst að einskis er svifist til að koma fram vilja erlenda fjármagnsafla.

Náttúran á alltaf að njóta vafans.

--

Gunnlaugur A. Júlíusson hagfræðingur og leiðsögumaður
Sími:8644886

Athugasemd Helgi Hlynur Ásgrímsson

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Helgi Hlynur Ásgrímsson <helgi.asgrimsson@mulathing.is>
Heiti : Athugasemd Helgi Hlynur Ásgrímsson
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 07.01.2023 00:00:00
Höfundur : Helgi Hlynur Ásgrímsson <helgi.asgrimsson@mulathing.is>

Það er í mínum huga fráleit staða að við skulum vera að fjalla um þessa loftkastala sem Zephyr setja hér fram, án samráðs við nokkurn aðila sem að slíku þarf að koma. Ekkert samráð við sveitarstjórn (hugsanlega var fundur með sveitarstjóra og einhverjum 25/01 2022 en hann var allavega ekki boðaður allri sveitarstjórn eða byggðaráði,) engir hugsanlegir kaupendur, ekkert skrifað um hvaðan jafnvægisorkan á að koma. Er planið að skella 500 megavöttum inn á kerfið þegar vindur er passlegur? Og á Landsvirkjun þá ekkert að fá greitt fyrir 500 megavött á meðan? Virkjun sem hefur uppsett afl 2% af því sem hér er sett fram á að fara í gegnum rammaáætlun en Zephyr mönnum hefur ekki þótt ástæða til að sækja um í það ferli og því tel ég að ekki ætti að eyða orku eða fjármunum í greinigu á þessu illa unna plaggi heldur hafna því hreinlega eins og það kemur fyrir.

Á austurlandi er nú þegar framleitt 27% af öllu rafmagni á Íslandi, það hlutfall þarf og ætti ekki að hækka.

Virðingarfyllt
Helgi Hlynur Ásgrímsson
Sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi
011069 5259

Athugasemdir við matsáætlun um “Allt að 500 MW vindorkugarður í Klausturseli, Múlaþingi” sem birt var á heimasíðu Skipulagsstofnunar þann 5. desember síðastliðinn.

Undirrituð vill koma á framfæri athugasemdum varðandi matsáætlun sem gerð var um vindorkugarð sem rísa á í Klausturseli á Jökuldal. Leggst undirrituð gegn þessari framkvæmd sérstaklega þegar margir vankantar virðast vera á því mati sem gert hefur verið, en viljandi virðist hafa verið skautað framhjá atriðum sem mikilvægt er að meta inn í þegar verið er að taka ákvörðun um svo stóra framkvæmd.

Undirrituð er fædd, uppalin og enn til heimilis á Skjöldólfsstöðum 2, Jökuldal þegar þessi orð eru rituð og því vel innan þeirra marka sem áætlað áhrifasvæði framkvæmdarinnar er.

Athugasemdir:

Fyrst ber að nefna ásýndina (sem réttilega er gert skil í skýrslunni). Ég er svo heppin að vera búsett á svæði þar sem ég get séð allar 90 vindmyllurnar blasa við. Þetta mun hafa mikil áhrif á það landslag sem ber fyrir augu frá heimili mínu. Hinsvegar liggja engin gögn fyrir um í hversu stórum radíus má gera ráð fyrir truflun vegna hljóðs frá vindorkuverinu. Þar þarf einnig að gera ráð fyrir hljóðum sem mennskt eyra nemur ekki endilega en þar sem við stundum búfjarrækt á jörðinni okkar væri að sjálfsögðu leiðinlegt ef dýrin yrðu fyrir ónæði af völdum framkvæmdanna sem gæti orsakað breytt hegðunarmynstur og jafnvel afurðartap vegna stress.

Í matsáætluninni er fjallað um áhrif fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á gróður þar sem réttilega er bent á að á svæðinu eru vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og er nauðsynlegt að taka tillit til þess. Einnig er minnst á að vegna skorts á gögnum þurfi að vinna sérstaka fuglarannsókn þar sem meðal annars yrði fókusað á varptíma fugla á svæðinu sem og flug farfugla um svæðið.

Það gleymist hinsvegar alveg að minnast á og gera grein fyrir þeim landspendýrum sem í dag nýta landsvæðið sem um ræðir. Ber þá hæst að nefna hreindýrin en þau eru stærstu viltu spendýr sem landið okkar Ísland hefur upp á að bjóða og hafa verið sérstaða Austurlands. Bú- og burðarsvæði þeirra hafa þegar átt undir högg að sækja á svæðinu vegna annarra orkuframkvæmda (ber þá fyrst að nefna Kárahnjúkavirkjun) svo nauðsynlegt er að hafa þau

með í samantektinni. Á svæðinu eru einnig bæði heimskautarefir og minkar en síðast en ekki síst gengur búpeningur um svæðið yfir sumartímann. Þótt þessi dýr séu ekki öll jafn vinsæl og arðbær og hreindýrin þá þarf engu að síður að kanna hvernig þau nýta svæðið í dag og hvaða áhrif vindmyllugarður myndi hafa á þá landnýtingu. Myndi það t.d. valda búsvæðisflutningum yfir á önnur svæði sem geta mögulega ekki borið meiri fjölda án ágangs á þau svæði?

Að lokum langar mig að minnast á örplastmengun frá vindmyllum, en ekkert er minnst á slíka mengun í skýrslunni. Hér er eflaust um að ræða alvarlegasta þáttinn enda hefur örplast áhrif á þá sem búsettir eru á svæðinu, þau dýr sem ganga um svæðið þar á meðal búpening og alla sem neita afurða frá þeim.

Þetta örplast á sér uppruna í spöðum vindmyllanna, en þær eru oftast samsettar úr “glass fibers” og epoxy efnum. Þar sem losun örplasts frá vindmyllum er mismunandi eftir aðstæðum í hverju landi fyrir sig er erfitt að meta hver slík losun yrði hér á landi. Í Noregi liggja engar fastar vísindarannsóknir fyrir um losun örplasts frá vindmyllum þar í landi en áætlað er að magnið sé einhversstaðar á milli 150 g og 207 kg á ári fyrir hverja vindmyllu í landinu (Energy central, 2021). Solberg, Rimereit og Weinbach gerðu úttekt árið 2021 fyrir mengun frá vindmyllum í Noregi og áætluðu þar að vindmyllur sem hefðu 120m vænghaf losuðu sennilega frá sér 62 kg af örplasti á ári. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir, að fyrirætluð hæð þeirra vindmylla sem reisa á við Klaustursel séu 150-200 m þá má ætla að vænghafið verði á bilinu 80-130m. Ef við gefum okkur að þessar 90 vindmyllur hafi allar 120 m vænghaf og losi frá sér 62 kg af örplasti hver á ári, þá eru þetta rúmlega 5,5 tonn af örplasti sem losnar út í umhverfið árlega frá þessari framkvæmd. Örplasti sem berst með vindum og vatni í töluverðan radíus frá framkvæmdarsvæðinu. Örplasti sem hafnar í drykkjarvatni íbúa svæðisins (þar sem jú við erum flest ef ekki öll með okkar eigin vatnsbrunna sem eru yfirborðsbrunnar en ekki borað eftir vatni lengst ofan í jörð). Örplasti í vatnsbólum og beitarsvæðum þeirra dýra sem nýta landið. Örplast sem mun skila sér í dýrin þessa leiðina og þannig til allra þeirra sem neyta dýraafurða sem upprunnar eru á svæðinu, hvort sem það eru fuglar, búpeningur, hreindýr eða fiskur. Örplast, sem kemur jú að megninu til frá epoxy resin sem notað er í vindmylluvængina. Epoxy resin sem er að stóru leyti byggt upp af bisphenol A sem er talið hafa áhrif á frjósemi bæði manna og dýra (Machtinger og Orvieto, 2014, Matuszczak et al, 2019). Fyrir mitt leyti er þetta of mikil áhætta og óvissa sem verið er að leika sér með á kostnað íbúa svæðisins sem og annarra lífvera. Hluti sem ill- eða ómögulegt er að taka til baka eftir að framkvæmt hefur verið.

Hrafnkátla Eiríksdóttir
Cand.scient in Animal Science
BSc í náttúru- og umhverfisfræði
Ábúandi á Skjöldólfsstöðum 2, Jökuldal

Heimildir:

Energy central (2021, 17 ágúst)

<https://energycentral.com/news/norway-fact-checks-nine-disputed-wind-power-claims>

Machtinger og Orvieto (2014). Bisphenol A, oocyte maturation, implantation, and IVF outcome: review of animal and human data. <https://doi.org/10.1016/j.rbmo.2014.06.013>

Matuszczak, Komarowska, Debek og Hermanowicz (2019). The impact of Bisphenol A on fertility, reproductive system, and development: A review of the literature.

<https://doi.org/10.1155/2019/4068717>

Solberg, Rimereit og Weinbach (2021). Leading Edge erosion and pollution from wind turbine blades.

Athugasemdir vegna vindorkugarðs í landi Klaustursels Jökuldal.

Meðfylgjandi athugasemdir eru sendar af íbúa og landeigendum að Grund Jökuldal. Auglýsing um matsáætlun kom algjörlega á óvart og hafa aðilar að fyrirhuguðum vindorkugarði ekki verið í neinu samráði við næstu nágretta þar sem vindorkugarður mun hafa veruleg neikvæð áhrif.

Í matsáætlun er fjallað um fjarlægð frá vindorkugarði að Grund sé 2-3 km og á öðrum stöðum í matsáætlun 4 km. Það skiptir ekki öllu hvort er, fyrirhugaður vindorkugarður mjög nálægt og sýnilegt frá bæjunum Grund, Hákonarstöðum I, II og III og fjölmennasta ferðamannastað Austurlands, Stuðlagili.


1. Stærð og umfang

Hér er verið að undirbúa allt að 500 MW vindorkuvirkjun með 100 vindmyllum. Til samanburðar er afl Kárahnjúkavirkjunar 690 MW. Þó að í matsáætlun sé verið að draga úr umfangi með huglægu mati um ýmsa áfangaskiptingu í uppbyggingu þá skiptir það ekki öllu heldur eru hér hugmyndir um risa orkugarð að ræða. Þegar Kárahnjúkavirkjun var í uppbyggingu fór hálf þjóðin á hliðina yfir stærð og umfangi. Hér er lítið minna umfang að ræða, og það sem verra er að ásýndarmengun og hljóðmengun er margfalt meiri en við Kárahnjúkavirkjun.

Skv. matsáætlun er gert ráð fyrir að alf hverrar vindmyllu verði 5-7 MW og að hver vindmylla verði um 200 m. að hæð miðað við þegar spaði er í hæstu stöðu, lengd spaða um 100 m, sem þýðir að að 200 m. hæð dugar engan vegin fyrir 2x100 m spaða og því er ósamræmi í matsáætlun. Jafnframt segir í matsáætlun að „eftir því sem dregur á framkvæmdatíma er því mögulegt að færri en eitthvað stærri vindmyllur ...“ Hér er ekki útilokað að fyrirhugaðar vindmyllur verði vel yfir 200 m að hæð og vel væri hægt að rökstyðja að hér er verið að leggja grunn að 250-300 m háum vindmyllum.

Eina vindorkuver landsins við Búrfell, sem Landsvirkjun rekur, er með 3 vindmyllur með uppsett afl upp á 0,9 MW og eru 77 m háar hverja vindmyllu.

Til samanburðar er Hallgrímskirkja 74 m há. Vindmylla við Búrfell er rúmlega ein Hallgrímskirkja. Fyrirhugaðar vindmyllur í Klausturseli nánast 3 Hallgrímskirkjur (miðað við 200 m), og jafnvel hærri eins og nefnt er í matsáætlun.



Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við stórhugmyndir að ramma inn 72% af Kárahnjúkavirkjun í risavindorkugarði, þar sem veruleg ásýndarmengun er um allt hálendi Austurlands, í byggð á Jökuldal, á vinsælum ferðamannastöðum og þar sem ferðaþjónusta er að byggjast upp. Því er harðlega mótmælt að staðsetja risavindorkuver á svæði sem mun hafa veruleg áhrif á upplifun ferðamanna í ósnortinni náttúru, að íbúar og landeigendur á Jökuldal þurfi eiga það á hættu að hafa fyrir augun sér þennan vindmyllu frumskóg ásamt verulegri hættu á hljóðmengun þar sem eingöngu 2-4 km er á næsta sveitabæ.

Fyrirhugaður vindorkugarður í Klausturselsheiði mun hafa óafturkræf og verulega neikvæð áhrif á landslag, ásýnd, náttúru, dýralíf og samfélag.

2. Aðkoma og framkvæmdasvæði

Í matsáætlun er fjallað um að að „góðir innviðir“ eru til staðar vegna undirbúnings og aðflutninga inn á svæðið og þar sem Fljótsdalsheiði er utan vegakerfisins „þarf umtalsverða vegagerð til að unnt sé að koma vindmyllum á staðinn“. Á öðrum stað segir að „góð vegtenging er á milli svæðisins og Reyðarfjarðarhafnar“. Einnig er fjallað um að svæðið er ekki langt frá stærstu vikjun landsins. Jafnframt er fjallað um að engin byggð er á svæðinu og helstu mannvirki eru línuslóðir meðfram Kröflulínu. Síðan er fjallað um á öðrum stað að fyrirhugaður vindorkugarður er nálægt frístundasvæði, verslunar- og þjónustusvæði ásamt bæjunum Hákonarstöðum og Grund.

Þeir „góðu innviðir“ sem fjallað er um, er hið gagnstæða. Það eru vegslóðar inn á framkvæmdasvæðið og eingöngu fyrir létttaflutning, ekki þungaflutning. Almenna vegakerfið býður ekki upp á fyrirhugaða flutninga. Þó að góð vegtenging er frá höfn á Reyðarfirði og inn á framkvæmdasvæði þá er það eingöngu t.d. fyrir hefðbunda jeppa ekki þungaflutninga.

Það er einnig mjög óljóst hvernig það tengist uppbyggingu vindorkugarðs í heiðinni ofan við Klaustursel að vera ekki langt frá stærstu virkjun landsins. Um 20 km loftlína er á milli þessara svæða og engar vegasamgöngur né innviðir sem tengja svæðin saman.

Í Matskýrslu (Landsnet, 2017) um kröflulínu 3 er fjallað um svæðið sem háspennulína liggur um Klausturselsheiði. Þar segir ma: „Hvað slóðagerð varðar er Fljótsdalsheiði erfiðasti hluti línuleiðarinnar. Mikið votlendi er á heiðinni og er því reiknað með töluverðri efnisþörf“. Svo segir á öðrum stað „Aðalslóðin liggur innan helgunarsvæðis línunnar á langstærstum hluta leiðarinnar...“, *Fyrirhugað framkvæmdasvæði er því á mjög votlendu svæði og þeir línuslóðar sem nefndir eru í matsáætlun sem „innviðir“ sem væri hægt að byggja á, eru að langstærstum hluta innan helgunarsvæðis Landsnets vegna Kröflulínu 2 og 3.*

Í matsáætlun er fjallað um eftirfarandi varðandi þungaflutninga:

- Gert er ráð fyrir 100 vindmyllum, 200 m háar (verða væntanlega hærri).
- Nota þarf allt að þrjá krana. Hver krani (sem reisir vindmyllur) þarf 40 ferðir flutningabíla, samtals 120 flutningsbíla.
- Fyrir hverja vindmyllu þarf 10 ferðir flutningabíla með íhluti, sem gerir 1.000 ferðir aðra leiðina
- Hver bíll er áætlaður 120-150 tonn og öxulþungi 12-15 tonn, sem gerir alls 120.000 – 150.000 tonn í heildar flutningi. Ef farmur fer yfir 49 tonn og/eða öxulþungi fer yfir 9,5 tonn er óleyfilegt að flytja hann án aðkomu Vegagerðarinnar.
- Lengsti farmur er 100 m. langur. Það er ógerlegt að flytja slíkan farm án verulegrar breytinga á vegum og mannvirkjum.
- Efnisflutningar allt að 540.000 m³, hver hefðbundinn bíll með vagni tekur um 11,5 m³ og búkolla 15-20 m³. Heildarflutningar gætu því orðið allt að 46.000 ferðir með jarðefni.

- Steypa allt að 54.000 m³ í 90 vindmyllur. Steypuflutningar, hefðbundinn steypubíll ber 7,5 m³, allt að 7.200 ferðir með steypu í 90 myllur og 8.000 ferðir fyrir 100 myllur.


Ef samþykkt verður að reisa umræddan vindorkugarð, þá er um leið búið veita leyfi fyrir slíka þungaflutninga. Heildar fjöldi ferða þungaflutninga gætu orðið 55.000 ferðir önnur leið og yfir 110.000 ferðir báðar leiðir, því bílar þurfa fara fram og til baka.

Heildarþungi sem hér um ræðir hleypur á hundruð þúsundunda tonna. Við byggingu Kárahnjúkavirkunar voru þungaflutningar brot af fyrirhugaðri framkvæmd. Vegurinn frá Egilsstöðum, inn Velli og Fljótsdal misseig allur við þá flutninga og er enn í dag hálfónýtur.

Þó að í matsáætlun sé fjallað um mögulega áfangaskiptingu í framkvæmd og fleiri en einn möguleika á framkvæmd þá er rétt að benda á umfang þungaflutninga í heild, því ef leyfi fæst fyrir 100 vindmyllum sem er 200 m háar eða hærri þá er búið ramma inn leyfi fyrir þessum flutningum.

Varðandi flutning vindmylla.

Gert er ráð fyrir sem fyrsta valkost að flytja allt efnið í vindmyllur, fyrir utan allt efni í vegi og plön, Reyðarfjörður – Egilsstaðir – Vellir - Fljótsdal – Fell – Þjóðvegur 1 norður fyrir Skjöldólfsstaði, vegur 923 að Klausturseli.




Rauður punktur = Vindorkugarður

Blár punktur = Stuðlagil og útivistarsvæði við það

Til að komast upp á Efra Jökuldal þarf að keyra í gegnum þéttbýlið á Egilsstöðum og sneiða fram hjá Lagarfljótsbrú. Brúin á Gilsá á Jökuldal er of veik fyrir slíka flutninga og taka þarf krók yfir á aflagðan malarveg með kröppum beyjum til að komast inn á veg 923. Vegur 923 er áratuga gamall vegur og var lagður í grunninn sem moldarvegur fyrir nokkra sveitarbæi, en með tilkomu Stuðlagils sem vinsælasta ferðamannastaðar Austurlands hefur berlega komið í ljós að vegurinn ber engan vegin þá umferð sem um hann fer og þá eru það venjulegir fólksbílar sem veginn fara. Rútur og venjulegir flutningabílar (t.d.

ruslabílar, olíubílar) hafa lent í vandræðum á veginum vegna þess hversu mjór hann er og burðarþol lélegt.

Annar valkostur er Reyðarfjörður – Egilsstaðir – Vellir -Fljótsdalur – inn að Kárahnjúkum. Þaðan væntanlega nýr vegur að vindorkusvæði.



Rauður punktur = Vindorkugarður

Blár punktur = Stuðlagil og útivistarsvæði við það



Vegur upp úr Fljótsdal.

Valkostur um að flytja búnað inn að Kárahnjúkavirkun er fjarstæðukenndur. Í fyrsta lagi er ómöguleiki keyra upp úr Fljótsdal þar sem mjög krappar beyjur og bratti er í fjallinu. Í öðru lagi ef tekst að koma

flutningslestinni upp fjallið hvernig á þá að koma farmi út í Klausturselsheiði? Bein loftlína frá Kárahnjúkum út í Klausturselsheiði er 20 km og engir vegir. Heiðin er votlendi, dalir, og ár.

Lengd farms, 100 m, er allt of langur flutningur til komast á milli Reyðarfjaraðar og framkvæmdasvæðis, t.d. í gegnum þéttbýlið á Egilsstöðum og fram hjá öllum þeim kröppu beyjum sem eru mjög víða í vegakerfinu t.d. er 90°beyja af vegi 923 við Hákonarstaði yfir í Klaustursel. Flutningslestin getur aldrei tekið þessa beyju nema verulegar vegaf framkvæmdir verið á vegamótum.

Í matsskýrslu segir að allar vegaf framkvæmdir verða með þeim hætti „að vegirnir uppfylli opinberar reglur og kröfur“. Hvergi í matsskýrslu er fjallað um hvað Vegagerð ríkisins eigi að finnast um þessi áform. Allir umræddir vegir sem fara þarf um eru á forræði Vegagerðarinnar. Fjöldi brúa eru orðnar 40-60 ára og voru aldrei hannaðar fyrir flutninga sem þessa. Má þar nefna Lagarfjót, Gilsá á Jökuldal, Grímsá á Völlum. Ný brú yfir Jökulsá á Dal við Klaustursel ber ekki þennan þunga. Vegurinn sem slíkur hefur mismunandi burðarþol og víða eru vegakaflar sem þola ekki hefðbunda umferð hvað þá þungaflutninga sem þessa.

Ljóst er að verulegar vegaf framkvæmdir þurfi að ráðast í en hvergi er fjallað um það hver ætli sjá um þá framkvæmd og hver ber kostnaðinn. Ef ætlunin er að íslenska ríkið eigi lagfæra alla vegi að framkvæmdasvæði svo hægt er að flytja þessa ofurflutninga, þá skýtur það verulega skökku við að slíkt sé hægt fyrir eina einaka framkvæmd, þó stór sé.

Einnig er fjallað um að vegaf framkvæmdir þurfi á nýju og ósnortu svæði, jafnvel tugi kílómetra. Það er verið að láta líta út að nýjar vegaf framkvæmdir verði á sama stað og núverani slóðar eru staðsettir á heiðinni. Slóðarnir eru flestir innan helgunarsvæðis Landsnets vegna Kröflulínu 2 og 3. Það er því mjög mikil einföldun að halda að það hafi ekki veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á náttúru, landslag og dýralíf ef byggður verður upp vegur fyrir þungaflutninga inn á heiði þar sem nú fer einn og einn jeppi um slóða. Einnig er rétt að benda á að mörk miðhálandis liggur að framkvæmdasvæðinu, en ekki er bent á að fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir eru mögulega inn á skilgreindu miðhálandissvæði.

Það kemur fram í matsáætlun að á Fljótsdalsheiði er mikið um mýrlendi og tjarnir. Slíkt landslag er kjörlendi dýra og er erfitt land fyrir miklar vegaf framkvæmdir þar sem vegurinn þarf að þola þungaflutninga eins og frammar greinir.

Í matsáætlun er tilgreint að „vindafar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Fljótsdalsheiði hefur verið metið út frá sögulegum gögnum frá **næstu** veðurstöðum Veðurstofu Íslands....“ Einnig segir að mældur verði vindur í 80 m hæð til að fá áreiðanlegri upplýsingar.

Næstu veðurstöðvar eru á Brú á Jökuldal, ofan í dal og í 13 km fjarlægði í beinni loftlínu, veðurstöð við Kárahnjúkavirkjun sem er í 20 km fjarlægð í beinni loftlínu, Möðrudal sem er í 40 km beinni loftlínu og Hallormsstaður í 31 km beinni loftlínu. *Núverandi gögn um vindmælingar eru ekki áreiðanlegar þar sem fjöll og dalir eru á milli veðurstöðva Veðurstofu Íslands og fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Einnig er vindmæling í 80 m hæð varla sýna rétta nálgun þegar fyrirhugaðar vindmyllur verða í og yfir 200 m hæð og jafnvel nokkuð stærri eins og segir í matsáætlun.*

Í matsáætlun kafla 1.3 segir að“ fyrirhugaðar framkvæmdir vegna vindorkugarðs á Klausturselsheiði eru jafnframt háðar eftirfarandi leyfum“. *Vegagerðin er ekki nefnd á nafn, en samt er þessi uppbygging háð því að vegir og brýr geti staðið af sér slíka ofurflutninga.*

Hvergi er fjallað um mögulega kolefnislosun vegna þungaflutninga á efni og íhlutun eða kolefnislosun vegna framræsingar á mýrlendi og brot á nýju landi.

Bygging vindorkugarðs í landi Klaustursels mun hafa óafturkræf og verulega neikvæð áhrif á landslag, náttúru, dýralíf og kolefnislosun.

3. Áhrif á flug

Fyrirhugaður vindorkugarður með vindmyllur í 200 m hæð og jafnvel hærri, eins og segir í matsáætlun, er í fluglínu á flugi til og frá Egilsstöðum. Flugvöllurinn á Egilsstöðum er alþjóðaflugvöllur og flugumferð um hann mun aukast næstu árin. *Það er líklegt að ef úr verður með uppbyggingu vindorkugarðs á þessu svæði þarf að hafa ljós á vinsmylluspöðum svo flugmenn geti séð spaðana. Um árabíl hefur verið starfrækt eitt langbygljumastur á Eiðum, 218 m hátt og til að það sé sýnilegt flugmönnum eru blikkljós á því mastri og er sýnilegt um langa leið. Ef af verður að reistur verði vindorkugarður þarf með einhverju móti hafa ljós (blikkandi) á þeim sem veldur mikilli ljósmengun til íbúa og ferðamanna og þá er ljóst að hálandi Austurlands er ekki lengur með fallega fjallasýn.*

Bygging vindorkugarðs í landi Klausturseli getur haft óafturkræf og verulega neikvæð áhrif á öryggi flugs og á íbúa og upplifun ferðamanna.

4. Efnistaka

Í matsáætlun er gert ráð fyrir allt að 540.000 m³ af efni í framkvæmdasvæðið. Einnig er gert ráð fyrir allt að 54.000 m³ af steypu í undirstöður.

Hver hefðbundinn steypubíll er að bera um 7,5 m³ og því gæti flutningur á steypu orðið allt að 8 þúsund bílar af steypu sem þarf að keyra inn á framkvæmdasvæðið fyrir 100 vindmyllur.

Það er þekkt að á efra Jökuldal er nánast ekkert jarðefni að hafa. Efnistaka af þeirri stærðargráðu sem nauðsynleg er í þessa framkvæmd er óframkvæmanleg nema úr stærri námum lengra frá.

Því er alfarið hafnað að efnistaka eða flutningur á efni verði með nokkru móti á svæðinu við Stuðlagil og á efra Jökuldal. Nálægar námur eru ekki á efra Jökuldal.

Bygging vindorkugarðs í landi Klaustursels hefur óafturkræf og verulega neikvæð áhrif á landslag og náttúru með slíkri efnistöku og flutningum.

5. Tenging við flutningkerfið

Í matsáætlun er fjallað um að stærsta virkjun landsins, Fljótsdalsstöð, sé í nágrenni við virkjunarsvæðið. *Það er þó um 20 km í beinni loftlínu.*

Síðan segir í matsáætlun að „eðli málsins samkvæmt gæti þurft að styrkja flutningskerfið.“ *Þetta þýðir á mannamáli að bæta þurfi við línur, staurum og enn frekari framkvæmd við háspennulínakerfi.*

Nýtt flutningskerfi frá framkvæmdasvæði mun hafa veruleg neikvæð og óafturkræf áhrif á náttúru, dýralíf, ásýnd hálandis á Austurlandi.

6. Dýralíf

Kafli um dýralíf í matsáætlun fjallar ekkert um hreindýr en heimasvæði þeirra er m.a. á Fljótsdalsheiði. Einnig er ekki fjallað sérstaklega um þá fuglategund sem er mjög ráðandi á Fljótsdalsheiði, það er heiðargæsin. Fljótsdalsheiði er eitt stærsta uppeldissvæði heiðargæsa á Íslandi.

Reynsla annarsstaðar s.s. á hálendinu í Skotlandi þar sem vindmyllugaður hefur verið byggður upp hverfa dýrin á stóru svæði frá vindmyllugarðinum. Þetta mun eiga við um hreindýr og fugla.


Bygging vindorkugarðs í landi Klaustursels hefur óafturkræf og verulega neikvæð áhrif á dýralíf á heiðinni.

7. Ásýndarmengun


Í matsáætlun segir að umrætt vindorkusvæði er „óbyggt svæði“ og ekki eru skilgreind einstök svæði með sérstök skipulagsákvæði „innan“ fyrirhugaðs vindorkugarðs. Jafnframt segir að „í grennd við fyrirhugaðan vindorkugarð, eru skilgreind nokkur frístunda- og verslunar og þjónustusvæði..“

Í matsáætlun er fjallað um að við mat á sjónrænum áhrifum er byggt á aðferðarfræði LUC (sem er illa útskýrt) og síðan tilgreindir nokkrir staðir þar sem meta á sjónræn áhrif.

Hér er skautað frá staðreyndum. Í fyrsta lagi er sjónlína frá vindorkusvæðinu að helsta og mest vaxandi ferðamannastað Austurlands. Það er innan við 4 km fjarlægð og ásýnd frá vindorkugarði inn á Hákonarstaði og Grund. Í öðru lagi er verið að skemma ásýnd svæðisins þar sem verið er að byggja upp ferðaþjónustu og afþreyingu. Í þriðja lagi er Sveitarfélagið Múlaþing að setja og samþykkja rammaskipulag þar sem verið er að skilgreina þetta sama svæði sem ferðaþjónustusvæði, náttúruskoðun með fjölda göngustíga, upplifunarsvæði fyrir ferðamenn og búið er að hanna mannvirki þar sem unnið er út frá að mannvirki falli sem mest að náttúru. Þessi áform eru í algjörrri andstæðu við það rammaskipulag sem búið er að vinna að síðustu misseri.




Skipulagssvæði rammaskipulags og er stór hluti þess með ásýndarmengun frá vindorkugarði



Ljósugulur stór kassi = Fyrirhugaður vindorkugarður
 Gulur kassi = Verslun, þjónusta, gisting, ferðaþjónusta
 Græn svæði = útivistarsvæði, sérstök náttúrvætti með mikið aðdráttarafli ferðamanna
 Blátt svæði = íbúar og ferðamenn dvelja og fara um
 Rauð lína = Kröflulína 2 og 3.

Hér er rétt að benda á að fjallið og heiðarbrúnnin úr dalnum og upp að framkvæmdasvæði er mjög aflíðandi og því er ásýndin töluvert inn á heiðina. Sem dæmi þá eru háspennulínustaur Landsnets í ca. 20 m hæð. Ef horft er til framkvæmdasvæðis utan við Grund þá eru sjáanlegir 3 staurasamstæður inn á heiðina í átt að framkvæmdasvæðinu. Staurar fyrir háspennulínur eru 10-12 sinnum lægri en áætlaðar vindmyllur. Því munu vindmyllur yfirgnæfa sjóndeildarhringinn úr nær samfélaginu.



Í matsáætlun er skilgreint áhrifasvæði vindmylla á Austurlandi m.t.t. sjónræns áhrifa. Fjölublátt svæði (skv. korti úr matsáætlun) sýnir að allar vindmyllurnar munu sjást á stóru svæði mið Austurlands, bæði í byggð og á ferð um hálendið, eða þær 100 vindmyllur sem fjallað er um í matsáætlun.

Það segir í matsáætlun að ekki sé útilokað að stærri vindmyllur verði raunin þá mun áhrifasvæðið margfaldast. Í samanburði við vindmyllur Landsvirkjunar við Búrfell, þar sem staðsettar eru 3 vindmyllur 75 m háar þá eru þessi áform algjörlega galin í eins óspilltri náttúru og raunin er á mið Austurlandi.

Í matsáætlun er fjallað um að skoða þurfi skuggaflökt og glampaáhrif frá vindmyllum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að gagnvart fólki sem ferðast um Jökuldal og íbúum þess t.d. á Hákonarstöðum og Grund þá er fyrirhugaður vindmyllugarður í sólarátt á vökutíma fólks og í björtu veðri er líklegt að sólin á bak við vindmyllur myndi skugga. Seinni part dags er sólin komin hinum megin við og þá eru líkur á glampaáhrifum inn á svæði sem fólk býr eða er að ferðast t.d. í Stuðalgil.

Bygging vindorkugarðs í landi Klaustursels hefur óafturkræf og verulega neikvæð áhrif á samfélag, atvinnuuppbyggingu, búsetu, þróun ferðaþjónustu, stærsta ferðamannastað Austurlands og upplifun ferðamanna.

8. Hljóðmengun

Í matsáætlun er fjallað um að fyrirhugað framkvæmdasvæði er kyrrlátt svæði þar sem umhverfishljóð eru ráðandi. Einnig er fjallað um að innanhúss mælingar framkvæmdaáðila verði lagðar til grundvallar til að meta áhrif hljóðs frá vindmyllum. Næsta búseta er 2-3 km frá framkvæmdasvæði og staðfest er í matsáætlun að vindmyllur gefa frá sér hljóð og helst þá lágtíðnihljóð. Í matsáætlun er fjallað um að við mat á áhrifum á hljóðvist er horft til „viðkvæmra viðtaka“ s.s. gönguleiðir, reið- eða hjólaleiðir. Ekki er sérstaklega horft til þess að vinsælasti ferðamannastaður Austurlands og íbúabyggð er í

nærumhverfi fyrirhugaðs vindorkugarðs og veruleg atvinnuuppbygging í ferðaþjónustu er á svæðinu. Hljóðmengun frá vindmyllum er staðreynd.

Bygging vindorkugarðs í Klausturseli hefur óafturkræf og verulega neikvæð áhrif á dýralíf og mögulega íbúa og ferðamenn sem sækja svæðið við Stuðlagil.

9. Samfélag

Í matsáætlun er fjallað um að ekki sé bein áhrif vindorkugarðs á íbúa nema ef vera skyldi sjónræn áhrif. Jafnframt segir að önnur áhrif lúta helst að mögulegum hliðaráhrifum í formi atvinnu og atvinnutekna á framkvæmdatíma og auknum tekjum til sveitarfélagsins vegna fasteignaskatta og mögulegra afnotagjalda af landsvæðinu sem um ræðir.

Nær samfélag við fyrirhugaðan vindorkugarð á Jökuldal hefur um áranna rás verið bændasamfélag með sauðfjárbúskap. Með tilkomu vinsælda Stuðlagils sem er aðeins í 2-4 km fjarlægð frá staðsetningu vindorkugarðs hefur opnast tækifæri fyrir samfélagið á Jökuldal að snúa sér einnig að ferðaþjónustu. Nú er í uppbyggingu ferðaþjónusta á nokkrum stöðum s.s. Hákonarstöðum, Klausturseli og Grund og stutt í ferðaþjónustu í Sænautaseli og Möðrudal.

Stuðlagil er nú orðinn vinsælasti ferðamannastaður Austurlands. Fjöldi ferðamanna sem koma á efra Jökuldal er nú um 150 þúsund manns á ári. Spár ganga út á að fjöldinn mun aukast verulega næstu ár og má gera ráð fyrir allt að 500 þúsund ferðamenn sækja þennan áfangastað. Fagaðilar í ferðaþjónustu telja Stuðlagil vera sterkasta segull Austurlands til að draga ferðamenn lengra út á landsbyggðina og þar með að dreifa ferðamönnum betur um landið. Að byggja upp risavindorkugarð, sem er með allt að 100 vindmyllur í 200 m. hæð (eða hærrí) er stærsta atлага að ferðaþjónustu á svæðinu og á upplifun ferðamanna. Slík áhrif hefur verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á samfélag.

Með tilkomu Stuðlagils og möguleika íbúa svæðisins að byggja upp ferðaþjónustu með eða án sauðfjárbúskap er verið að styrkja búsetuskilyrði fólks á Jökuldal og það sem meira er að íbúar eru að byggja upp sína eigin atvinnu.

Ef horft er út fyrir nær samfélagið og litið er til Austurlands og hálendi þess þá er sama uppi þar, sýnileiki vindmyllugarðs er slíkur að upplifun fólks mun vera neikvæð þegar hvítur risa skógur sést nánast hvar sem er farið.

Gerð er athugasemd um tillögur að myndatökustöðum í matsáætlun. Það merkilega við þessar staðsetningar er að þær eru valdar þar sem líkleg áhrif af sjónmengun vindmyllugarðs er lítil eða engin. Myndatökustaðir eru um allt þetta svæði, bæði hálendismyndir og í Jökuldalnum. Þróun á gönguleiðum sbr. rammaskipulag sem er í vinnslu, dreifir fólki meira um svæðið. Þessi tilraun að ákveða fyrirfram hvar fólk tekur myndir er eingöngu gerð til að gera lítið úr sjónmengun af vöðum þessa risa vindorkugarðs. Almennt má líta á að ef fólk vill upplifa náttútu, fjöll, óspillta náttúru, náttúrperlur þá hefur það neikvæð áhrif á upplifun ef risa vindorkugarður er oft í augsýn.

Gerð er athugasemd við fullyrðingu „að mögulegum hliðaráhrifum í formi atvinnu“ hafi jákvæð áhrif á nærsamfélagið á Jökuldal. Staðreynd er að landeigendur í Klausturseli munu hafa verulegar tekjur af slíkum garði. Vandséð er að hvaða atvinnu íbúar á mið Austurlandi hafi af slíkri framkvæmd, nema þá einstaka verktakar sem eru nú þegar upp fyrir haus í verkefnum og þá er líklegt að flytja þurfi inn stórverktaka samanber þegar bygging Kárahjúkavirkjunar var framkvæmd þegar stór vertaki frá Ítalíu sá um verkefnið að mestu.

Bygging vindorkugarðs í Klausturseli hefur óafturkræf og verulega neikvæð áhrif á samfélag, atvinnuuppbyggingu, búsetuskilyrði, upplifun ferðamanna og ímynd svæðisins.

10. Mat á umhverfisáhrifum

Í matsáætlun segir að við mat á umhverfisáhrifum skal meta hvort framkvæmd hafi í för með sér óafturkræf og neikvæð áhrif á matsþætti. Þeir matsþættir sem nefndir eru í matsáætlun fjalla um landslag, ásýnd og skuggaflökt, hljóðvist, jarðmyndanir, gróður, fugla, samfélag og fornminjar.

Það er ekki verið að leggja upp með að meta áhrifin á:

- *búsetu og viðveru hreindýra*
- *uppeldi og viðveru heiðargæsa*
- *mengun vegna framkvæmda s.s. kolefnislosun*
- *á stærsta og vinsælasta ferðamannastað Austurlands*
- *innviði (vegi, brýr, efnistaka) sem eru veikir fyrir*
- *hvernig á að standa að hreinsun á svæðinu ef illa fer í rekstri eða vindmyllur brenna, svo eitthvað sé nefnt.*

Ef raunin er sú að orkuskortur er á Austurlandi í nánustu framtíð þá liggur beinast við að nýta vannýtta vatnsaflorku sem víða er á svæðinu t.d. stækkun núverandi virkjana og þá nýtast innviðir sem nú þegar eru til staðar.

11. Lokaorð

Eðlilegt er að gera kröfu um samráð við íbúa og landeigendur sem eru á áhrifasvæði fyrirhugaðs vindmyllugarðs, samráð við Ferðafélög, Náttúrverndarfélög svo eitthvað sé nefnt.

Einnig er verulega varhugavert að heimila framkvæmdir við uppbyggingu vindorkugarðs þegar óljóst hver lagarammi eru um slíka orkuöflun á meðan vinna er í gangi á vegum löggjafavalds.

Íbúi og landeigendur að Grund hafna alfarið öllum hugmyndum um reisingu vindorkugarðs í landi Klaustursels.

Grund Jökuldal 5. janúar 2023

Kolbrún Sigurðardóttir 291146-3769

Stefanía K. Karlsdóttir 280164-4109

Jakob Karlsson 070565-3669

Grétar Karlsson 140469-3199

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b,

105 Reykjavík – sent með tölvupósti á: skipulag@skipulag.is þann 7. janúar 2023

Orð í belg um Matsáætlun fyrirtækisins Zephyr Iceland ehf um allt að 500 MW vindorkuver í Klausturseli á Fljótsdalsheiði í Múlaþingi. Skýrsla Mannvits í nóvember 2022 liggur til grundvallar.

Fyrst er athugasemd við notkun orðanna „vindmylla“ og „vindorkugarður“ í skýrslunni. Eðlilegra væri að tala um vindtúrbínur og vindorkuver sökum stærðar og umfangs þessa orkuvers.

Í Inngangi er fullyrt að tilgangur fyrirtækisins með vindorkuverum sé „að bjóða umhverfsvæna raforku á hagkvæmu og samkeppnishæfðu verði“

Hér skortir rök sem sýna fram á að hægt verði að standa við þessa tvívíðu fullyrðingu. Í fyrsta lagi hefur ekki verið sýnt fram á að framleiðsla á raforku með vindtúrbínum sé umhverfsvæn. Raunar síður en svo! Í öðru lagi kemur hvorki fram fyrir hverja á að framleiða raforku né hvar samkeppnin liggur. Hvaða markaðskönnun liggur hér til grundvallar? Hvert á að selja raforkuna? Þetta verður að liggja fyrir svo hægt sé að meta mögulegt endanlegt umfang orkuversins. E.t.v. er ekki raunhæft að ræða um stærra en 30MW orkuver, að því gefnu að það sé umhverfsvænt og krefjist ekki forgangs að orkukerfi allra landsmanna, með tilheyrandi hækkun á raforkuverði og óöryggi í afhendingu.

Því er haldið fram að Zephyr hafi mikla reynslu af rekstri vindorkuvera í Noregi. Sé þar með um 800MW í rekstri, sem og eitthvað í Svíþjóð. Eðlilegt væri að fá umsögn frá þeim sveitarfélögum í þessum löndum þar sem Zephyr hefur sett upp orkuver sín. Hvernig hefur til tekist? Hvert fer orkan og ágóði hennar?

Þegar um er að ræða jafn gríðarstórt orkuver og hér er kynnt, er ekki forsvaranlegt annað en sveitarstjórnarfolk og Skipulagsstofnun kynni sér feril og vinnuaðferðir þessa fyrirtækis til hlítar.

Í kafla 1.2. er talað um að jöfnunarafli eigi að sækja til stórra vatnsaflsvirkjana. Ætlast Zephyr til þess að innviðir Landsvirkjunar og Landsnets tryggi þeim jöfnunarafli?

Í því sambandi er vert að hafa í huga að Kárahnúkvirkjun með Hraunaveitum og öllu meðtöldu framleiðir 690 MW. Frá hverjum á taka orku þegar Klaustursels-orkuverið getur ekki framleitt neitt (eða lítið) vegna veðurfarsaðstæðna?

Þessari spurning þarf fyrirtækið að svara áður en hægt er að leggja mat á raunhæfni þeirra hugmynda sem hér eru settar fram – af býsna mikilli fljótfærni.

Í kafla 1.3 er sagt að orkuverið geti sótt virkjunarleyfi á grundvelli raforkulaga 65/2003. Meðal markmiða þeirra laga er að öryggi raforkuafhendingar sé tryggt, auk þess sem raforkukerfið á að vera þjóðhagslega hagkvæmt.

Jafn stórt orkuver og Zephyr kynnir, er augljóslega að stofna afhendingaröryggi í raforku til landsmanna í stórhættu, þar sem eitt af skilyrðum fyrir veitingu virkjunarleyfa er að leyfisskyld virkjun skuli tengjast inn á flutningskerfi raforku

á Íslandi – nema ef til stendur að flytja raforkuna beint frá virkjun til notanda, hugsanlega um sæstreng eða sem rafeldsneyti,

Kafla 2.1 og 2.2. Gildandi Landsskipulagstefna beinir því til sveitarfélaga að taka afstöðu til þess við skipulagsgerð hvort þau telji möguleika á vindorkuframleiðslu innan sinna vébanda. Tekið er fram að það þurfi að gera í sátt við náttúru og samfélag.

Íbúar Múlaþings þurfa að svara fyrir sitt samfélag. Núgildandi aðalskipulag heimilar ekki mannvirki (er „óbyggt svæði“) á áformuðu virkjunarstæði.

Vegna yfirstandandi vinnu Múlaþings við heildar-aðalskipulag er hér með skorað á sveitarstjórnarfólk og íbúa að ígrunda vandlega hvort það væri samfélaginu og náttúrunni fyrir bestu að ráðast í þá vegferð að heimila einkaraforkusölufyrirtæki aðgang að landi innan sveitarfélagsins áður en lög hafa verið sett um vindorkuver.

Í kafla 2.4 er þess getið að óljóst er hvort vindorka fellur undir lög nr 48/2011 um verndar-og orkunýtingaráætlun. Á meðan hvorki hefur verið úr því skorið á Alþingi, né þjóðin fengið ráðrúm til að átta sig á þeim kröfum einkafyrirtækja sem nú eru uppi, um byggingu vindorkuvera og rafeldsneytisverkmiðja, vítt og breytt í íslenskri náttúru, beini ég einlægri ósk til þeirra sem þetta lesa og fjalla eiga um fyrirætlanir Zephyr í Klausturseli – að fresta frekari skoðun á því matsferli sem Matsáætlun þessi er hluti af. Að minnsta kosti þar til Alþingi hefur gefist ráðrúm til að setja lög um vindorkuiðnaðinn og mögulega komist að þeirri niðurstöðu að stærri virkjanir skuli vera í opinberri eigu.

Það er allt of hratt farið hér, hvort sem litið er til náttúru, samfélags eða orkuöryggis almennings í þessu landi. Sá þrýstingur sem almenningur og sérfræðingar í stofnunum okkar finnum fyrir frá Zephyr og fleiri vindorku- og rafeldsneytisverksmiðjum er einfaldlega allt of mikill. Það verður að hægja á þessu hjóli. Af hverju liggur svona gríðarlega mikið á? Meira að segja Zephyr viðurkennir að „framfarir í vindorkutækni“ séu svo hraðar að tæknin kunni að byltast á fyrirhuguðum framkvæmdatíma þeirra á Fljótsdalheiði!

Því er haldið að okkur að allt sé þetta í þágu „innlendra orkuskipta“ en við sjáum í gegnum grænþvottinn. Það er verið að ræna Ísland með áhlaupi úr ýmsum áttum. Við –almenninur og sérfræðingar í þessu landi- látum það ekki gerast. Leggjum þessa matsáætlun til hliðar um sinn. Við verðum að skoða þetta betur!

K. Hulda Guðmundsdóttir
Fitjum í Skorradal sem er
undir álagi af ásælni Zephyr
á Brekkukambi á Botnsheiði.

Athugasemd Karólína Elísabetardóttir

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Karólína Elísabetardóttir <info@verlag-alpha-umi.de>
Heiti : Athugasemd Karólína Elísabetardóttir
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 06.01.2023 00:00:00
Höfundur : Karólína Elísabetardóttir <info@verlag-alpha-umi.de>

Góða kvöldið.

Mig langar að koma nokkrum grunnvallaratriðum á framfæri sem varða í raun alla fyrirhugaða vindorkugarða á Íslandi:

- Vindorka telst almennt sem "umhverfisvænn" og æskilegur valkostur í öðrum löndum. Ástæðan fyrir því er að hinir valkostir í þessum löndum eru kjarnorka, kol og olía. Það á ekki við Ísland; vindorka hefur þess vegna enga sérstaka kosti.
- Fá lönd búa yfir eins stórbrotinni og "ósnertri" náttúru og Ísland. Þess vegna er talsvert minna að tapa í þessum löndum varðandi sjónmengun, áhrifin á svæðisbundna loftslagið og m.a. fuglalífið en hér á landi.
- Það er enginn orkuskortur á Íslandi. Fáum öðrum löndum dettur í hug að selja erlendum fyrirtækjum rafmagn á óheyrnlega lágu verði sem menga þá í kjölfarið með stóriðju sína umhverfið sitt - og verða þar að auka til þess að ekki nógu mikið rafmagn er eftir fyrir heimamenn. Hér þyrfti að bregðast við á annan hátt.
- Hér er eingöngu um einkahagsmuni að ræða: Vindorkurafstöðvar og öll tækni eru framleidd erlendis, nærri allar "fjárfestingar" fara þess vegna til annara landa, og einungis örfá ný störf verða til hér á landi. Erlendir fjárfestir stórgræða og mjög fáir Íslendingar í viðbót en samfélagið sem heild tapar.

Bestu kveðjur

Karólína Elísabetardóttir, Hvammshlíð

Vindorkuver í einstöku heiðarlandi á heimsvísu í Múlapingi væri glæpur gegn náttúru – gegn framtíðarlandi sem er ekki í eigu þeirra sem nú lifa heldur komandi kynslóða.

Slikt raforkuver væri bein árás á vistkerfi, náttúru, dýralíf, mannlíf svo ekki sé minnst á hagkerfi. Ísland hefur hlutverki að gegna á heimsvísu þegar að náttúruvernd kemur. Allt það folk sem hingað sækir frá öllum heimshornum er að leita að því sem það hefur glatað: víðáttunni ósnortnu, heiðarlandi og hálöndum sem eru samfelld og órofin og því algjörlega með sérstöðu í veröldinni. Þessum gersemum er okkur íslendingum trúað fyrir stutta stund- að gæta lands og náttúru fyrir komandi kynslóðir- en ekki rústa fyrir örfáa skammsýna einstaklinga sem sjá skjótfenginn gróða og eru tilbúnir að fórna íslenskri náttúru fyrir augnablik í tilvistinni á Tenerife fyrir sig og sína.

Gott væri ef skipulagsyfírvöld tækju ekki þátt í því að smætta og fegra þessi raforkuver með því að misnota tungumálið og tala um garða, lundi og skóga. Heppilegt væri að byrja þar til að stilla hlutleysisklukkuna af.

Orkuvæðing heiðarlandsins í Múlapingi:

Sjónmengun yrði gríðarleg af vondorkuverum og sérstaklega þessu tiltekna orkuveri og liggur það nú þegar fyrir með mælingum. Ljósblikkandi skýjakljúfar að næturlagi með tilheyrandi skuggaflökti að deginum myndu gjörbylta ásýnd og öllu lífi á þessu landssvæði. Ekki er um að ræða litlar vindmyllur heldur 250 metra háar vind-túrvínur og rétt að benda aftur á misnotkun orkugeirans á tungumálinu í þessu samhengi, Erlendis hefur þessi leiðrétting víðast átt sér stað og fyrirbærið kallast wind-turbines.

Hljóðmengun er ávallt til staðar þar sem vindorkuver eru annarsvegjar. Hvinur og sláttur í túrbínunum með á annað hundrað metra spaðavidd. Öll lífsgæði eru fyrir bí hvað varðar öræfaupplifun, næringu frá náttúru, svo ekki sé minnst á atvinnustarfssemi í ferðaþjónustu sem selur einstaka heiðarlandið og hálindakyrrðina. (Fyrir þessu liggja margar rannsóknir sem má finna til)

Umhverfismengun hefur einnig verið rannsökuð og það liggur ljóst fyrir að plastagnir, bpa eða Bisphenol a, tærast út í andrúmsloftið af spöðunum og reglubundið þarf að smyrja því efni aftur á. Bpa veldur ófrjósemi í lífríki og yrði stöðugt dreift út í vötn og beitarhaga.

Vindorkuver er ekki grænt orkuver. Ósnortið landsvæði og náttúra er skilgreint uppá nýtt á skipulagi og fær heitið iðnaðarsvæði með tilheyrandi gjörbreyttu hlutverki og óafturkræfu. Tugþúsundir steypuþonna fara í jörð svo skýjakljúfarnir megi rísa, hver og einn á við þrefalda Hallgrímskirkjuturna, á ótal steypuþöllum með tilheyrandi vegakerfi á stóru svæði. Jarðrask er gríðarlegt og landið verður aldrei samt og svo sannarlega ekki afturkræft. (Þetta má sjá á dæmum frá svipuðum orkuverum erlendis).

Dýralíf og náttúra umturnast og jafnvægi raskast. Lönd hreindýra, heiðargæsar og fuglalíf á heiði er í hættu. Heiðarland og hálendisbreiður eru samfella, heildarvistkerfi þar sem eitt hefur áhrif á annað, allt spilar saman og inngríp af þessari stærðargráðu rústar lífríki á stóru svæði. (Hlutlausar rannsóknir liggja fyrir um áhrif vindorkuvera á náttúru og dýralíf).

Samfélag manna á stóru svæði skaðast. Fyrir margt löngu var samfélagið eystra klofið af deilum vegna Kárahnjúkavirkjunnar. Enn eru opin sár eftir þau átök. Virkjunin varð að veruleika, einhverjum til yndis og öðrum til ama. Eftir stendur að búið er að fara í gríðarlegar virkjanaframkvæmdir á heiðum og hálendi þar eystra. Svo miklar voru þær framkvæmdir að raforkuskortur á Austurlandi er ekki raunhæf röksemdafærsla í baráttu gráðugra fyrir erlendum vindorkuvirkjunum á ósnortnum heiðum. (Verið er að ryðja atvinnustarfssemi heimamanna úr vegi til að greiða götur erlendra virkjanarisa).

Fjölmörg önnur fyrirtæki sem nú þegar eru fyrir á stóru svæði verða fyrir fjárhagstjóni og nægir þar að nefna blómlega ferðaþjónustu sem þrífst víða í skjóli og boði hálendis og heiðalands.

Hagkvæmnin er engin fyrir þjóðarbúið. Það gefur auga leið að erlend stórfyrirtæki með ótrygga vindorku hengja sig á raforkukerfi landsmanna, komast í peningaáskrift og almenningur tapar að lokum. Dæmin hræða frá Noregi. Þar gætum við lært mikið á mistökum norðmanna – mun meira en af spánverjum og dönum en þangað hafa sveitarstjórnarfulltrúar og vindorkugreifar sótt námskeið á liðnu ári. Vindorkuver selja orkuna inn á landsnetið og ókurteisi við vitsmuni folk að halda því fram að hægt sé að stýra því hvert tiltekin raforka er seld. Þannig er ein sölubrella erlendu orkurisanna og húskarla þeirra að vindorkan sé forsenda fyrir einhverjum verksmiðjum svo sem efnaverksmiðju ofan í firði. Þetta er duttlungaorka sem fer eftir því hvort og hvernig vindar blása og eingöngu komin á teikniborðin til þess að koma gráðugum í áskrift af landsnetinu okkar allra.

Keyptar sjálfsrannsóknir til grundvallar. Langflestar, ef ekki allar, þær rannsóknir sem lagðar eru fyrir stjórnvöld, skipulagsyfírvöld og sveitarstjórnir og fjalla um umhverfisáhrif og efnahagsáhrif vindorkuvera eru keyptar af erlendu orkurisunum og því lítt marktækar. Margar stórar ráðgjafastofur hérlendis hafa lifibrauð sitt af því að útbúa slík plögg og fá nokkrar milljónir greiddar fyrir hverja skýrslu. Að auki gera færstar þeirra grein fyrir mikilvægustu áhrifaþáttunum sem eru náttúra og mannlíf. Almenningur hefur engin tók á að leggjast í kostnaðarsamar rannsóknir á alvarlegum afleiðingum slíkra orkuvera á mannlíf og náttúru og skipuleggja og kosta baráttu fyrir landareignum sínum og náttúru í návíginu við græðgina.

Þannig er lýðræðishallinn í þessari mikilvægustu náttúruverndarbaráttu okkar tíma.

Áform um vindorkuver á Íslandi eru svikamyllur og undirliggjandi er draumurinn um endalaus peningaáskrift af því sem ekki má nefna - sæstreng.

Það er sorglegt að horfa uppá óprúttna komast svo langt inni í almannakerfið með sín áform að almenningur þurfi að grípa til andófs um allt til að verjast árásum á landið og standa í stöðugum mótmælum og bréfaskriftum í eigin tíma og peningum til að stöðva stórslys.

Til þess á stjórnýslan að vera, kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi, ríkisstjórn og auðvitað löggjafarsamkundan sjálf.

Að lokum þetta: Heiðarlandið í Múlapingi er ekki einkamál örfárna fyrir austan. Það er fjöregg íslenskrar þjóðar og arfur afkomenda okkar allra, rétt eins og heiðarlandið í Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Dalabyggð, Bakkaflóa, Hörgárdal, Garpsdal, Dölum, á Melrakkaslétu, Húsavík, Langanesi, Breiðdal, Vatnsnesi, Rangárþingi, Mosfellsheiði og víðar þar sem lukkuriddarar merkja sér þúfur fyrir óafturkræf orkuver í einkaeigu.

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Rithöfundur, náttúruverndari og leiðsögumaður

Athugasemd Krístrún Elva

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Krístrún Elva <kristrunelva@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Krístrún Elva
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 05.01.2023 00:00:00
Höfundur : Krístrún Elva <kristrunelva@gmail.com>

Ég tel að við eigum að einblína á aðra hluti en vindorku sem mun hafa áhrif á útsýni í náttúrunni og er því að móti vindorkugarði í Klausturseli. Nú þegar höfum við á Austurlandi fórnað miklu fyrir framleiðslu rafmagns og áls, má þar nefna Kárahnjúkavirkjun sem er rétt hjá klausturseli og álverið á Reyðarfirði, þessir hlutir höfðu gríðarleg áhrif á stórt svæði og dýralífið a því svæði.

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: skipulag@skipulag.is

Reykjavík, 6. Janúar 2023

Efni: Klausturselsvirkjun: Umhverfismat – Matsáætlun í kynningu

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ítarlega fyrirbyggjandi áætlun um Klausturselsvirkjun. Sú lýsing sem þar kemur fram sýnir afar stórkallaleg áform sem munu hafa afar neikvæð áhrif á náttúru, landslag og víðerni. Stjórn Landverndar leggst því alfarið gegn þessum áformum óháð því í hvaða stærð vindorkuver á Fljótsdalsheiði / Klausturseli í Múlþingi verður sett fram.

Um er að ræða óafturkræfa aðför að lítt snortnum heiðarlendum Austurlands af áður óþekktri stærð. Á Austurlandi er nú þegar framleitt gríðarlegt magn af raforku, líklega með því mesta á hvert mannsbarn í heimi. Steinsnar frá áformuðu vindorkuveri er Háslón og Kárahnjúkastífla og Hraunaveita til viðbótar. Allt þetta nærsvæði er nú þegar raskað með óafturkræfum hætti með óásættanlegum en óafturkræfum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Þrátt fyrir að stjórn Landverndar leggist gegn þessum áform um Klausturselsvirkjun hefur stjórnin ákveðið koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um meginefni þessarar matsáætlunar, m.a. til að stuðla að því að ef áfram verður haldið þá verði allar hliðar málsins upplýstar en ekki eftir geðþótta og óskhyggju þeirra sem að áformunum standa.

Matsáætlun - Inngangur

Áform Zephyr um 500 MW vindorkuver á Fljótsdalsheiði er bein árás á heiðarlendur og náttúru Austurlands. Hvergi er í drögum að matsáætlunum vikið að með rökum hver þörf sé á slíkri virkjun og hvað þá að það liggja fyrir samningar um afhendingu á jafnvægisorku svo hægt sé að setja slíkt hervirki á svið í bakgarði íbúa á Héraði og Jökuldal.

Alhæft er í inngangi að um umhverfissvæna orku sé að ræða og á samkeppnishæfu verði. Í þessum efnunum telja skýrsluhöfundar sig ekki þurfa að færa rök fyrir staðhæfingum – í fyrsta lagi hvað sé umhverfissvænt við vindorkuver og í öðru lagi hvar eru röksemdarfærslur að finna um afhendingu á hagkvæmu og samkeppnishæfu verði. Ef taka á slíkar alhæfingar alvarlega verður að færa fyrir þeim rök. Það er jafn einfalt að alhæfa á móti að það sé engin fótur fyrir þessum staðhæfingum. Þegar talað er um hagkvæmni gangvart samfélaginu verður einnig að tilgreina óbeinan kostnað vegna skaða á náttúru og landi. Ekki verður sé að það sé ráðgert.

Þá segir í inngangi að stærð áfanga sé háð eftirspurn sem leiðir að áðurnefndi alhæfingu um vilyrði fyrir

samkeppnishæfu verði. Zephyr þarf að svara því hvort þeir séu reiðubúnir að reka vindorkufyrirtæki á Íslandi með gjaldskrá langt undir þeim viðmiðum sem sett eru t.d. á Norðurlöndunum sem þarf til að vindorkufyrirtæki geti borið sig fjárhagslega. Eða þýðir samkeppnishæft verð í huga Zephyr það verð sem þarf að hækka hér á almennum markaði ef vindorkuiðnaðinum verður gefin frjáls taumurinn?

Í heimalandi Zephyr hefur þurft að stórhækka verð til neytenda svo þessi óáreiðanlega orkuframleiðsla geti borið sig¹. Ef það er forsenda fyrir virkjununni að keyra upp raforkuverð á Íslandi telur Landvernd að best sé heima setið í þessu máli. Íslenskir neytendur og smá og meðalstór fyrirtæki á Íslandi þurfa á allt öðru að halda en þreföldun á raforkureikningum eins og sýnt hefur sig með aukinni innkomu vindorkuiðnaðarins hvar sem hann hefur stungið niður fæti á erlendri grund. Um þetta atriði verður að fjalla í áformuðu mati á umhverfisáhrifum.

1.2. Af hverju Fljótsdalsheiði

Á Fljótsdalsheiði telur Zephyr að séu afar hagkvæm veðurskilyrði þrátt fyrir að svæðið sé tiltölulega úrkomusamt og staðsetning í þeirri hæð að mikilla hitasveiflna gætir sem kallar meðal annars á ísingarhættu sem er afar óhagstæð vindorkuverum. Rigning og rok og sand- og leirfjúk frá Háslóni og upptökum þess eru sömuleiðis þekkt á þessu svæði eins og víðar um landið, nema hvað óvenjumikið leir og eða sandfjúk er yfir þetta svæði.

Vitnað er til að vindafar hafi verið metið út frá "sögulegum gögnum" en gera verður þó ráð fyrir að íttruðu kröfur verði gerðar um vindafarsmælingar og hljóta þá að verða gerðar kröfur um annan búnað en þann sem fyrirtækið hefur valið í eigin þágu. Vindmælingar og aðrar veðurfarsmælingar í 12 mánuði á Íslandi eru með öllu ómarktækar þar sem gríðarlegar veðurfarsveiflur geta verið á milli árstíða og ára, en vindorkuver eru sérstaklega viðkvæm fyrir miklum veðrabreytingum eins og einmitt einkenna íslenskt veðurfar. Staðhæfingar talsmanna vindorku hér á landi um að roklandið Ísland sé svo hagstætt fyrir vindorkuiðnaðinn er beinlínis rangt þar sem sýnt hefur verið fram á að bilanir í vindorkuverum eru algengastar í meðal- til miklum vindi, og fara hratt vaxandi með lækkuðu hitastigi og auknu rakastigi².

Gerð er athugasemd við að um leið og lýst er hversu hagkvæmt sé að tengjast flutningskerfinu að þá er hvergi vitnað til samráðs eða samskipta við eigenda flutningskerfisins, Landsnet. Þá sætir algjörri furðu að vísað sé til þess að Zephyr geti nýtt jöfnunarafi frá stórum vatnsaflsvirkjunum í nágrenni og þá án þess að nefna Kárahnjúkavirkjun eða Háslón á nafn. Hvaða forsendur telur hið erlenda orkufyrirtæki Zephyr sig hafa til að geta haldið því fram að það geti fengið aðgang að jöfnunarafli úr Kárahnjúkavirkjun? Fyrirtækið virðist gefa sér það að geta gengið í vatnsforðabúar Landsvirkjunar þegar vindorkuverin eru stopp sem engin veit hvað getur varað yfir langan tíma. Því er algjörlega ljóst að í matsáætlun þessari er viðurkennt að fyrirtækið Zephyr mun ekki geta haldið úti rekstri nema hengja sig á opinberar vatnsaflsvirkjanir í eigu þjóðarinnar sem mun leiða til keðjuverkandi afleiðinga sem aðrar

¹ <https://www.statkraft.no/nyheter/nyheter-og-pressemedlinger/arkiv/2021/slik-virker-det-hvorfor-gar-stromprisen-opp/>

<https://e24.no/det-groenne-skiftet/i/x4Xq5X/prisene-paa-sol-og-vindkraft->

[Energiföretagen förklarar: Därför ser vi nu högre elpriser - Energiföretagen Sverige \(energiforetagen.se\)](https://www.energiforetagen.se/)

² [Data-driven learning framework for associating weather conditions and wind turbine failures - ScienceDirect](https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0959652620300000)

Þjóðir eru nú að glíma við m.a. með verðhækkunum og óhagkvæmari rekstri vatnsaflsvirkjana, ef vindurinn á að vera í forgangi í sölu þegar vindur blæs og jafnvel offramleiðsla á rafmagni verður í gangi.

Þá kemur fram í þessum kafla að mögulega þurfi að styrkja hið nýuppbyggða flutningskerfi þ.e. Kröflulínu 3. Þetta telur stjórn Landverndar óábyrg áform enda mun sá reikningur að óbreyttu falla á Landsnet og hina almennu neytendur. Í framhaldi eru tómar getgátur og allt fari eftir því hverjir verða helstu notendur raforkunnar. Ljóst er að þessi hluti matskýrslunnar eru algjörlega fráleitir skýjaborgir þar sem framkvæmdaðili virðist ekki hafa hugmynd um hvert hann stefnir heldur bara ákveðin í að henda áformum í ferli án þess að hafa nokkurn málstað til að rökstyðja eða skýra nánar. Ekki verður því annað séð en að áformin séu öll á sandi byggð.

1.3. Matskylda framkvæmdar og leyfi og forsamráð.

Þrátt fyrir að vitnað sé til forsamráðs við sveitarfélagið Múlaþing þá liggur ekki fyrir nokkur afgreiðsla eða viljayfirlýsing af hálfu sveitarfélagsins til þessa verkefnis. Spyrja má því hvað gengur framkvæmdaðilum til að ráðast í gerð þessarar matsáætlunar þegar verkefnið hefur ekki einu sinni verið tekið fyrir hjá viðkomandi sveitarfélagi eða skipulagssviði þess og hvergi hefur verið líst yfir áhuga á verkefninu svo sýnt sé. Um almenna lýðræðislega umræðu í samfélaginu er ekki heldur að ræða heldur fyrst og fremst einhliða og áróðurskennd kynning framkvæmdaðila.

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við að setja slíkt og annað eins verkefni til auglýsingar hjá Skipulagsstofnun með engan sýnilegan eða opinberan stuðning við að setja verkefni þetta í matsferli. Hér í raun verið að bera á borð framkvæmd sem hefur viðtæk og líklega afar neikvæð samfélagsáhrif löngu áður en það er tímabært þar sem svo margar hliðar málsins eru illa ígrundaðar. Þetta er því bæðu sóun á fjármagni og vinnutíma opinberra stofnanna.

2. Skipulag og aðrar áætlanir

Vísað er til Landskipulagsstefnu um háleit markmið sem þar eru að finna meðal annars hvað varðar *”lífs-gæði, samkeppnishæfni, sjálfbæra þróun. Stuðla skuli að fjölbreyttri nýtingu lands í sátt við náttúru og landslag. Gefin skal kostur á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefur skipulagið kost á uppbyggingu raforku og flutningskerfis sem tryggir örugga afhendingu raforku. Í landsskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaga að taka afstöðu til þess við skipulagsgerð hvort möguleiki sé á framleiðslu á vindorku í sátt við náttúru- og samfélag.”*

Allt sem hér er tilgreint í Landskipulagsstefnu er í hróplegu ósamræmi við þau áform sem eru uppi. Staðreyndin er að það er fátt sjálfbært við þessar framkvæmdir, því síður að þær verði í sátt við náttúru og samfélag þar sem nú þegar hefur verið efnt til mikillar andstöðu við áform af þessu tagi víðsvegar um landið og umhverfisvernd sem tilgreind er í landskipulagsstefnu er eins fjarlæg og framast er hægt að hugsa sér með þessum áformum. Síðast af öllu sem tilgreint er í Landskipulagsstefnu í þessum kafla er afhendingaröryggi raforku. Þetta er einmitt sá vandi sem vindorkuiðnaðurinn hefur ekki getað tryggt og mun aldrei geta tryggt til framtíðar. Vindorkan er einmitt óstöðugasta raforkuframleiðsla sem fyrirfinnst hér á jörð og nægir þar að vísa til þeirra gríðarlegu vandamála sem við er að glíma nú um stundir á evrópskum orkumarkaði þar sem vindorka er komin í hættulega hátt hlutfall meðal þjóða sem hafa ekki orku úr að spila eins og Ísland hefur í dag. Landvernd vill því árétta að þessi vindorkuáform eins og

önnur hér á landi eru með öllu fráleitur kostur. Aðeins Landsvirkjun sjálf gæti nýtt vindorku að hluta vegna eignarhalds og aðgengis hins opinbera að stórum vatnsaflsvirkjunum. Að veita erlendum vindorkufyrirtækjum aðgengi að vatnsafl Landsvirkjunar líkist því að selja Landsvirkjun í bútum. Landsvirkjun hefur nú þegar samið af sér við erlenda stóriðju á kostnað neytenda í þessu landi hvað þá ef lagt yrði í þá stórhættulegu vegferð að skrifa undir langtímasamninga við erlend vindorkufyrirtæki og kynda þannig undir endanlegri eyðileggingu á raforkuframleiðslu og raforkukerfi landsins.

Í þessum kafla er bent á að hafin sé vinna við þrjú ný viðfangsefni í Landskipulagsstefnu. Loftslag, landslag og lýðheilsa. "Stefnumörkun um þessi viðfangsefni tengjast uppbyggingu vindorku". Þessi viðfangsefni eru öll góðra gjalda verð en ekkert af þeim getur fallið að uppbyggingu vindorkuvera af þeirri einföldu ástæðu að þau ganga þvert á öll þessi gildi eins og rannsóknir hafa sýnt með margvíslegum hætti erlendis. Vindorkuver eyðileggja landslagsheildir þar sem landslag er að finna og að sama skapi liggja fyrir umfjallanir og skýrslur um neikvæð áhrif vindorkuvera á lýðheilsu og samfélög sem þurfa að búa við slík mannvirki bæði í bakgarði sínum og í fjarlægð³. Við mat á þessum atriðum gagnvart Landskipulagsstefnu þarf að taka sérstaklega tillit til íslenskrar náttúru og landslags vegna einstæðrar sérstöðu og íslensk náttúra á að njóta vafans í stað þess að það sé sífellt verið að ögra henni með slíkum áformum sem hér um ræðir.

Í niðurlagi er bent á að nýtt sveitarfélag Múlaþing varð til árið 2020 þar sem fjögur sveitarfélög á Austurlandi sameinuðust. Þar liggur fyrir að vinna er hafinn við nýtt aðalskipulag. Í matsáætlun segir hinsvegar að stuðst verði við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs þar sem annað skipulag hafi ekki verið staðfest. Fljótsdalshérað er sem stjórnsýslustig ekki til og því er fráleitt af framkvæmdaðila að fara fram á að skipulagi verði breytt á grunni skipulags sveitarfélags sem hefur verið lagt niður, og það á sama tíma og unnið er að gerð nýs aðalskipulags fyrir nýtt sameinað sveitarfélag Múlaþings sem er að verða þriggja ára gamalt. Þetta verkefni er eðli máls af þeirri stærðargráðu að íbúar Múlaþings eiga að hafa jafnan rétt á að láta sig mál varða hvar sem þau eru búsett í sveitarfélaginu.

Vitnað er til sérstakrar vindorkugreiningar sem sveitarfélagið hefur látið vinna en hún liggur ekki fyrir sem stuðningsplagg með í þessari matsáætlun. Hinsvegar liggur fyrir að sama verkfræðistofa og vann þá greiningu er með hinni hendinni hvorutveggja að vinna fyrir vindorkufyrirtæki og með skipulag sveitarfélagsins. Þannig eru hagsmunatengsl með slíkum hætti að ekki er hægt að treysta því að fagleg vinnubrögð ráði ferð. Þegar verkfræðistofur hafa beina fjárhagslega hagsmuni af því að mæla með tilteknum svæðum fyrir vindorku þá er umtalsverð hætt á því að fagleg sjónarmið víki fyrir fjárhagslegum hagsmunum.. Þá er vitnað til forsamráðsfundar með fulltrúum frá sveitarfélaginu án þess að tiltekið sé hverjar undirtektir voru eða hvaða fulltrúa var um að ræða.

2.4. Rammaáætlun

Gerð er athugasemd við að fulltrúar Zephyr fullyrða að það sé vafa háð hvort þessi 500 MW virkjun falli undir verndar- og orkunýtingaráætlun. Þá er vitnað í gamlar heimildir að Orkustofnun sé þess mótfallin að vindorkuver eigi heima undir rammaáætlun. Rétt væri af fulltrúum Zephyr í þessum efnum að

³ [Tek til tårene fordi vindkraftutbygginga starter – NRK Møre og Romsdal – Lokale nyheter, TV og radio](#)
[Kulda held seg fram mot jul – varslar skyhøge straumprisar – NRK Vestland](#)

uppfæra heimildir sínar því ekki dugar að vitna til orða fyrrverandi orkumálastjóra eða fyrrverandi lögfræðings stofnunarinnar í þessum efnum. Séreðli vindorku sem orkukosts er ávarpað í þessum kafla en hvorki hér né á öðrum stöðum hafa þeir sem flaggað hafa þessu séreðli getað vísað til einherrar réttlætningar á þessu undarlega orðhengilshætti. Það að reynt sé að draga vindorku út fyrir sviga með þessu t.d. að vindurinn sé ekki staðbundin er auðvitað fráleitt – vindorkuverin eru staðbundin og hafa mikil umhverfisáhrif – rétt eins og vatnið í vatnsaflsvirkjunum og jarðvarmavirkjunum er ekki staðbundið það er á hreyfingu eins og vindurinn en virkjanirnar eru eftir sem áður staðbundnar⁴. Það er fráleitt að setja fram hugmyndir í niðurlagi þessa kafla sem Zephyr gerir varðandi flokkun virkjunarhugmynda með því að vilja halda vindorkuverum frá rammaáætlun með það fyrir augum að sleppa við lágmarkskröfur um faglega umfjöllun.

2.5. Verndarsvæði

Í þessum kafla vekur athygli hvernig fyrirtækið hyggst "lágmarka rask" á mögulegum verndarsvæðum, sem sérstæðar og/eða fágætar jarðmyndanir og vistgerðir er að finna. Viðhorf fyrirtækisins lýsir með þessu orðavali svo augljósri vanvirðingu gagnvart svæðinu. Zephyr hyggst lágmarka skaðann á fágætum vistgerðum í stað þess að viðbrögðin verði að láta náttúruna njóta vafans. Stuðlagil og Stuðlafoss eru steinsnar frá framkvæmdasvæðinu c.a. 4 km og þarf ekkert að orðlengja þær neikvæðu afleiðingar sem vindorkuver mun hafa á þann gífurlega fjölda fólks sem mun koma inn á svæðið til að skoða viðkomandi náttúruperlur, þessi uppbygging gengur því í berhöggi við allt það sem byggt hefur verið upp til að draga að ferðamenn á svæðið. Fyrir liggur að framkvæmdasvæðið hefur ekki verið rannsakað nægileg til að leggja mat á hvort ástæða er til að vernda meira en nú þegar hefur verið gert en þó er ljóst að svæðið inniheldur mikið af votlendi og öðrum viðkvæmum vistgerðum sem stefnt verður í algjöra tvísýnu ef af slíkum framkvæmdum yrði. Votlendi eru vernduð skv. 61. Gr. náttúruverndarlaga. Auk þess liggur fyrirhugað framkvæmdasvæði alveg við alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA). Vindorkuverið mun svo sjást víða að úr Vatnajökulsþjóðgarði og hafa neikvæð áhrif á helsta sérkenni þjóðgarðsins: víðsýni og landslag.

Fuglar

Auk farfugla á borð við heiðagæsir, álfir og fleiri, þá hefst himbrimi að við heiðavötn. Þá skal hafa í huga mikilvægi þess að rannsaka og vakta rjúpnastofninn á þessu svæði en í Noregi hafa rjúpur fjarlægst slík vindorkusvæði og merkjanleg fækkun hefur orðið í stofnstærð⁵. Utan þess má ætla að mikill fjöldi rjúpna muni enda sína lífdaga á áformuðu vindorkuveri, en rjúpur fljúga jafnmikið á turnana sjálfa eins og spaðana. Þá verpa fálkar í nálægð við áformaða Klausturselsvirkjun en ránfuglar eru í sérstakri hættu gagnvart vindorkuverum. Almennt séð eru vindorkuver ógn við ákveðna fuglastofna.

Hreindýr

Það má heita sérstakt rannsóknarefni hvernig höfundum hefur yfirsést að nefna hreindýr á nafn í þessari

⁴ [Vindorkuver eiga heima í rammaáætlun \(landvernd.is\)](https://landvernd.is)

[Umsögn: Vindorkuver þurfa að fara í gegnum rammaáætlun - Landvernd](#)

⁵ <https://www.nmf.no/2019/08/15/blir-smolalirypa-var-neste-geirfugl/>

https://energiognatur-no.translate.google/konsekvenser-for-naturmangfold/?x_tr_sl=no&x_tr_tl=is&x_tr_hl=is&x_tr_pto=wapp.

<https://www.nrk.no/mr/vindkraftverk-trenger-ikke-varsle-om-dode-fugler--kan-kastes-i-sopla-1.15335674>

matsáætlun. Annað hvort eru skýrsluhöfundar og fyrirtækið Zephyr svo illa að sér um að dýralíf og hálendi Austurlands að þeir viti ekki að það er eina búsvæði hreindýra á Íslandi eða þá að vísitandi hafa þeir sleppt því að skrifa sérstaklega um hreindýr á þessu svæði.

Það er lágmarkskrafa að hreindýrin verði sérstaklega tekin fyrir og umferð þeirra og hátterni rannsökuð innan þessa svæðis og sérstök vöktunaráætlun verði gerð. Ekki hefur enn verið hægt að staðhæfa rannsóknir sem hafa verið gerðar á hreindýrum í návist vindorkuvera nema í Norður Noregi þar sem búsvæði hreindýra á slóðum Sama voru eyðilögð með stóru vindorkuveri. Þar enduðu þó mál með sigri Sama í langvinnum málaferlum við vindorkufyrirtækið sem hefur verið gert að rífa vindorkuverið niður.

Líffræðileg fjölbreytni

Hnignun líffræðilegrar fjölbreytni er í dag ein af okkar helstu áskorunum í dag – votlendi jarðar hefur verið eyðilagt sem nemur 85% á yfirborði jarðar, á Íslandi hefur verið raskað gríðarlega mikið af votlendi á láglandi en tiltölulega litlu í samanburði á heiðum uppi. Því er sérstök ástæða til að ávarpa hér niðurstöður nýafstaðinnar COP 15 ráðstefnu sem lauk þann 19. desember síðastliðnum í Montreal. Þar var skorað á þjóðir heims að stöðva áframhaldandi tilgangslaust landbrot á ósnortnu landi og þá sérstaklega þar sem sérstæðar vistgerðir og votlendi er að finna. Einmitt í ljósi þessa eru engar framkvæmdir sem ógna nú jafn mikið líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi og einmitt áformuð vindorkuver hringinn í kringum landið og þá sérstaklega heiðarlöndin. Vindorkuáformin á Fljótsdalsheiði eru því sannarlega ógn við líffræðilega fjölbreytni. Slík verkefni eins og hér er kynnt í matsáætlun eru hrein árás á þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið á þessari alheimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem COP 15 var. Það leysir engin lofslagsvandann með því að eyða því dýrmætasta sem við eigum, ósnortinni náttúru og landslagsheildum og síst af öllu ætti því að ráðast í slíkan hernað gegn landinu eins og hér á Íslandi.

2.6. Flugöryggi

Ljóst er að ef áform um Klausturselsvirkjun yrði að veruleika eru allar líkur á að það þyrfti að hlaða túrbínuturnana af ljóskösturum þar sem fluglína áætlunarvéla til Egilsstaða er í nálægð. Vænta má að flugmálayfirvöld geri alvarlegar athugasemdir við þessi áform.

3. Framkvæmd

3.1. Tilgangur og markmið

Orkuskortur á Íslandi er ekki til staðar sé tekið mið af öðrum þjóðum. Það þarf því ekki að bregðast við eins og fram kemur í matsáætlun. Fyrst af öllu þarf að takast á við grundvallaratriði eins og að vinna gegn mikilli orkusóun og horfa til orkunýtni og orkusparnaðar í meira mæli, auk þess að draga úr og/eða breyta neyslu til að minnka kolefnisspor Íslendinga sem er langt umfram meðaltal á heimsvísu. Með skírskotun þessum kafla til mikillar reynslu Zephyr á vindorkumarkaði í Noregi þá verður ekki annað séð en að vegferð þessa fyrirtækis sé nú nokkuð þyrnum stráð þó ekki sé horft til annars en átaka sem fyrirtækið hefur skapað í einstökum samfélögum. Sjá meðfylgjandi tilvísanir í nokkur mál sem sýnir hvernig Zephyr gengur fram gagnvart samfélögunum⁶.

⁶[Tek til tårene fordi vindkraftutbygginga starter – NRK Møre og Romsdal – Lokale nyheter, TV og radio](#)
[Kulda held seg fram mot jul – varslar skyhøge straumprisar – NRK Vestland](#)
[Florø, Kinn | Han meiner drikkevatnet hans er forringa av vindparken. No hamnar saka på departementet sitt bord \(firdaposten.no\)](#)

3.2. Framkvæmdalýsing

3.2.1. Vindorkugarður á Fljótsdalsheiði

Það vekur athygli við lestur matsáætlunar í þessum kafla hvað áformin eru á reiki, hugsanlegar áfangaskiptingar og stærðir. Af þessu má draga þá ályktun að verið sé að ana út í áform til að taka sér stöðu í virkjanakapphlaupi vindorkuiðaðarins á Íslandi. .

Áætlað svæði er hvorki meira né minna en 4.110 ha að flatarmáli og gert ráð fyrir að hvert orkumannvirki verði í 200 m spaðahæð. Hér er um að ræða langstærstu einstöku áform sem sett hafa verið fram í vindorkuiðnaðinum á Íslandi. Áhrifin samhliða því verða því gríðarlega umfangsmikil, neikvæð og á ýmsum sviðum óafturkræf náttúruspjöll.

Framþróun er ávörpuð í vindorkugeiranum með meira afli á hverja vindmyllu svona rétt eins og gæðin hafi aukist til muna. Formúlan er hinsvegar ekki flóknari en svo að hærri vindorkuturnar og stærri spaðar framleiða meira en hin meinta framþróun hefur sannarlega og einmitt farið alveg úr böndunum hvað varðar stærðarskala og einmitt þess vegna þarf að meta umhverfisáhrif með tilliti til þess sérstaklega og uppfæra, stærri mannvirki meira rask og meiri umhverfisáhrif sem kallar á að taka þarf umhverfismat mun fastari tókum gagnvart þessum iðnaðargeira.

Veðurfar og vindur

Pó stjórn Landverndar telji að hafna beri Klausturselsvirkjun áður en lengra er haldið, þá er mikilvægt að benda á að veðurfarsrannsóknir vegna slíkrar virkjunar þurfa að standa a.m.k. yfir í 3 – 4 ár svo fáist einhver vísir af trúverðugri niðurstöðu. Íslenskt veðurfar er ólíkt veðurfari sunnar á hnettinum þannig farið að árstíðabundnar sveiflur sem og milli ára eru oft slíkar og veðrabrigði mikil að engu er saman að líkja við þau lönd sem vindorkuiðnaðurinn hefur látið mest að sér kveða. Á Fljótsdalsheiði eins og öðrum heiðarlendum gætir einmitt oft mikill veðrabrigða sem felst meðal annars í miklum hitasveiflum og úrkomu og svo vindafari allt frá logni upp í storm sem þýðir samkvæmt rannsóknum að við einmitt slíkar aðstæður er erfiðast að reka vindorkuver. Þekkt er að skemmdir á spöðum vegna ólíks veðurfars eru staðreynd og helsti áhrifavaldurinn, hagléi, ísing, rigning, sand og eða leirfjúk og stormar slíta vindorkuspöðum mun meira en þar sem veðurfar er ekki eins sveiflukennt⁷. Á þessu svæði eiga allar þessar lýsingar á veðurfari við því ætla má að leir og sandfjúk frá Háslóni og upptökum þess liggja yfir þessu svæði þegar svo háttar veðri og vindátt. Uppsöfnun leir- og sandfjúks getur auk þess aukið slit á öðrum búnaði vindorkuvera. Þessar aðstæður hér á landi gera það að verkum að mun meiri hætta er meðal annars á uppsafnaðri örplastmengun á stórum landsvæðum á ósnortnum svæðum þar sem einstakar vistgerðir er að finna. Auk þess þarf ítarlegar rannsóknir á jarðvegseyðingu og auknu sandfoki vegna framkvæmdarinnar sjálfar en ljóst er að nauðsynlegt verður að rjúfa gróið land og þurrka upp votlendi til þessarar framkvæmdar. Nú þegar liggja fyrir í Noregi eitruð vatnsból í nálægð vindorkuvers

⁷ <https://www.nve.no/energi/energisystem/vindkraft/kunnskapsgrunnlag-om-virkninger-av-vindkraft-paa-land/forurensning/>

sem inniheldur alltof há BPA gildi þannig að loka þarf því vatnsbóli á kostnað nærliggjandi samfélags⁸. Enn þann dag í dag hefur vindorkuiðnaðinum ekki tekist að hrekja með rökum örplastmengun og langtímaafleiðingar þess á lífríkið og samfélög.

3.2.2. Aðkomuvegur og flutningur að svæði (og jarðvegsrask annað)

Ljóst má vera að ígildi nýrra stofnvega vegna áformaðrar Klausturselsvirkjunar mun hafa óafturkræf náttúruspjöll í för með sér og um væri að ræða gríðarlega neikvæða áhrif á líffræðilega fjölbreytni þar sem vegir munu óhjákvæmilega þurfa þvera lífrík votlendissvæði milli klapparhafta á heiðinni. Ekki kemur fram hver muni bera kostnað af mögulegum breytingum á vegum í umsjón Vegagerðarinnar en fráleitt er ef vindorkuiðnaður telur sig geta sent slíkan reikning á ríkissjóð og almenning á Íslandi. Það þarf sterka vegi sem þola þungaflutninga að hverjum og einum vindtúrbínuturni, sem dreift verður um allt framkvæmdasvæðið til að tryggja að einn túrbínuturn valdi ekki vindskugga á öðrum.

Annað jarðvegsrask

Að viðbættum sundurgröfnum heiðarlendum vegna vegalagningar skal ávarpa hér önnur gríðarleg náttúruspjöll sem verða vegna sprenginga og jarðvegskipta vegna undirstöðu fyrir vindorkutúrbínurnar og kranapalla til uppsetningar á þeim.

Hér er ekki hægt að alhæfa um hversu djúpt verður grafið eða hve mikið votlendi verður skert en áhrifasvæðið er þó þess eðlis að óhjákvæmilegt er að vinna að slíku verkefni nema því aðeins að valda óafturkræfum náttúruspjöllum, en til að hægt sé að leggja mat á hvort grafa þurfi niður 3 – 10 metra þarf að gera sérstaka jarðvegsúttekt á svæðinu en þó er hægt að fullyrða að vegalagnir, kranapallar og undirstöður munu rjúfa náttúrulega framvindu og lífkeðju margra vistgerða og smádyra á þessu svæði. Þá vekur sérstaka athygli hversu gríðarleg breidd er áætluð fyrir strenglagnir eða allt að 12 metrum. Þessi röskun á landi ein og sér kallar á sérstakt mat þar sem mjög ógreinileg áform eru sett fram eftir því hvaða leið verður valinn, þ.e. háð því hvort sérstakt tengivirki / spennistöð verði reist. Þegar allt er tekið saman mun jarðvegur á Fljótssdalsheiði líta út eins og kóngulóavefur, sundurgrafin og það jafnvel langt út fyrir það svæði sem tilgreint er sem áhrifasvæði í þessari matsáætlun.

3.2.3 Efnisþörf og efnislosun

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við áframhaldandi óreiðukenndar upplýsingar í þessum kafla sem skýrist af því að mismunur á áform um efnismagn hleypur á slíkum stærðum að ljóst má vera að framkvæmdaaðili gerir sér litlar hugmyndir út í hvað hann er að fara. Það að gert sé ráð fyrir að *”efnismagn geti numið á bilinu 230.000 – 540.000 rúmmetrum”* sýnir fyrst og síðast að framkvæmdaðili hefur ekki fast land undir fótum og skýtur því bara á tölur út í myrkrið. Auðvitað er ætlunin að allt komi betur fram á seinni stigum. Að sama bruni ber þegar áætlað er um magn steypu og undirstöður – matsáætlunin skilar í þessum efnun ekki einu sinni grunnupplýsingum til að hægt sé að átta sig á umfanginu. Með öðrum orðum breytileikinn í framkomnum magntölum eru einfaldlega of stór í þessari matsáætlun til að hún geti talist ásættanlegt plagg til að undirbyggja og réttlæta að næsta skref verði

⁸ <https://www.firdaposten.no/han-meiner-drikkevatnet-hans-er-forringa-av-vindparken-no-hamnar-saka-pa-departementet-sitt-bord/s/5-16-627433>

tekið með vinnu við umhverfismatskýrslu.

3.2.4. Tenging við flutningsnetið

Landvernd vill árétta hversu gríðarleg landspjöll eru undir ein og sér varðandi 12 m breitt belti með strenglögn sem áform eru um – auk jarðvegskiptra skurða þarf auk þess sérstakan vinnuveg utan við hið 12 m breiða skurðbelti fyrir strenglögn. Gera má því ráð fyrir raski í allt að 15 – 20 m belti sem er gríðarlegt inngríp. Að öðru leyti skal hér vísað til svars Landverndar í kafla 1.2. Af hverju Fljótsdalsheiði.

Stjórn Landverndar telur óljóst hvaða forsendur fyrirtækið Zephyr telur sig hafa til að eiga viðskipti við Landsvirkjun um útvegum jafnvægisorku þegar hin 500 MW virkjun mun standa dögum saman án framleiðslu ýmist vegna of lítills eða of mikils vinds. Ætti þessi grundvallarforsenda ekki að liggja fyrir í matsáætlun að fyrir liggja samningar eða a.m.k. að eitthvað samráð hafi átt sér stað við Landsvirkjun varðandi afhendingu á gríðarlegu afli frá vatnsaflsvirkjun þeirra Kárahnjúkavirkjun?

Það verður að liggja svar við því hvað gefur vindorkufyrirtækinu Zephyr tilefni til að ætla að Landsvirkjun eða aðrar vatnsaflsvirkjanir komi til með að semja við óskyld vindorkufyrirtæki þar sem fyrir séð er að það gæti leitt til fjárhagslegs taps fyrir viðkomandi vatnsaflsfyrirtæki. Ekki þarf að leita lengra en til heimalands Zephyr til að sjá staðreyndir í þessum efnum. Það ætti því að vera lágmarkskrafa af hálfu Skipulagsstofnunar að viðkomandi fyrirtæki Zephyr sýni fram á hvar liggja fyrir leyfi – eða samráð sem gefur tilefni til slíkra viðskipta við opinber íslensk orkufyrirtæki. Að sama skapi eins og áður segir kemur hvergi fram í matsáætlun þessari hvort einhver samskipti hafi átt sér stað við Landsnet á þessu svæði varðandi Kröflulínu 3. Með hvaða rökum ætti Landsnet að leggjast í gríðarlegar fjárfestingar sem getur átt þátt í því að sprengja upp flutningskerfi raforku með ójafnvægisorku. Að auki að leggjast í að styrkja enn frekar þá einu flutningslínu raforku Kröflulínu 3 sem er nýuppbyggð af hálfu Landsnets. Hér eru einfaldlega uppi of stórar og of margar spurningar sem gera þessa matskýrslu með öllu ómarktæka. Áformin eru því eins og áður segir að mati Landverndar enn of óljóst til þess að hægt sé að taka afstöðu til matsáætlunar.

3.2.5. Frágangur

Við lok framkvæmda segir að gengið verði frá framkvæmdum eins og best verður á kosið. Hér er væntanlega vísað til þess eins og best verður á kostið að mati Zephyr. Ekki skal dregið í efa að í umhverfismatskýrslu sé áætlað að skýra þennan þátt nánar. Fulltrúar fyrirtækisins virðast ekki gera sér grein fyrir að með framkvæmdinni verður ekkert lagað eins og best verður á kosið af þeirri einföldu ástæðu að það er útilokað að bæta það sem þegar hefur verið eyðilaggt. Að líftíma liðnum sem eigin veit hvenær yrði – þá liggja ekki fyrir neinar tryggingar um að vindorkufyrirtækið muni annast kostnað við að fjarlægja allan utanaðkomandi jarðveg og mannvirki, vindtúrbinuturna og steypu. Eina tryggingin í þessum efnum væri að viðkomandi fyrirtæki leggði fram tryggingu sem tryggði að ígildi kostnaðar við niðurrif og endurheimt yrði greitt af fyrirtækinu og með ríkisábyrgð frá Norskum stjórnvöldum. Hitt gefur á að líta eins og áður segir að það verður aldrei hægt að endurheimta upprunaland sem búið er að eyðileggja og rjúfa á allan máta. Ekkert land þolir að standa sundurskorið í áratugi af þessum stærðarskala án þess að úr verði óafturkræft náttúruspjöll auk þess sem jarðvegraksið allt er óafturkræft.

3.3. Aðrir framkvæmdakostir

Í þessum kafla lýsir fyrirtækið því hversu ólíkt sé farið með vindorkuframléiðslu og samlíkingu við aðra

orkuframleiðslu. Þar ber svo við að það sé allstaðar vindur og það hafi vindorkan fram yfir aðra raforkuframleiðslu. Þessi nálgun er einkennileg samlíkingu. Ekkert eins óáreiðanlegt og einmitt vindurinn og veðurfarið og í annan stað, eins og rannsóknir hafa sýnt, er alls ekki sama hvar slík mannvirki yrðu reist. Fullyrða má að ef vindorkumannvirki verða reist þar sem veðurhæð nær ákveðnu marki hér á landi þá munu engin vindorkuver standast það álag. Og aftur í þessum kafla er spádómar um tengimöguleika við Landsnet eins og það sé sjálfsgæður hlutur að meginflutningsraforkukerfi í eigu landsmanna eigi enga ósk heitari en að kalla yfir sig hækkað raforkuverð og ótryggara raforkukerfi sem fylgir vindorkunni. Það að sveitarfélagið hafi gefið leyfi fyrir uppsetningu vindmasturs segir ekkert til um viðhorf kjörinna fulltrúa eða íbúa á svæðinu um það umfang sem nú hefur verið sett á svið.

Jafnframt vantar að taka fram að núllkostur verði metin.

4. Aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum

4.1. Matsferlið og viðmið

Hér vantar að skilgreina nánar í hverju forsamráð var fólgið – og hverjar undirtektir voru m.a. af hendi viðkomandi sveitarfélags til þessara áforma sem liggja hér fyrir í matsáætlun. Telur framkvæmdaðili sig hafa fengið úr þessu forsamráði gildar ástæður og einhverskonar vilyrði að ráðast í slíkt matsferli sem hér um ræðir með tilheyrandi áformum og hvar eru þær ástæður að finna.

Hefur fyrirtækið fengið endurgjöf frá sveitarfélaginu Múlaþingi með stuðningi við áformin, hefur verið gerð viljayfirlýsing eða annarskonar gjörningar sem gefur Zephyr tilefni til að halda áfram á þessari vegferð? Telur Zephyr á grunni svo veikra stoða sem kemur fram í matsáætlun þessari að það sé vænlegt fyrir fyrirtækið að ráðast í opinbert kynningarferli, þegar nú þegar er vitað af gríðarlegri andstöðu stórs hóps í samfélaginu gegn öllum slíkum áformum. Hefur Zephyr kynnt sér áralanga sögu mikilla deila um virkjanir á svæðinu í aðdraganda og kjölfar Kárahnjúkavirkjunar og telur fyrirtækið að það sé því til sóma að leggja upp í aðra slíka vegferð gegn samfélagi og náttúru þessa svæðis?

Krafa um rannsóknir á CO₂ losun

Í ljósi yfirlýsinga vindorkuiðnaðarins almennt um sjálfbærni vindorkuvera, græna orkuframleiðslu o.s.frv. telur Landvernd að Skipulagsstofnun verði að gera þá kröfu að óháðir fagaðila vinni að sérstöku mati á losun gróðurhúsalofttegunda við uppsetningu og rekstur vindorkuvers (líftímagreining). Mikilvægt er þá að allt frá fyrsta stigi framleiðsluferils vindorkumannvirkjanna ásamt fylgihlutum öllum svo og losun frá flutningi frá framleiðslustað allt til uppsetningar á Íslandi verði undir í því mati. Þá síðast en ekki síst skal losun vegna framkvæmdanna sjálfra sem verður óhjákvæmilega mikil vegna jarðvegsvinnu, framræsingar votlenda og aksturs stórra vinnuvéla og opnun nýrra efnistökusvæða verða undir, eins og erlendar athuganir hafa einnig sýnt⁹.

Landvernd hvetur Skipulagsstofnun til að gera þá almennu kröfu til allra virkjanaðila, og ekki síst vindorkuiðnaðarins vegna sífелldra yfirlýsinga um hina grænu vegferð, að gert sé heilstætt líserilsmat á losun gróðurhúsalofttegunda af óháðum fag aðila. . Það á ekki að vera almennings að rannsaka og afla

⁹ <https://www.aftenposteninnsikt.no/klimamilj/vindkraft-kan-gi-klimatap>

Almennt um gildi lífræðilegs fjölbreytileika og mikilvægi mýrlendis: <https://www.theflowcountry.org.uk/flow-facts/flow-fact-1/>

upplýsinga, um þennan nýja iðnað sem of lítill almenn þekking er á hér á landi – Skipulagsstofnun gegnir meginhlutverki í því að setja framkvæmdaðilum kröfur svo hægt sé að byggja á eins traustum upplýsingum og hægt er.

Losun frá framræstu votlendi verður að meta í matskýrslu. Lítt raskað votlendi er mikið á framkvæmdasvæðinu en á meðfylgjandi mynd sem gerð var á vefsíðu ALTA¹⁰ eru lítt röskuð votlendi merkt með grænum lit og augljóst að á framkvæmdasvæðinu er gríðarlega mikið af óröskuðu votlendi sem ræsa verður fram til að reisa vindorkuverið. Bláskyggða svæðið sýnir víðerni skilgreint skv. korti sem verkefnisstjórn Rammaaætlnar lét gera 2021¹¹. Þannig sést einnig að gríðarleg röskun verður á víðernum á hálendi Austurlands ef af vindorkuverinu verður.



Sífreri er mikill í mýrum og rústum á Fljótdalsheiði en hann verður nú sífellt fágætari með hlýnandi loftslagi. Sífreranum fylgja sérstök landslagsform svo sum fjöldi smátjarna og svo rústirnar sjálfar. Í flánum eða sífrera mýrunum er mjög fjölbreytt lífríki af æðplöntum, smádýrum og fuglum. Lítt röskuð votlendi, stöðuvötn og tjarnir sem og víðerni njóta verndar náttúruverndarlaga.

Í upptalningu í töflu er tilgreint hvað fyrirtækið ætlar að styðjast við og nota sem viðmið í mati á umhverfisáhrifum. Vandinn sem við blasir er að það gilda engin sértæk lög eða reglugerðir í dag um þennan iðnað og málið á eftir að fá þinglega meðferð sem sér ekki fyrir endann á. Í þessu ljósi er afar óskynsamlegt að setja af stað verkefni inn í ferli þar sem ekki er búið að móta lög og reglur um. Því miður verður ekki af þessu annaða ráðið að þessi vegferð vindorkufyrirtækisins að leggja fram matsáætlun hafi

¹⁰ Vefsja.is

¹¹ [OstmanEtal2021_WildernessIceland.pdf \(ramma.is\)](#)

þann tilgang að beita þrýstingi. Það er áleitin spurning hvort tilgangurinn sé fyrst og fremst að “hamstra svæði” og beita svo þrýstingi meðan engin umgjörð hefur verið sköpuð og eða yfirhöfuð tekin afstaða til þess hvort vindorka sé yfir höfuð fýsilegur valkostur hér á landi.

4.3. Framkvæmda og áhrifasvæði

Tafla 4.1. sýnir svo ekki er um að villast hversu gríðarlegt umfang áformuð framkvæmd er. Landvernd hafnar með öllu innihaldi í þessari töflu eins og fjallað er um annars staðar í þessari umsögn. Það sem Landvernd hefur ekki ávarpað í umsögn þessari og lítur að efni í þessum kafla er jarðvegrask vegna vinnusvæða sem fyrirtækið hyggst skapa, auk þess sem safnstöð byggingu er áætluð 350 m² að stærð sem er verulega umhugsunarverð framkvæmd og skal skoðast í því samhengi hvernig samræmist innviðum Landsnets og sameiginlegs orkukerfis. Ef fyrirtækinu er það ekki ljóst nú þegar þá er umfangið slíkt að það verður óhjákvæmilegt að opna nýjar efnistökunámur með gríðarlegu raski. Áhrifasvæði þessara framkvæmda er af áður óþekktri stærð og það sýnir ásýndarkortið bærillega vel og enn skal áréttað að nágrennin Vatnajökulspjóðgarður skuli ekki vera skráður á einum stað hér í matsáætlun en hann mun verða fyrir miklum áhrifum. Áhrif hljóðmengunar, ískast og fl. sem eru orðnar þekktar stærðir og ógn við samfélög og lífríki samkvæmt erlendum rannsóknum verður komið inná betur á síðari stigum ef svo ólíklega muni vilja til að þessi matsáætlun leiði til áframhaldandi matsferils í tengslum við þetta verkefni.

5. Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Hér er sérstök áhersla lögð rökstuðning um hvernig þessi framkvæmd muni samrýmast niðurstöðu ráðstefnu samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, COP 15 í desember 2022 og til hvaða aðgerða fyrirtækið hyggist grípa þegar fyrirséð er að framkvæmdin mun beinlínis vinna gegn þeim niðurstöðum sem komu fram á COP 15.

Stjórn Landverndar telur að gera eigi þá skýlausu kröfu, eins og áður hefur komið fram, að gerð verði vönduð greinin á losun gróðurhúsalofttegunda vegna framkvæmdarinnar, aðfanga og starfsemi.

Þá verður að leggja mat á margvíslega mengun fylgjandi starfseminni – sbr. þá staðreynd að mikil olía fylgir hverri túrbínu – hvaða vöktun verður á þeim þætti og hvað mikið magn af olíu hefur 500 MW vindorkuver að geyma?

Þá þarf Skipulagsstofnun að kalla eftir áreiðanlegum gögnum um örplastmengun þar sem vindorkuiðnaðurinn rannsakar sig sjálfur og neitar að afhenda gögn sem sýnir hvernig þeir standa sjálfir að rannsóknum á örplastmengun. Vindorkuiðnaðurinn talar niður allar aðrar rannsóknir um örplastmengun og því getur Skipulagsstofnun ekki látið hjá líða að kalla eftir faglegu mati á þessum þætti.

5.1 Landslag

5.1.1. Núvarandi staða og fyrirliggjandi gögn.

Fljótsdalsheiði er um 600 m yfir sjávarmáli og þaðan er gríðarlega víðsýnt til allra átta – það eitt og sér mun gera áformað vindorkuver gríðarlega áberandi. Er þá sama hvort horft er frá Snæfelli sem er það fjall

sem héraðið er stoltast af er það varla nefnt nafn nema með einni undantekningu en ljóst er að áformað vindorkuver að Klausturseli mun blasa við þeim sem ganga á fjallið sem og víðar frá úr Vatnajökulsþjóðgarði. Þá vekur furðu að Snæfell er ekki merkt inn á ásyndarkort sem ætti þó öðrum svæðum fremur að vera merkt inn við slík áform. Það að ætla að nýta sér landslagsgreiningu frá óskyldum aðilum vegna Kröflulínu 3 og þá með það fyrir augum að skoða m.a. landslagsheildir sýnir fyrst og síðast hvað viðkomandi framkvæmdaðilar bera litla virðingu fyrir svæðinu og svo virðist sem ekki sé borið skynbragð á í hverju landslagsheildir eru fólgnar. Þó raflínumöstur og loftlínur séu sannarlega inngríp í náttúru og landslagsheildir þá er fráleitt að ætla að líka því saman við þau vindorkumannvirki sem munu hafa margföld ásyndaráhrif og þar með talið áhrif á landslagsheildir – það þarf því að fara fram sjálfstæðar rannsóknir á öllum sviðum varðandi þetta verkefni. Það mun ekki gagnast að endurnýta eldri rannsóknir sem lúta að allt öðrum og annarskonar framkvæmdum.

Vindorkuverið mun sjást víða úr Vatnajökulsþjóðgarði og eyðileggja víðernaupplifun víða í þjóðgarðinum. Mikilvægt er að víkka út mögulegan ásyndarradíus þannig að hann nái einnig til Öskju og Herðubreiðar en ef göngufólk þar sér vindorkuverið eru áhrif þess enn víðfemari en núverandi greining gefur til kynna. Þá verður að setja upp ásyndargreininguna byggða á raunverulegri ásynd en ekki fjölda vindtúrbinuturna sem sjást.

5.1.2. Aðferðir og þættir sem lagt verður mat á

Ætlun framkvæmdaðila að nýta ljósmyndir til að sýna trúverðuga ásynd og afstöðu skal árétta svo engin vafi leiki á að Skipulagsstofnun geri kröfu á vindorkuiðnaðinn að láta vinna myndir sem eru beinlínis til þess fallnar að blekkja almenning. Má þar nefna að gera þarf kröfu um að myndir séu teknar í heiðskýru veðri en ekki með skýjabólstra á bak við vindorkuver – ekki leggja fram ljósmyndir teknar í þegar snjór þekur land þannig að vindorkuver hverfi inn í landið. Allt eru þetta þekktar aðferðir sem vindorkuiðnaðurinn beitir til að draga úr sjónmengun og upplifun fólks. Þennan blekkingarleik eins og annan þarf Skipulagsstofnun að stöðva varðandi vindorkuiðnaðinn.

Viðkvæmni og næmni landslagsheilda / umfang áhrif á landslag / mat á vægi áhrifa á landslag

Hvað landslagsheildir varðar telur Landvernd að gera verði kröfu að kallað verið til verka sérfræðingar á þessu sviði; – t.d. lækna með tilliti til áhrifa á lýðheilsu, félagsfræðinga, sérfræðinga í upplifun og ferðamennsku- umhverfissálfræðinga og fl. eftir atvikum. Telja má víst að verkfræðistofur búi ekki að sérfræðikunnáttu í þessum efnum tæpast er boðlegt að ætla hefðbundnum verkfræðingi að leggja mat á næmni náttúru og samspili fólks og náttúru með tilliti t.d. til upplifunar. Vindorkuver eru líkleg til að hafa neikvæð ásyndaráhrif með tilliti til landslagsheilda og því ber að draga fram trúverðugar niðurstöður þegar fjalla á um svo afmarkaðan matsþátt. Það er því mjög mikilvægt að Skipulagsstofnun taki þennan matsþátt til gagngerar endurskoðunar með viðeigandi kröfum um faglegt mat.

Hér verður að gera athugasemd við að ekki sé vísað í viðernisskilgreiningakort sem unnin voru fyrir faghóp 1 með rammaáætlun og gefið út árið 2021 en verkefnistjórn og faghópar með rammaáætlun nýtir þessi viðmið – en nú er einmitt til skoðunar í ljósi vindorkuvera að bæta sérstaklega við nánari

skilgreiningum á víðernum með tilliti til þeirra stækkunar sem hefur orðið á vindorkuverum¹².

5.2. Ásýnd og skuggaflökt - Aðrar aðferðir sem lagt verður mat á

5.2.1. – 5.2.2.

Í þessum tveimur köflum sem hér eru teknir saman er mikilvægt að sjónarhorn af myndatökustöðum verði fleiri og meðal annars og ekki síst af toppi Snæfells og með snjónlínu á Snæfell þar sem vindorkuverið ber í milli. Mikilvægt er að vanda til þessa þáttar svo mynndvinnsla verði ekki ýkt eins og framan greinir.

5.3. Hljóðvist

5.3.1. Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn

Komið er inn á í matsáætlun að um kyrrlát svæði sé að ræða þar sem umhverfishljóð eru ráðandi.

Einmitt vegna þess að um kyrrlát svæði er að ræða þá er ógnin af vindorkuverum í fullkominni andstöðu við umrætt svæði og skal því haldið á lofti að einmitt eru gerðar út óbyggðaferðir á nærsvæði þarna einmitt í þeim tilgangi að fólk geti upplifað kyrrðina og andardrátt óbyggðanna- ljóst er að ef af framkvæmdum yrði þá væri verið að vinna gegn þeim sem nú þegar hafa atvinnu af því að leiðsegja fólki um hálendið einmitt með þessa kyrrlátu upplifun. Spár í ferðapjónustunni segja að í æ ríkari mæli munu ferðamenn ekki síst erlendir gestir vilja fá að njóta kyrrðar í náttúru í óbyggðum.

Hér er því verið að ganga gegn bæði náttúrulegri upplifun fólks og öðrum þeim sem hafa atvinnu af því að markaðsetja ísland sem náttúruparadís með öræfakyrrið.

Margvíslegar vísbendingar leiða til þess að hljóð frá vindmyllum hafi mun meiri áhrif en áður var talið og nú er lágtíðnihljóðin loksins viðurkennt vandamál af hálfu vindorkuiðnaðarins. Lágtíðnihljóðin berast lengra og því er gríðarlega mikilvægt að áhrif hljóðs af öllum stigum verði rannsakað með tilliti til dýralífs á svæðinu og fólks sömuleiðis.

5.5. Gróður

5.5.1. Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn og 5.5.2. Aðferðir við mat

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að mestu mólendi og votlendi með fjölbreyttum vistgerðum og einnig sjaldgæfum plöntum . Hér skal en og aftur vísað til ábyrgðar framkvæmdaðila fyrirtækis og annarra sem að munu koma ef verkefnið heldur áfram og þá hvernig ætlar viðkomandi aðilar að réttlæta slíkar aðgerðir á jafn viðkvæmu svæði í ljósi niðurstöðu COP 15 með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni. Það er engum vafa undirorpið að Klausturselsvirkjun ógnar , votlendi, gróðri, vistgerðum og gróðurþekju almennt sem margar tegundir fugla hafa svo lífsviðurværi sitt af. Landvernd telur að leita eigi til Náttúrufræðistofnunar Íslands til að taka út þetta svæði með sérstaka áherslu á gildi líffræðilegs fjölbreytileika votlendis og fl.

Nauðsynlegt er að gera kröfu ekki bara um mótvægisáðgerðir og vöktunaráætlun heldur einnig um

¹² [OstmanEtal2021_WildernessIceland.pdf \(ramma.is\)](#)

viðbragðsáætlun sem lýsir því hvernig bregðast skuli við ef vöktunarniðurstöður fara fram úr viðmiðum. Þetta á líka við um aðra þætti þar sem vöktunaráætlanir eru nýttar.

5.6. Fuglar og aðferðir sem lagt verður mat á

5.6.1. Núverandi staða og fyrirbyggjandi gögn og 5.6.2. Aðferðir við mat

Fyrir liggur fjölrít Náttúrufræðistofnunar Íslands um mikilvæg fuglasvæði við Fljótsdalsheiði með tilliti til farflugs og varpsvæða kallar á viðamikla og nákvæma rannsókn á fuglalífi á svæðinu yfir 2 – 3 ára tímabil svo hægt sé að byggja upp nokkuð áreiðanlegt mat á þessum þætti. Minna skal á að þekkt fálkaóðul eru í nágrenni þessara áformaðrar Klausturselsvirkjunar, þá stafar bæði rjúpu og heiðagæs mikil hætta af vindorkuverum. Staðbundnir rjúpnastofnar hafa farið illa í návist vindorkuvera í Noregi¹³. Með öllu er óraunhæft að taka mið af því hvernig fuglarannsóknnum hafi verið háttað t.d. við Búrfell þar sem um er að ræða svo gjörólík svæði er varðar lífríki fugla. Fljótsdalsheiði er margfalt ríkara af fuglum og tegundum en það svæði sem undir var til rannsókna við Búrfell.

5.7. Samfélög

Fyrirhugað vindorkuver er staðsett í Múlaþingi – fyrrum Fljótsdalshéraði. Þegar horft er til samfélagslegra áhrifa frá virkjunum þá er rétt að hafa í huga að hvergi hafa staðið yfir jafn langvarandi og djúpstæðar deilur eins og einmitt á Austurlandi vegna stórrar virkjunar og nú má segja að áhrifa þessarar deilu hafi nú gætt í ríflega 20 ár þar sem sárin eru ekki gróin., Átök urðu mikil bæði innan samfélaga og utan – innan fjölskyldna og á vinnustöðum allt vegna Kárahnjúkavirkjunar. Það að vindorkuiðnaðurinn ætli nú að leggja upp í aðra vegferð og efna til áframhaldandi ófriðar innan þessa landsfjórðungs er auðvitað sjálfstæð ákvörðun þeirra sem vilja láta á reyna en svo mikið er víst að upp munu rísa mikill fjöldi fólks úr nærsvæði þessa samfélags á Austurlandi og víðar um land og sýna andstöðu við þeim hernaði gegn landinu sem áformað er að leggja í.

Vindorkuver ekki ekki bara ósamræmanleg íslenskri náttúru og landslagsheildum – þau eru ósamræmanleg samfélögum og margvíslegum innviðum sem búið er verið að byggja upp og þá helst í ferðaþjónustu. Skilyrðislaust þarf að meta áhrif á ferðaþjónustu ekki bara í næsta nágrenni við vindorkuverið heldur einnig í þéttbýliskjörnum á Austurlandi, til sveita og í Vatnajökulspjóðgarði.

Þessum hagsmunum og atvinnuvegum vill vindorkuiðnaðurinn fórna með hræðsluáróðri og grænþvotti gagnvart samfélögum eins og Múlaþingi og nágrennasveitum þeirra sbr. í Fljótsdalshreppi þar sem næstum jafn stór áform eru í uppsiglingu. Nú þegar er búið að efna til ófriðar um þessi mál meðal margra sveitarfélaga í landinu og það er einfaldlega komið nóg af yfirgangi og skeytingarleysi vindorkuiðnaðarins gagnvart samfélögum því hver sem vill getur sagt sér það að vindorkuiðnaðurinn er ekki að hreiðra um sig á Íslandi í nafni góðgerða.

Annað efni að lokum

¹³ <https://www.nmf.no/2019/08/15/blir-smolalirypa-var-neste-geirfugl/>

Starfshópur um nýtingu vindorku og aðferðarfræði við mat.

Sé litið til skipunarbréfs sem starfshópur um nýtingu vindorku hefur nú til meðferðar þá liggur fyrir að sú afleita stefna að háspennulínur og tengivirki telji til raskaðs svæðis með tilliti til vindorkunýtingar. Aftur á móti er mikilvægt að hér komi fram að þrátt fyrir að Klausturselsvirkjun sé í nálægð við háspennulínur þá er umfangið slíkt að það nær langt út fyrir háspennulínur á Fljótsdalsheiði og mun í ná yfir ósnortin heiðalönd Fljótsdalsheiðar víðsfjarri háspennulínunum sem nýttar eru til réttlætningar á framkvæmdum. Þá er gengið svo langt að hálfu Zephyr að ætla mögulega að reisa sérstök spennuvirki og með því má segja að túlkun vindorkuiðnaðarins á texta í tímabundnum stjórnarsáttmála sé komin langt út fyrir þessi tímabundnu viðmið sem lögð hafa verið til grundvallar. Reyndar er það ámælisvert að hvergi er getið um hversu langt frá háspennulínunum viðkomandi vindorkumannvirki megi standa en augljóslega geta viðmið þessi í tímabundnum stjórnarsáttmála ekki gengið út yfir allt velsæmi þegar kemur að túlkun vindorkuiðnaðarins. Í þessum skilningi er fjarstæðukennt að miða staðsetningar vindorkuvera við háspennulínur ef umfangið er af skala eins og hér er sett fram af hálfu Zephyr þar sem um hvorki meira né minna en **4.110 ha.** landsvæði. Hér á að fara yfir ósnortin heiðarlönd með illvirki gegn náttúrunni þar sem ekki einu sinni viðkomandi háspennulínur munu sjást frá stórum hluta vindorkuversins. Hér er því lagt til að gert verði sérstakt fjarlægðarmat af hálfu hlutlausra sérfræðinga en ekki aðkeyþra álitsgjafa vindorkuiðnaðarins sjálfs sem er reyndar hinn innbyggði veikleiki sem umgjörð matsferla hér á landi byggir á, það er að framkvæmdaðilar geti keypt sér álit sérfræðinga í stað þess að stjórnvöld og undirstofnanir annist þá umsýslu með völdum sérfræðingum sem rukka svo framkvæmdaðila fyrir þær rannsóknir sem gerðar eru. Þessi umgjörð um matsferla skapar því miður forsendur fyrir misnotkun og spillingu þar sem framkvæmdaðilar geta valið sér hliðholla sérfræðinga sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

Þjóðlendulína

Vert er að vekja máls á að í návist þessa svæðis stendur yfir vinna af hálfu stjórnvalda að marka svokallaða Þjóðlendulínu en um er að ræða síðasta hluta landsins í þeirri vinnu sem Óbyggðanefnd hefur með á höndum. Fyrir liggur að sú vinna og samningar muni taka umtalsverðan tíma og að sama skapi liggur fyrir að staða umsagnaraðila getur tekið breytingum með tilliti til eignarhalds. Niðurstaða þess getur haft áhrif á eignarhaldi.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Umhverfismat framkvæmda

Matsáætlun í Kynningu

Allt að 500 MW vindorkuvers í landi Klaustursels

Athugasemd og umsögn :

[Próunaráætlun sameinuðu þjóðanna af COP 15, sem lauk 19. desember 2022](#)

„Liffræðilegur fjölbreytileiki er samtengdur, samtvinnaður og óskiptanlegur við mannlíf á jörðinni. Samfélög okkar og hagkerfi okkar eru háð heilbrigðum og virkum vistkerfum. Það verður engin sjálfbær þróun án liffræðilegs fjölbreytileika. Það getur ekki verið stöðugt eða heilbrigt loftslag án liffræðilegs fjölbreytileika.

Ein hættulegasta blekking er sú þegar fólk þelur sig hafa val um hvort við varðveittum náttúruna eða ekki, því sannleikurinn er sá, að við gerum það ekki.

[Achim Steiner framkvæmdastjóri COP 15 7.-19.12 2022](#)

Getur þessi framkvæmd samræmist á nokkurn hátt við próunaráætlun sameinuða þjóðanna ??

Viðerni Íslands eru mikilvægur hluti of okkar náttúrunni og þeirra ímynd, sem við stöndum fyrir. Þannig er ferðaþjónusta mikilvægasta tekjulind Íslands.

Á Jökuldalsheiði er

1. litt snortið heiðarland
2. viðkvæmt vatnasvið
3. varpland fuglastofna

4. viðkomustaðir ferðamanna

Með framkvæmdina að allt 500 MW Vindorkuvers á þessum stað :

Eina 2ja MV vindmylla er um 250 tonn af heidarþyngd

(71 -79 % stál, 11 - 16 % trefjagler, plast eða trjákvöða, 5-7% járn eða steypujárn, 1% kopar og 0-2% ál)

1. Verður gróflega farið inn á ósnortið heiðarland og eyðilagt. Mikið af hreindyrum á heiðinni.
2. Örpplastmengun frá spöðunum. Þeir eru úr trefjagleri sem dreyfist út í umhverfi, vatnasvið og heiðarland og valda mengun og skaða fyrir lífríki. Það þarf að endurnýja spaðana á 10 ára fresti, það er nánast útilokað að endurvinnna þá, þeir eru grafnir í jörðu eða notaðir í landfyllingu.
3. Fugladauði, þar er mikið af varpfuglum: heiðargæsir, heiðlóur, snjótittlingar og rjúpur, fálkar verpa í giljum en veiða á heiðinni, hins vegar ekki mikið um farfuglar.
4. Sjónmengun: að setja upp 250 metra háa stálmastra með spöðunum sem verður tugi metrar í þvermál og sést víðar um allt austurland, og blikkandi ljós á nóttunni samræmist illa við ferðaþjónustu. Ég vinn sem leiðsögumaður og veit að fólk þeir leitar að og hrifst að náttúrunni, sem er óspillt. EKKI MIKIÐ EFTIR Í HEIMINUM.

NEI VIÐ ÞETTA VINDORKUVER Á FLJÓTSDALSHÉIÐI

Umsögn vegna umhverfismats allt að 500 MW vindorkugarðs í Klausturseli í Múlaþingi.

Vindorkuver í einstöku heiðarlandi á heimsvísu í Múlaþingi væri glæpur gegn náttúru, og komandi kynslóðum. Slíkt raforkuver væri bein árás á vistkerfi, náttúru, dýralíf og mannlíf.

Af hverju Fljótsdalsheiði?

Liður 1.2 í matsskýrslunni fjallar um: “Af hverju Fljótsdalsheiði”.

Alvarlegustu ragnfærslurnar sem hafa verið í gangi varðandi þetta mál snúa einmitt að því hversu svæðinu hefur verið hampað sem svo hentugu, þar sem það er í nágrenni við Kárahnjúavirkjun og burðarlínu Landsnets. Rétt er að lína Landsnets er nærri fyrirhuguðu iðnaðarsvæði.

En það sem er miklu stærra mál er að hin faðmvíða Fljótsdalsheiði er hluti af óbyggðum Íslands, grónum heiðarlöndum, votlendi, heimkynnum hreindýra, gæsa og fjölþætts lífríkis. Frekari spilling þess svæðis er grafalvarlegt mál.

Ef við horfum á þetta í stærra samhengi þá mundi framkvæmd sem þessi skerða verulega víðerni hálendisins, Wildland Research Institute- notaði alþjóðlegar aðferðir við að kortleggja óbyggð víðerni. Þar kemur fram að á Íslandi séu 43 prósent af helstu ósnertu víðernum Evrópu. 43 prósent af villtasta prósentu Evrópu eru á Íslandi! Ef við lítum til markmiða um líffræðilegan fjölbreytileika þá er í efsta sæti að vernda óspilltu svæðin sem eftir eru. Það er því mikil ábyrgð á okkar kynslóð að víðernin njóti viðeigandi verndar, t.d. frá vindorkuverum.

Stærsta óspjallaða landsvæði í Evrópu skapar sérstöðu og verðmæti. En þau verðmæti verða að engu ef farið verður í að búa það niður. Ekki þarf að líta lengra en til Noregs til að geta dregið lærdóm, enda búa Norðmenn við svipaðar aðstæður og Íslendingar, hvað varðar landslag, fallorku ofl. Þar eru allflest sveitafélög búin að stöðva frekari uppbyggingu vindiðnaðarvera á landi, og dómsmál hafa fallið á þann veg að vindorkugarðar hafa verið dæmdir úr leik.

Liður 2.1 í matsskýrslunni fjallar um “áætlanir og skipulag”

Þar er talað um að: “..í landsskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaga að taka afstöðu til þess við skipulagsgerð hvort möguleiki sé á orkuframleiðslu í dreifbýli með vindorku, í sátt við náttúru og samfélag.”

Augljóst er að þessi sátt mun ekki nást, heldur verða þverbrotin af augljósum ástæðum:

a) Skertur eignaréttur

Ljóst er að vindorkuver rýrir eignarétt nágranna sinna og getur þar ýmislegt komið til: Eignir í námd við iðnaðarsvæði falla yfirleitt í verði og verða minna eftirsóknarverð. Hvernig á sauðfjárbóndi sem er með vindtúrbínur á beitolöndum að kynna “óspillt fjallalamb” með örplastmengun. Eða aðilar að leigja út sumarhús með útsýni og hljóðmengun frá vindorkuverum. Norðurljósin fá á sig nýjan blæ, þegar rauðblikkandi ljósin blanda sér inn í dulúðardans þeirra á nóttunni.

b) Örplastmengun

Það alvarlegasta við vindorkuna er örplastmengunin.

Alþjóðlega er litið á slit á túrbínublöðum sem alvarlegasta vandamál sem iðnaðurinn þarf að vinna með. Losun örplastagna frá slitni á hverflum er vandamál og kallað hefur verið eftir sjálfstæðum rannsóknum, en því ákalli ekki verið svarað.

Þó má lesa um það í Norskri skýrsla frá júlí 2021: [Leading edge erosion and pollution from wind turbine blades](#)

Túrbína með 120 metra radíus dreifir samkvæmt því um 62 kílóum af örplasti á ári í formi epoxy resin, sem inniheldur Bisphenol A (BPA). Ekki eru allir sammála þessum tölum, en óvægjanlegt er að blöðin slitna og með því losnar BPA.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir að drykkjarvatn ætti að hafa að hámarki 0,1 míkrógrömm af BPA á lítra til að vera öruggt. Eitt kg af BPA er nóg til að gera 10 milljarða lítra af vatni óruggt að drekka.

Fyrir þá sem kjósa að taka ekki mark á þessari skýrslu, heldur apa upp eftir vindorkufyrirtækjunum að enginn mengun sé af spöðunum, þá spyrjum við; Fyrst það er viðurkennt að spaðarnir hafi bara ákveðinn líftíma þar sem þeir vissulega eyðast, ekki síst í veðri sem hér á Íslandi. Hvað halda menn að verði um það sem losnar og eyðist upp af spöðunum? Trúa menn því að þetta stígi upp til himna eins og frelsarinn forðum og verði að anda, en dreifist ekki í jörðina, grunnvatnið og umhverfið?

Til stendur að loka vatnsbólí Gulesletterne í Noregi þar sem vindorkuver hefur verið reist í of mikilli nálægð, að sama skapi er villtum dýrum og búfjárhaldi talin stafa ógn af uppsöfnun eittra efna sem dreifast munu um vistkerfið langt út fyrir þá staði sem vindorkuverin eru staðsett á. Stein Malkenes hefur fengið vindmyllur á áhrifasviði fyrir drykkjarvatn sitt - þrátt fyrir margra ára mótmæli. Sveitarfélagið ákvað að framkvæma kerfisbundnar prófanir, en krefst þess að **Zephyr** verði að standa undir útgjöldum. Það neitar **Zephyr**, sem gefur til kynna að NVE hafi ekki sett kröfur um að þeir eigi að dekkja útgjöld vegna drykkjarvatns.

Sveitarfélagið hefur einnig fengið aukakostnað við að stofna nýja drykkjarvatnssuppsprettu fyrir að minnsta kosti 60 milljónir kr til Florø, vegna þess að norska matvælaeftirlitið segir að núverandi drykkjarvatn sé ekki nægilega öruggt vegna vindorkuversins. Vindorkuiðnaðurinn tekur arðinn, almennigur og sveitarfélögin taka útgjöldin.

c) Áhrif á dýralíf

Vindmyllur í gangi valda hávaða og hreyfingum með titringi í jörðu og lofti og tiltölulega hátt hljóð getur borist frá vindmyllunum sem heyrir vel og eftir vindátt og skilyrðum borist um langan veg. Þetta gæti haft truflandi áhrif á hreindýrin á annars tiltölulega ósnortnu svæði. Enda hefur reynsla norðmanna sannað það:

<https://www.reuters.com/world/europe/norway-legal-quandary-after-wind-turbines-ruled-threat-reindeer-herder-rights-2021-11-02/?fbclid=IwAR3kvmEwdNunsvnhCBidmjnYI7apoHFcPF-CS063FxxXEmPhKRfn-dVyd9yE>

d) Sjónræn áhrif.

Hér eru uppi fyriráætlanir um stærstu gerð vindorkuvers, en í matsskýrslu virðist ranglega farið með stærðir miðað við þá orku sem túrbínurnar eiga að framleiða.

(Samkv. framleiðanda 5MW = 200 til 241 metrar á hæð og 7MW= 260 metrar, miðað við spaða í hæstu stöðu).

Ljóst er að sjónræn áhrif munu vera allveruleg og spilla útsýni víða af heiðarlöndunum, frá Snæfelli og úr hluta Vatnajökulsþjóðgarðs/Unesco svæði.

Þegar skyggja tekur munu blikkandi ljós vindorkuveranna einnig eyðileggja náttúruupplifun fólks og ferðalanga.

e) Áhrif á ferðapjónustu og ímynd og sérstöðu landsins

Ljóst er að ef settur verður upp vindiðnaðargarður í heiðarlöndum Klaustursels þá mun það hafa veruleg áhrif á upplifun ferðamanna og gæði svæðisins til ferðamennsku mun rýrna allverulega. Vegna umfangs og sýnileika sem teygir sig tugi og hundruði kílómetra þá er áhrifasvæðið umtalsvert.

Það hefur sýnt sig að vegna Kárahnjúkavirkjunar hefur verið erfitt að fá ákveðnar ferðaskrifstofur og tegundir ferðamanna inn á þau svæði sem Kárahnjúkavirkjun hefur spjallað. Augljóst er að sama verður upp á teningnum með Klausturselsvirkjun, enda yrðu sjónræn áhrif hennar enn sýnilegri. Ef verkefni sem þetta yrði að veruleika mun það stöðva ákveðna uppbyggingu og ákveðin verkefni yrðu að finna sér stað á ómengaðri svæðum með tilheyrandi áhrifum á samfélag, atvinnu og gæði.

Ónákvæm og villandi matsskýrsla:

a) Urðunarsvæði

Furðu vekur að hvergi er komið inn á í matsskýrslunni áætlanir um hugsanlega urðunarstaði fyrir spaðana, þegar líftíma þeirra líkur. Vitað er að örplastið sem eyðist af spöðunum mun dreifast um lífríkið. En hvað á að gera við ónýtu spaðana þegar að því kemur?

Staðreynd er að flestir vindtúrbínuspaðar eru urðaðir, þar sem efnablandan, epoxí ofl. er ekki endurvinnanleg. Urðunarsvæði fyrir þetta magn risavaxinna spaða yrði engin múshola þegar að því kemur, heldur risavaxið urðunarverkefni. Þetta atriði vantar algjörlega í matsskýrsluna.

Í Noregi hefur ekki enn tekist að ná samkomulagi við vindiðnaðinn varðandi förgunargjald á vindorkuspöðum og meðan svo er, eru þeir enn grafnir í jörðu þar eða látnir liggja á haugum með tilheyrandi skaða. Víðast hvar um heiminn er enn verið að grafa langsmestan hluta af vindorkuspöðum með því eitri sem á þeim er og tilheyrandi skaða og landupptöku sem fer undir úrganginn sem er gríðarlegt.

b) Efnistaka og steypa

Mikillar ónákvæmni gætir í áætlunum um efnistöku og hlýtur að vera óskað eftir nákvæmari upplýsingum en nú eru í matsskýrslu.

Steypuankeri samkv. framleiðanda 6MW vindtúrbínu á að lágmarki að vera 11.000 m³, fyrir 90 túrbínur gerir það 990.000 m³, sem er allt önnur tala en gefin er upp í matsáætlun.

c) Keyptar sjálfrannsóknir til grundvallar.

Langflestar, ef ekki allar rannsóknir sem lagðar eru fyrir stjórnvöld, skipulagsyfirvöld og sveitarstjórnir eru keyptar af erlendu orkurisunum og því lítt marktækar. Margar stórar verkfræðistofur hérlendis hafa beinna hagsmuna að gæta og því hættulegt að taka þeim skýrslum sem hlutlausum, þar sem að sömu aðilar fengju aukin verkefni ef til framkvæmda kemur. Að auki gera færstar þeirra grein fyrir mikilvægustu áhrifaþáttunum sem eru náttúra og mannlíf. Almennigur hefur engin tök á að leggjast í kostnaðarsamar rannsóknir á alvarlegum afleiðingum slíkra orkuvera á mannlíf og náttúru og skipuleggja og kosta baráttu fyrir landareignum sínum og náttúru í návíginu við græðgina.

Áhætta sem ekki er virði að leika sér að.

Á nýliðnu ári haf tæknileg vandamál í stórrí vindorkuveri í norðurhluta Noregs ógnað, þar sem vindtúrbínur þoldu ekki veðurálagið. Hlutar vindmylla hafa fallið í miklum vindi og norsk stjórnvöld hafa hótáð að loka vindorkuverinu nema úrbætur verði gerðar. Frá árinu 2020 hafa að minnsta kosti sjö hlutir úr vindmyllum í Ánstadbláheia vindgarðinum nálægt Sortland fallið til jarðar í miklum vindi. Norska vatna- og orkumálastofnunin (NVE) lítur ástandið alvarlega.

Ávinningur fyrir þjóðarbúið?

Það gefur auga leið að erlend stórfyrirtæki með ótrygga vindorku hengja sig á raforkuferfi landsmanna, komast í peningaáskrift og almenningur tapar að lokum. Dæmin hræða frá Noregi. Þar gætum við lært mikið á mistökum norðmanna – mun meira en af spánverjum og dönum en þangað hafa sveitarstjórnarfulltrúar og vindorkugreifar sótt námskeið á liðnu ári. Vindorkuver selja orkuna inn á landsnetið og ókurteisi við vitsmuni folk að halda því fram að hægt sé að stýra því hvert tiltekin raforka er seld. Þannig er ein sölubrella erlendu orkurisanna og húskarla þeirra að vindorkan sé forsenda fyrir einhverjum verksmiðjum svo sem efnaverksmiðju ofan í firði. Þetta er duttlungaorka sem fer eftir því hvort og hvernig vindar blása og eingöngu komin á teikniborðin til þess að koma gráðugum í áskrift af landsnetinu okkar allra.

Vindorkuver er ekki grænt orkuver.

Ósnortið landsvæði og náttúra er skilgreint uppá nýtt á skipulagi og fær heitið iðnaðarsvæði með tilheyrandi gjörbreyttu hlutverki og óafturkræfu. Tugþúsundir steypuþonna fara í jörð svo skýjakljúfarnir megi rísa, hver og einn á við þrefalda Hallgrímskirkjuturna, á ótal steypupöllum með tilheyrandi vegakerfi á stóru svæði. Jarðrask er gríðarlegt og landið verður aldrei samt og svo sannarlega ekki afturkræft. (Þetta má sjá á dæmum frá svipuðum orkuverum erlendis).

Heiðarlandið í Múlþingi er ekki einkamál örfárna. Það er fjöregg íslenskrar þjóðar og arfur afkomenda okkar allra.

Með kveðju, fyrir hönd Mótvinds-Ísland:

Thelma Harðardóttir
Arnfinnur Jónasson
Steinunn Sigurbjörnsdóttir
Denni Karlsson
Kristín Helga Gunnarsdóttir
Andrés Skúlason

Skýrslur og tenglar:

Hér má lesa skýrslu eftir Wildland Research Institute um ósnortna náttúru

https://wildlandresearch.org/wp-content/uploads/sites/39/2022/03/Iceland-Wilderness-Report_FINAL_March16-3_compressed-med.pdf

Hér eru mjög áhugaverðir punktar um plast og olíumengun:

https://energiognatur-no.translate.google.com/forurensning-fra-vindkraft/?_x_tr_sl=no&_x_tr_tl=is&_x_tr_hl=en&_x_tr_pto=wapp&fbclid=IwAR26BMjtz5X3Rwfh3TUoJi2rGelH15QRYXe_6lrNs5Rnk99ndOphfW7H0SE

Hér er grein um áhrif á hreindýr í Noregi:

<https://www.reuters.com/world/europe/norway-legal-quandary-after-wind-turbines-ruled-threat-reindeer-herder-rights-2021-11-02/?fbclid=IwAR3kvmEwdNunsvnhCBidmjnYI7apoHFcPF-CS063FxXEmPhKRfn-dVyd9yE>

<https://modernsciences.org/reindeer-ancient-migration-routes-disrupted-by-roads-dams-and-now-wind-farms/>

Hér er grein um mengun í vatnsbóli:

<https://www.firdaposten.no/han-meiner-drikkevatt-net-hans-er-forringa-av-vindparken-no-hamnar-saka-pa-departementet-sitt-bord/s/5-16-627433?fbclid=IwAR0ORpk8xu503eDLPNJwUjEcexIHVaKxIxbzWXwNUS8SfGdyHQUm9g6ZfN0>

Nýleg frétt um vindorkuver í Noregi sem eru ekki að þola veðurálag

<https://www.lifeinnorway.net/norway-wind-farm-might-close-because-its-too-windy/>

Hér er skýrsla um örplastmengun af völdum vindorkuvera:

https://docs.wind-watch.org/Leading-Edge-erosion-and-pollution-from-wind-turbine-blades_5_july_English.pdf



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Skipulagsstofnun

sent í tölvupósti til skipulag@skipulag.is.

Egilsstöðum og Neskaupstað 6. janúar 2023

Efni: Umsögn um matsáætlun allt að 500 MW vindorkugarðs í Klausturseli, Múlaþingi

Matsáætlun vegna framkvæmda við vindorkugarð í Klausturseli hefur verið lögð fram¹. Í henni kemur fram að ráðgert sé að reisa allt að 500 MW virkjun á 3.730 ha svæði í landi Klaustursels í nokkrum áföngum, en að í fyrsta áfanga sé gert ráð fyrir 50-300 MW virkjun. Alls gætu vindmyllur orðið allt að 90, hver um sig 150-200 m há m.v. spaða í hæstu stöðu.

Hreindýr

Fjallað er um hugsanleg bein og óbein áhrif fyrirhugaðra framkvæma og í kafla fimm um áætlun um mat á umhverfisáhrifum eru listaðir upp helstu þættir sem verða skoðaðir, **en þar er hvergi minnst á hreindýr.**

Náttúrustofa Austurlands telur óhjákvæmilegt að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á hreindýr verði metin, bæði á framkvæmdatíma og á rekstrartíma.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði í landi Klaustursels og næsta nágrenni er svæði sem hreindýr hafa nýtt í gegnum tíðina og eru heimildir um það allt frá 19. öld. Mikilvægt er að gera grein fyrir mögulegum áhrifum á hreindýr vegna framkvæmda og á rekstrartíma virkjunar. Á Fljótsdalsheiði hafa undanfarna áratugi verið mikilvægir hagar hreindýra á ýmsum tímum og mikilvæg burðarsvæði eins og fjölmargar skýrslur á heimasíðu NA vitna um. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan þess sem skilgreint hefur verið sem veiðisvæði 2 og er stærð vindorkugarðsins án jaðarsvæðis um 1% af heildarstærð veiðisvæðisins.

Hreindýr eru lykiltegund í norðlægum vistkerfum og verða víða fyrir neikvæðum áhrifum vegna sundrunar og/eða eyðileggingar búsvæða og loftslagsbreytinga. Áhrif mannsins eru álitin mikilvægur þáttur í mati á gæðum svæða fyrir villt hreindýr, en nýlega lagði norska Náttúrufræðistofnunin, Norsk institutt for naturforskning slíkt mat á nokkur svæði í Noregi. Ástand svæða var metið gott, miðlungs eða slæmt út frá þremur þáttum: Ástandi stofns, fléttum og áhrifum mannsins sem endurspeglar mikilvægi áhrifa mannsins á gæði svæða fyrir hreindýr.

Áhrif framkvæmda, líkt og kynntar eru í matsáætlun um allt að 500 MW vindorkugarð í Klausturselsheiði, á hreindýr geta verið margþætt og háð flóknu samspili umhverfisþátta og manngerðra þátta. Áhrifin geta verið bæði bein, s.s. breytt aðgengi að hentugu landi og óbein, s.s. færsla beitarhaga og burðarsvæða og truflun á farleiðum vegna framkvæmda, mannvirkja og aukinnar umferðar með bættu aðgengi að áður óaðgenglegum svæðum á ólíkum tímum árs. Áhrif koma ekki endilega fram strax og geta verið uppsöfnuð.

Áhrif vindmylla á hreindýr hafa verið rannsökuð nokkuð, einkum í Skandinavíu. Aðalbjörg Egilsdóttir vann samantekt um áhrifin fyrir rammaáætlun 2020.



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Auk þess má benda á að landeigendur fá arð af hreindýraveiðunum svo og gjald fyrir hvert fellt hreindýr í þeirra landi. Ef vindorkuver í landi Klaustursels hefði fælandi áhrif á hreindýrin væri viðbúið að ágangsmatið mundi minnka svo og felligjöldum fækka, óvíst er svo um hversu langt út fyrir orkuverið áhrifin mundu ná. Niðurstöður vöktunar hreindýra má lesa í árlegum skýrslum stofunnar frá 2000 sem finna má á heimasíðu hennar. Í þeim má líka sjá hvar hreindýr eru felld á Austurlandi.

Fuglar

Í 5. kafla er matsáætlunarinnar er fjallað um aðferðir við rannsóknir á fuglum og m.a. vísað til þess að líklegt sé að Náttúrustofa Austurlands og Tringa sjái um þær í takt við lýsingar á aðferðafræði. Því er mikilvægt að fram komi að þó að í matsáætlun sé gengið út frá því að þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði sé ekki flokkað sem mikilvægt fuglasvæði verði ekki beitt ratsjarmælingum, þá endurspeglar það ekki álit Náttúrustofu Austurlands. Einungis eru um 4 km í beinni línu til norðurs að mörkum á skilgreindu mikilvægu fuglasvæði á Jökuldalsheiði og innan við 50 km í beinni línu að Eyjabökkum, sem er eini alþjóðlega mikilvægi fellistaður heiðagæsa á Íslandi og RAMSAR-svæði, auk þess er stutt í önnur mikilvæg fuglasvæði innan Vatnajökuls-þjóðgarðs. Allar líkur eru á sjónarhólsmælingar á þessu svæði nái ekki að dekkja umferð t.d. heiðagæsa að hausti þar sem að þær fara milli náttstaða og beitahaga í rökkri, jafnvel myrkri. Þá eru nærliggjandi svæði vinsæl til veiða á gæsum sem eru líklegar til að valda auknu flugi fugla vegna truflunar.

Virðingafyllst, f.h. Náttúrustofu Austurlands

Skarphéðinn G. Þórisson, hreindýrasérfræðingur

Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður

ⁱ https://skipulag.eplica.is/media/attachments/Umhverfismat/1921/202205094%20-%20Vindorkugar%C3%B0ur%20%C3%AD%20Klausturseli_endanlegt.pdf

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Austurlands (NAUST) um matsáætlun vegna fyrirhugaðs vindorkuvers á Fljótsdalsheiði í landi Klaustursels.

Fyrir liggur matsáætlun sem verkfræðistofan Mannvit hefur unnið fyrir vindorkufyrirtækið Zephyr og snýr að umhverfismati á fyrirætlun fyrirtækisins um að reisa allt að 500 mw vindorkuver á Fljótsdalsheiði í landi Klaustursels. Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) lýsa sig andsnúin þeim fyrirætlunum, sem og öðrum áætlunum um vindorkuframleiðslu á Austurlandi, uns fyrir liggur stefna ríkisstjórnar Íslands um nýtingu vindorku á Íslandi sem og samþykktir og stefna sveitafélaganna Múlaþings og Fjarðabyggðar um nýtingu vindorku á Austurlandi. Þrátt fyrir það vill NAUST koma á framfæri athugasemdum við matsáætlun umhverfismats á vindorkuveri í landi Klaustursels sem nú liggur fyrir.

INNGANGUR.

Áður en athugasemdir við sjálfa matsáætlunina eru lagðar fram vill NAUST vekja athygli á eftirfarandi:

Nú stendur yfir umræða um og undirbúningur á uppsetningu þriggja vindorkuvera á svæði sem kalla mætti Fljótsdalshérað auk tveggja vatnsaflsvirkjana. Að auki eru uppi hugmyndir að fjórða vindorkuverinu í nágrennabygðalaginu Fjarðabyggð.

Gangi þessar áætlanir eftir munu þær hafa umbreytandi áhrif á náttúru, lífríki og samfélag þessara byggðalaga. Í Múlaþingi er svæði sem áður hét Fljótsdalshérað þar sem nú eru að koma fram hrikalegar afleiðingar náttúrufarsbreytinga af völdum Kárahnjúkavirkjunar og þar sem félagslegar afleiðingar átaka hafa skilið eftir sig óafmáanlegt mark á einstaklingum og samfélagi. Fáir aðrir en heimamenn vita og sjá þá miklu eyðileggingu sem hin síðustu ár hafa hlotist af Kárahnjúkaframkvæmdinni og sú eyðilegging eykst með hverju ári sem líður.

Svæðið sem hin fyrirhuguðu orkuvinnsluverkefni ná yfir mun breytast úr landbúnaðarsamfélagi í iðnaðarsamfélag, lífríki mun hljóta af óbætanlegan og óafturkræfan skaða, ferðaþjónusta mun hljóta skarðan hlut og samfélagsleg íbúasamsetning og búsetuþróun færast í átt sem óvíst er hvort æskileg sé.

Nauðsynlegt er að skoða þá mynd sem nú er að teiknast upp heildrænt. Að horfa til allra þeirra stórfamkvæmda sem nú eru í kortunum og meta hver samlegðaráhrif þeirra verða. Það er augljóst hverjum sem er að tvö eða fleiri vindorkuver á litlu svæði munu hafa meiri áhrif á lífríki en eitt.

Það er einfaldlega óafsakanlegt að gæta ekki ítrustu varkárni og nýta ekki þá miklu þekkingu sem til staðar er í landinu við mat á samlegðarumhverfisáhrifum heildarmyndarinnar. Eðlilegt er að umhverfismat Zephyr fari í bið uns vindorkunýtingarstefna ríkisstjórnarinnar liggur fyrir

og heildstæð skoðun á umhverfisáhrifum af öllum orkuvinnsluáætlunum á Austurlandi hefur verið gerð.

1. UMHVERFISMAT ER ÓTÍMABÆRT ÞAR SEM STEFNUMÓTUN RÍKISSTJÓRNAR Í MÁLAFLOKKNUM STENDUR YFIR OG UMRÆÐA UM FJÖLMARGA VIRKJANAKOSTI Á AUSTURLANDI ER HAFIN.

Líkt og kemur fram í inngangi hér að ofan liggur ekki fyrir stefna stjórnvalda vegna vindorkunýtingar á Íslandi. Né hefur sveitafélagið Múlaþing mótað slíka stefnu. Fjölmörg önnur virkjanaáform eru til umræðu og undirbúnings. NAUST telur því ótímabært að fram fari umhverfismat vegna vindorkuvers í landi Klausturhóla þar sem mat á einum af fjölmörgum virkjanakostum mun marklítið þegar heildarmyndin fæst.

2. EKKI LIGGJA FYRIR NÁKVÆMAR ÁETLANIR UM NÉ TRYGGING FYRIR FLUTNINGI ORKU NÉ AÐGENGI AÐ JAFNVÆGISORKU.

Matsáætlun gerir ráð fyrir orkudreifingu með Kröflulínu 3 án þess að gera grein fyrir hvort eða hvaða aðgang þeir munu hafa að því kerfi og hver eigi að standa straum af þeim kostnaði sem af hlýst. Ekki er heldur gerð grein fyrir hvernig vindorkuverið í landi Klaustursels muni nálgast jafnvægisorku. Þessi atriði má kalla grunnforsendur fyrir uppsetningu vindorkuvers og hvorki virðist liggja fyrir vilyrði, samstarfsyfirlýsing né samningur svo hægt sé að tryggja þær.

- 3.

MATSÁÆTLUN VANMETUR RASK OG NEIKVÆÐ UMHVERFISÁHRIF AF UPPSETNINGU VINDORKUVERS.

Staðkunnugir vita að aðstæður eru þær í þessum þrengsta hluta Jökuldals að umfang framkvæmda verður meiri en ætla má af matsáætlun og áhrif af þeim fyrir ferðamenn og þá sem búa í næsta nágrenni gífurleg. Verði farin sú leið að beina framkvæmdum um Jökuldal og þaðan inn að Klausturseli er erfitt að sjá hvernig önnur umferð geti orðið um svæðið. Að auki liggja núverandi vegstæði í töluverðri hæð og bratta og hætta getur skapast vegna framkvæmdanna. Loks ber að nefna að Jökulsá á Dal rennur þvert á aðkomu að Klausturseli og um brúna sem liggur yfir ána fara hundruðir bifreiða daglega að sumarlagi þegar ferðamenn hyggjast upplifa náttúruperluna Stuðlagil.

Verði sú leið valin að flytja búnað og önnur aðföng yfir Fljótsdalsheiði frá Kárahnjúkavegi verður mikið rask á óröskuðu landi, lítt spilltum og lítt rannsökuðum heiðarlöndum sem segja má að séu bæði menningarsögu- og náttúrufarslega mikilvægt. Óafturkræft rask fyrir framkvæmd sem ætlað er að hafi 25 ára líftíma.

Uppsetning vindorkuvers á Fljótsdalsheiði mun valda stórfelldum neikvæðum og væntalega óafturkræfum umhverfisáhrifum á heiðinni og orsaka tjón á gróðri, vatnasviði og dýralífi vegna rasks sem verður af verklegum framkvæmdum, hávaða og umferð.

4. MATSÁÆTLUN GERIR EKKI RÁÐ FYRIR MÆLINGUM Á ÁHRIFUM FRAMKVÆMDA OG ORKUFRAMLEIÐSLU Á HREINDÝR SEM NÝTA SVÆÐIÐ.

Gögn Náttúrustofu Austurlands sýna að nýting hreindýra á umræddu svæði hefur verið töluverð og gögn þar að lútandi, t.d. vöktunarskýrslur um ferðir gps-kúa um Fljótsdalsheiði, má finna á heimasíðu NA.

Auk þess að upplýsa verkfræðiskrifstofuna Mannvit og orkuframleiðslufyrirtækið Zephyr um tilvist hreindýra á svæðinu er nauðsynlegt að vekja athygli á því að nauðsynlegt er, að í umhverfismati verði unnið að kortlagngu á nýtingu hreindýra á svæðinu, nú og í gegnum tíðina.

5. UPPSETNING OG REKSTUR VINDORKUVERS Á FLJÓTSDALSHÉIÐI MUN AUKA ENN FREKAR Á HNIGNUN FUGLALÍFS ALMENNT SEM OG ÁKVEÐINNA TEGUNDA.

Stofnstærðir um 40% þeirra tegunda sem finnast í Evrópu fara ört minnkandi og það á miklum hraða. Margt kemur til og ekkert sem gefur til kynna að lífsskilyrði þessara tegunda muni batna í náinni framtíð. Því má ætla að fækkun í stofnum, auk fækkunar í þeim stofnum sem enn spjara sig, verði viðvarandi á komandi áratugum og því hægt að gefa sér að áhrif vindorkuvers á Fljótsdalsheiði muni einungis valda frekari neikvæðum áhrifum.

Vitað er að heiðargæsir sem verpa við nálægar ár utan áætlaðs vindorkuvinnslusvæðis leita í heiðina með unga og því er flug heiðagæsa um alla Fljótsdalsheiði mikið. Umferð um heiðina og rask það sem mun eiga sér stað, auk vindmylluspaða mun því hafa töluverð áhrif á þessa tegund. Einnig er vitað að í nágrenni áætlaðs vindorkuvinnslusvæðis eru fálfalkastofnir og töluvert er um rjúpu í heiðinni og er báðum tegundum hættu búin af vindmyllum. Rjúpustofninn er og hefur verið í rýrnun og nýlega var á það minnst í fjölmiðlum að stofninn sé talinn ólíklegur til þess að lifa af langt inn í öldina. Fálkastofninn á Íslandi er lítill, telur 300-400 pör og er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem flokkar hann sem tegundi í yfirvofandi hættu. Fálkinn lifir einna helst á rjúpu og veldur fækkun rjúpu þar af leiðandi fækkun fálka. Þrátt fyrir smæðina telst íslenski fálkastofninn vera um 30 – 60% af evrópska fálkastofninum svo ábyrgðin á viðgangi hans er að töluverður leiti á herðum Íslands. Vistsvæði fleiri tegunda mun jafnframt raskast þar sem framkvæmdin mun hafa áhrif á vatnasvæði heiðarinnar.

6. EFAST MÁ UM AÐ AÐFERÐ VIÐ GREININGU OG MÆLINGAR Á ÁSÝND HENTI VIÐ ÞÆR AÐSTÆÐUR SEM VÍÐÁTTUR AUSTURHÁLENDIS OG HEIÐANNA BJÓÐA UPP Á.

Sú aðferð sem Scottish Natural Heritage hefur þróað er líkast til með ágætum og hentar hugsanlega vel til mælinga á sjónrænum áhrifum vindorkuvera í Skotlandi. Þrátt fyrir að hálendi Skotlands og Íslands beri sama heiti ef fjarri lagi að landslag og náttúrufar þessara tveggja hálenda sé sambærilegt. Það er einungis í nyrsta hluta Skotlands sem finna má svæði sem kalla mætti víðáttu og það svæði ber við haf að

miklu leyti. Svæðið sem hér um ræðir er hins vegar einstakt í allri Evrópu, hvergi er að finna viðlíka víðáttur og víðsýn og þar. Ekki eru færð rök fyrir því í matsáætlun hvers vegna hin skoska aðferð sé talin henta og hvers vegna hún var valin. Í matsáætlun er nefnt að frá Fljótsdalsheiði sjáist m.a. til Vatnajökuls – og þá má að öllum líkindum ætla að frá Vatnajökli sjáist til Fljótsdalsheiðar. Frá Fljótsdalsheiði sést til Herðubreiðar, og því líklega frá Herðubreið til Fljótsdalsheiðar. Þarna munu ásýndaráhrif draga töluvert lengra en þá 45 kílómetra sem áætlað er að mæla og nota til myndrænnar framsetningar.

7. ÁÆTLAÐ MAT Á SAMFÉLAGSLEGUM ÁHRIFUM ER ÓFULLNÆGJANDI

Fá svæði ef nokkur henta betur til greininga á samfélagslegum áhrifum af stórtækum orkuvinnsluframkvæmdum en sá hluti Múlapings sem áður var Fljótsdalshérað. Þrátt fyrir það hafa einungis fáar og mjög einfaldar lýsandi tölfræðigreiningar verið unnar. Afar takmarkaðar ályktanir er hægt að draga af slíkum greiningum – þær lýsa umfangi en ekki eðli. Samfélag, og þau fræði sem snúa að því að greina þau, eru flókin og margþætt. Eigindlegar aðferðir og ályktunartölfræði er við hæfi að nota við greiningar á samfélagslegum áhrifum eigi marktækni að vera til staðar. Réttara spurninga verður að spyrja, til að mynda spurninga um hvaða langtímaáhrif það hafi á mannfjöldasamsetningu og lífsgæði þegar búsetusvæði breytist úr hefðbundnu landbúnaðarsvæði í orkuiðnaðarsvæði eða hvaða áhrif afstaða til náttúruspjalla líkt og þeirra sem vindorkuver hefur í för með sér hefur á samskipti og sambýli íbúa. Ef vilji er til þess að vinna þennan hluta umhverfismatsins af alvöru er einmitt kjörið að gera það á umræddu svæði í kjölfars þess samfélagsrofs sem varð vegna gerðar Kárahnjúkavirkjunar.

8. EKKI ER GERÐ GREIN FYRIR KOLEFNISJÖFNUN FRAMKVÆMDARINNAR

Í matsáætlun um vindorkuver í Klausturselslandi er ekki tiltekið með hvaða hætti Zephy hyggst kolefnisjafna framkvæmdina. Það hlýtur að teljast mikill ágalli eða yfirsjón nema ef fyrirtækið hyggst láta almenning á Íslandi bera þá ábyrgð.

F.h. NAUST, Náttúruverndarsamtaka Austurlands

Kristín Amalía Atladóttir, formaður

06.01.2023

UMSÖGN

ÓFEIG náttúruvernd stendur vörð um óbyggð víðerni á Íslandi og vinnur að náttúruvernd almennt. Í samræmi við lög samtakanna vinna þau að þessum markmiðum með kortlagningu óbyggðra víðerna m.a. í samstarfi við íslenska og erlenda vísindamenn og stuðla að verndun víðernasvæða; eru vettvangur umræðu um mikilvægi verndunar óbyggðra víðerna og náttúrunnar almennt og veita loks stjórnvöldum á öllum stigum virkt aðhald með upplýsingu og með því að neyta réttinda sem Árósasamningurinn, EES samningurinn og íslensk lög veita. ÓFEIG náttúruvernd (samtökin) eru óhagnaðardrifin almannasamtök, starfa eingöngu að almannahagsmunum og eru óháð einkahagsmunum. Samtökin voru stofnuð 2018.

Samtökin veita neðangreinda umsögn um auglýsta matsáætlun *Zephyr Iceland ehf.* um vindorkuver á Fljótsdalsheiði, svonefnda Klausturselsvirkjun.

Fyrir liggur 27 síðna matsáætlun frá nóvember 2022 fyrir *Zephyr* frá Mannviti. Hin endanlega matsáætlun, í skilningi 21. og 22. gr. laga nr. 111/2021 mun samanstanda af henni, ásamt þeim viðbótarupplýsingum sem Skipulagsstofnun aftar í málsmeðferðinni og álitni stofnunarinnar. Til þess að *Zephyr* væri unnt að uppfylla lágmarsskilyrði 22. gr. laganna um efni umhverfismatsskýrslu þurfa frekari lágmarksupplýsingar um áform *Zephyr* og áhrif þeirra, valkosta og upplýsingar um fyrirhugað umhverfismat að koma fram í þegar matsáætlun lögum samkvæmt. Álit Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. lagaákvæðisins þarf því að fela í sér nokkrar leiðbeiningar til *Zephyr* um þetta, m.a. með vísan til ákvæða 11. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 og Evrópulöggjafar. Hér eru ábendingar samtakanna á þeirra sérsviði.

1. Viðeigandi framsetning

Með vísan til þeirra markmiða umhverfismats að standa vörð um umhverfi og veita almenningi þátttöku í ákvörðunum um stórar framkvæmdir, svo sem því er lýst í landslögum (a- og c-liður 1. gr. laga nr. 111/2011) og uppruna þeirra í EES-samningnum, einkum 73. gr. hans, og afleiddum gerðum, einkum tilskipun 2011/92/ESB breytttri með tilskipun 2014/52/ESB, færi betur á því að **lýsing í umhverfismatsskýrslu** á umfangi framkvæmdar tæki til atriða sem raunverulega varða umhverfið og vísa til almenns skilnings, s.s. flatarmáls lands sem er undir, þar af óbyggðra víðerna, fjölda og hæðar vindorkuveranna og þess konar upplýsingar sem skipta máli fyrir umhverfismatið, sjá einnig b-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 1281/2021. Tæknileg atriði eins og fyrirhugað uppsett afl skipta mun minna máli fyrir markmið umhverfismats. Samantekt í umhverfismatsskýrslu skv. e-lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 þarf að taka mið af þessu til að standast lög.

2. Víðernasvæðið Fljótsdalsheiði

Í umhverfismatsskýrslu þarf að fjalla um verndarsvæði en í matsskýrslu Mannvits fyrir *Zephyr* hefur láðst að geta þess að í henni verði gerð grein fyrir þegar kortlögðum **óbyggðum víðernum** í samræmi við viðmið í 19. tölulið 5. gr. og 73 gr. a og 8. tl. bráðabirgðaákvæðis náttúruverndalaga nr. 60/2013 um kortlagningu víðerna sem hugsanlega geta orðið verndarsvæði skv. 46. gr. náttúruverndalaga nr. 60/2013, sbr. einnig stefnumörkun löggjafans í e-lið 3. gr. laganna um að standa vörð um óbyggð víðerni. Ein vísindaleg kortlagning, sem tekur mið af þessum ákvæðum laganna, hefur farið fram til þessa. Samkvæmt henni virðist sem fyrirhuguð framkvæmd hefði algerlega afgerandi áhrif til eyðingar svæðis sem telst til óbyggðra víðerna og myndi vera tækt til friðlýsingar skv. lagaskilyrðum 46. gr. Um er að ræða víðernasvæði tölusettt nr. 10 og nefnt

Fljótsdalsheiði í kortlagningarskýrslu gerðri í samræmi við kröfur laga. Vísað er til svæðisins og upplýsinga um það aftast í þessari umsögn. Mögulega yrði stærsta víðernasvæði sem kortlagt hefur verið á Íslandi, tölusett nr. 12 í tilvitnari skýrslu, einnig fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd. Úr þessu fæst ekki skorið nema rannsaka það. Mat þarf að fara fram og gera þarf grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu hver yrði skerðing fyrirhugaðrar framkvæmdar á víðernasvæði 10 og mögulega 12. Kortlagning óbyggðra víðerna lögum samkvæmt og mat á áhrifum mannvirkja á þau er fjölpátta mat og alls ekki einfalt sýnileikamat.

Vísað er til b-liðar 2. mgr. 11. gr. sbr. c-liður 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 auk tilvitnaðra ákvæða laga. nr. 60/2013.

3. Sérfræðikunnátta

Lög nr. 111/2021 gera þá kröfu að umhverfismat sé gert af þar til bærum **sérfræðingum**. Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 þarf í matsáætluninni sjálfri að vera „*yfirlit yfir þá sérfræðinga sem koma til með að vinna umhverfismat ásamt upplýsingum um sérfræðipækkingu þeirra og réttindi*“. Samtökin telja að texti matsáætlunar um þetta í kafla 1.1 uppfylli ekki lágmarkskröfur reglugerðarákvæðisins enda er þar sagt að ekki sé vitað hvaða sérfræðingar muni vinna að umhverfismati. Í kaflanum er sagt að Mannvit hafi mikla sérfræðipækkingu á íslenskum lögum og reglugerðum um umhverfismál en ekki kemur fram hvaða aðili eða aðilar hafi þá sérfræðipækkingu í umhverfisrétti innanhúss. Samtökin taka einnig fram að þeim er ekki kunnugt um að neinn á vegum Mannvits hafi áður unnið að kortlagningu óbyggðra víðerna eða áhrifa mannvirkja á þau í samræmi við gildandi náttúruverndarlög. Sýnist þurfa að bæta verulega úr matsáætlun til að uppfylla reglugerðarákvæðið ef ekki á að hafna henni.

Vísað er til 6. töluliðar 11. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021.

4. Valkostir


Lög gera ráð fyrir að fjallað sé um **raunhæfa valkosti** í umhverfismati. Samtökin eru ósammála eftirfarandi takmarkandi valkostaumfjöllun í matsskýrslu og forsendum fyrir henni:

„Á því svæði sem um ræðir hefur framkvæmdaraðili fengið leyfi sveitarfélagsins fyrir uppsetningu á vindmastri til skoðunar á vindaðstæðum. Samanburður á framkvæmdakostum snýr því fyrst og fremst að **uppröðun vindmylla** á svæðinu og því hve stórir og margir áfangarnir verða að teknu tilliti til mismunandi aflsetningar.“
(leturbreyting samtakanna)

Í reglugerð er s.k. núllkostur nefndur sem einn valkosta sem greina skuli frá, þó það sé ekki tilgreint í settum lögum, og væntanlega þarf þá Zephyr að uppfylla það skilmerkilega en ekki til málamynda, líkt og gjarna hefur tíðkast, meðal annars með góðri umfjöllun í tengslum við lið 2 hér að ofan um hvaða áhrif það hefði að halda í óbyggð víðerni á rekstrartíma vindorkuvers og eftir hann.

Vísað er til c-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 og gerða Evrópuréttarins sem löggin eru innleiðing á.

Kort af víðernasvæði 10 er í viðauka með umsögn þessari, úr umfjöllun í skýrslu Wildland Research Institute, óháðri rannsóknarstofnun við landfræðideild háskólans í Leeds, sjá <https://wildlandresearch.org/>, frá mars 2022, sem aðgengileg er á internetinu, sjá lýsingu af víðernasvæðinu Fljótsdalsheiði á bls. 86 og heildarkort á Mynd 7.1 í skýrslunni: <https://wildlandresearch.org/wp-content/uploads/sites/39/2022/03/Iceland-Wilderness-Report FINAL March16-3 compressed-med.pdf>



Kort af víðernasvæði 10, Fljótsdalsheiði, skv. kortlagningu WRI; hluti af heildarkorti yfir öll 17 kortlögð víðernasvæði Íslands á Mynd 7.1 á bls. 75 í skýrslu WRI frá mars 2022

Athugasemdir við matsáætlun fyrirhugaðs vindorkugarðs Zephyrs á Fljótsdalsheiði (ALLT AÐ 500 MW VINDORKUGARÐUR Í KLAUSTURSELI)

Fyrirhugaður vindorkugarður á Fljótsdalsheiði hefur ekki verið tekinn til skoðunar af Rammaáætlun. Ef einhver vafi er á hvort hann falli undir Rammaáætlun er mikilvægt að taka ekki ákvarðanir um þessi virkjanaáform fyrr en fyllilega er ljóst hvort þessi framkvæmd er undanþegin Rammaáætlun.

Í forsendum matsáætlunar (efst á bls. 1) er fullyrt að fyrirhugaður vindorkugarður muni bjóða umhverfisvæna orku. Sú fullyrðing stenst ekki skoðun, því að þau mannvirki sem fylgja vindorkuverinu hafa umtalsverð áhrif á umhverfið, bæði vegna breyttrar ásýndar á þessu stóra landsvæði sem sést víða að, og vegna þess að ráðgert er að spilla einu stærsta óbyggða víðerni utan hálendisins, en slíkt er í trássi við markmið náttúruverndarlaga.

Á bls. 2 í matsáætlun kemur fram að ítarlegri mælingar á vindafari séu nauðsynlegar fyrir undirbúning svona verkefna. Það er því ljóst að undirbúningur er ekki kominn á það stig að hann réttlæti afgreiðslu matsáætlunar.

Í matsáætlun skortir umfjöllun um áhrif framkvæmdar á óbyggð víðerni, en Fljótsdalsheiði er eitt stærsta víðernið utan miðhálendisins (sjá t.d. https://www.ramma.is/media/rannsoknir/OstmanEtal2021_WildernessIceland.pdf). Í náttúruverndarlögum segir að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins og að byggja skuli ákvarðanir á upplýsingum úr kortlagningu óbyggðra víðerna.

Í grein 3.1 í matsáætlun er ritað að “Með vindorkugarði á Fljótsdalsheiði er m.a. verið að bregðast við aukinni raforkuþörf á Íslandi, en samkvæmt skýrslu um afl- og orkujöfnuð fyrir árin 2019-2023⁴ eru líkur á að notkunin muni aukast hraðar eftir árið 2021 en aukning á nýju uppsettu afli virkjana.” Þessi forsenda stenst engan veginn, því að ný skýrsla Landsnets <https://www.landsnet.is/library?itemid=2d749bce-cad8-44cf-a414-36020f8b5575> sýnir að litlar sem engar horfur eru á að orkujöfnuður verði neikvæður á næstu árum. Auk þess kemur í ljós að áætluð orkuþörf 2019-2023, sem vitnað er til í matsskýrslu, var ofætluð og að ekki eru horfur á marktækum neikvæðum orkujöfnuði á næstu árum.

Mikilvægt er að ítarleg grein sé gerð fyrir meginforsendum raforkuframleiðslu og söluhorfum áður en lagt er af stað með svo viðamiklar ráðagerðir um raforkuver. Þar verður einnig að taka tillit til stopullar orkuframleiðslu þegar veður eru stillt, eins og gerst hefur undanfarnar vikur. Þá verður orkuframleiðsla vindmylla lítil eða engin. Eru forsendur fyrir fyrir sölu á tugum eða hundruðum megawatta sem fyrirsjáanlega detta út um lengri eða skemmri tíma? Til að svara því þarf annað hvort að sýna fram á jöfnunarorku þegar vindorku skortir eða kaupendur sem tilbúnir eru að kaupa stopula orku.

Þegar horft er til mögulegrar notkunar stopullar orku til framleiðslu rafeldsneytis og annarra slíkra kosta, verður að skoða alþjóðlega markaði og horfur á þeim. Horfur í viðskiptum með rafeldsneyti svipar um margt til viðskipta með jarðefnaeldsneyti; þetta eru hvort tveggja auðflytjanlegar vörur á alþjóðlegum markaði. Framleiðslan mun aðallega verða þar sem orkuverð er lægst, jafnvel þótt það sé stopult. Nú virðist að framleiðsla rafmagns og rafeldsneytis muni verða hagfelldust með sólarcellum, og þá helst þar sem umhverfisskilyrði eru hvað best, t.d. í Norður-Afríku, á Spáni, Grikklandi, Sikiley og víðar. Það virðist óraunhæft að gera ráð fyrir að vindorka geti keppt á þessu sviði, a.m.k. ekki vindorka á landi.

Ef farið verður í framkvæmdir sem byggja á svo veikum efnahagslegum grunni sem fyrirhugaðir vindorkugarðar, má búast við að fyrirtækin verði ekki rekstrarhæf, og því er mikilvægt að gerð sé grein fyrir hvaða tryggingar verði settar fyrir því að mannvirki verði afmáð og svæðinu komið í fyrra horf. Slíka greinargerð vantar.

Ólafur S. Andrésson, kt. 091051-4519

Sigrún Helgadóttir, kt. 220949-7299

Umsögn um matsáætlunar um mat á umhverfisáhrifum vegna áforma um vindorkugarð í landi Kalustursels

Framsetning og orðalag matsáætlunarinnar finnst mér með þeim hætti að ekki sé nægilega mikið litið til náttúru Íslands sem sjálfstæðs hagaðila í málinu. Mjög mikið og varanlegt rask og umbreyting á náttúru fylgir uppsetningu og frágangi vindorkugarðsins (umtalsverð vegagerð, undirstöðumannvirki fyrir möstur, jarðvegsnámur o.fl.) og líka rekstri hans (tengt viðhaldsvinnu, förgun spaða o.fl.) sem og mögulegum óhöppum (olíumengun, eldsvoðar o.fl.). Síðast en ekki síst skal nefnd bein hætta sem fuglum stafar af spöðum vindorkumannvirkjanna.

Hvað varðar tilefni áforma um vindorkugarðinn finnst, þá mér að í matsáætluninni sé það í raun eingöngu rökstutt með því að tala „eftirspurn“ eftir raforku, en ekki með því að sýna fram á raunverulega samfélagslega þörf fyrir raforku. Hér skal því árétt að „eftirspurn“ annars vegar og „þörf“ hins vegar er tvennt óskilyt; það fyrrnefnda nær endalaust en hitt vandmetið og því jafnvel ekki reynt að meta það.

Þetta er mjög alvarlegt þar sem áttúran sjálf og lífríkið allt eru ekki til fyrir okkur fólkið á jörðinni, heldur erum við hluti af lífríkinu í náttúrunni. Sem slík eiga náttúra og lífríki tilkall til þess að við áætlaðar framkvæmdir sé raunverulega horft til sjálfstæðs réttar þeirra til áframhaldandi ósnortinnar tilvistar.

Í inngangi matsáætlunarinnar á bls. 1 segir m.a.: „*Jörðin Klaustursel er stór og þar er mikið rými fyrir vindmyllur. Áætlað er að Klausturselvirkin verði byggð í áföngum og að fyrsti áfangi verði á bilinu 50-300 MW. Síðar er gert ráð fyrir að stækka virkjunina í allt að 500 MW. Stærð áfanga er þó háð eftirspurn eftir raforku þegar nær dregur framkvæmdum*“.

Samhliða þessari sýn er mikilvægt að líta til þess hvaða land hér um ræðir; nefnilega er þetta hluti víðerna íslensks hálendis, en þau víðerni eru umtalsverður hluti ósnortinna víðerna í Evrópu (talað er um rúm 40% í þessu sambandi). Þetta er heiðaland af ýmsu tagi og m.a. umtalsvert votlendi en einmitt votlendi er nokkuð sem á alþjóðavísu er lögð áhersla á að endurheimta og varðveita. Varðveisla slíks lands hlýtur því hverju sinni að vera áhersluatriði.

Vindorkugarður af þeirri stærðargráðu sem um ræðir, bæði hvað varðar umfang lands sem undir hann fer og hæð mannvirkja (lágmark 200 m) kallar á að spyrja m.a. neðangreindra tveggja spurninga:

- 1) Getur garðurinn truflað þá nýtingu nálægs lands annarra aðila/iðnaðar sem þegar er í gangi ?
- 2) Hvort og hvaða aðrir nýtingarmöguleikar á umræddu landi eru til staðar með hag samfélags, náttúru og lífríkis í huga ?

Hvað fyrri spurninguna varðar er mikilvægt að leita beint og markvisst eftir álitum þeirra sem nýta land í nágrenni (hér er sérstaklega átt við allt land óháð hæð yfir sjó, hvaðan mun sjást til vindorkugarðsins) til ferðamennsku af ýmsu tagi. Til að leitast við að svara síðari spurningunni, þá verður að horfa til hæsta og eins glæsilegasta einkennistákns Austurlands, Snæfells sem er hæsta fjall utan jökla í landinu. Telja verður mjög líklegt að vindorkumannvirkin (a.m.k. ljósinn í þeim) muni sjást frá Snæfelli og mjög víða annar staðar af hálendi Austurlands. Vatnajökulsþjóðgarður og aðrir hlutar hálendis Austurlands eru að mínu mati vara sem ferðamenn og ekki síst efnaðir ferðamenn munu í vaxandi mæli spyrja eftir í nánustu framtíð. Verði af umræddum vindorkugarði, þá mun hann einn og sér og líka með öðrum vindorkugöðrum á Aussturlandi (verði af þeim s.s. nærri Fljótsdal) að einhverju leyti skemma

framangreinda vöru og draga úr eftirspurn á henni. Að varðveita umrætt land í Klausturseli tel ég sterk rök, tengt því ákalli nærsamfélagsins Austurlands, að Egilsstaðaflugvöllur verði byggður upp sem sjálfstæður millilandaflugvöllur með beint flug ekki síst frá Evrópu en enginn flugvöllur á Íslandi er nær meginlandi álfunnar.

Varðandi staðarvalið á Fljótsdalsheiði er í kafla 1.2 fullyrt að umrætt svæði „einkennist nú þegar af orkumannvirkjum í formi háspennulína (Kröflulínur 2 og 3).“ og bent á að svæðið sé ekki langt frá hinni ristastóru Fljótsdalsstöð Landsvirkjunar ásamt miðlunarlóni hennar við Kárahnjúka. Umfjöllunina má skilja sem svo að háspennulínur á svæðinu og nálægð við Fljótsdalsstöð og miðlunarlón við Kárahnjúka réttlæti að taka umrætt land undir vindorkuver.

Að segja að svæðið einkennast nú þegar af orkumannvirkjum í formi háspennulína er í besta falli mikil einföldun, en í raun mjög ýkt orðalag, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Umrædd háspennulína sem mannvirki er eins og nafnið kveður á um línulegt fyrirbæri í landinu, mörgum sinnum lægra en hvert einstakt fyrirhugað vindmyllumastur og ekki með ljós í toppi. Það er virkilega mögulegt að áður nefnt orðalag slái ryki í augu fólks og sjálfum finnst mér þetta beinlínis vera rangfærslur sem auðveldlega má skilja sem svo að svæðið sé þegar svo spillt af mannlegum framkvæmdum, að ekki saki að raska því meira. Þá finnst mér þessi umfjöllun í algjörri andstöðu við eftirfarandi tilvitnun í kafla 2.2 um Aðalskipulag; *„Skipulag í dreifbýli þarf að stuðla að því að fjölbreytt nýting lands til framtíðar sé í sátt við náttúru og landslag. Gefinn er kostur á nýtingu orkulinda í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.“*

Í kafla 2.2. um Aðalskipulag er sérstaklega vikið að mikivægum granna áætlaðs vindorkugarðs þar sem segir *„Þá er eitt náttúruverndarsvæði, Stuðlafoss, einnig í grennd við svæðið“* og síðar er einnig talað um Stuðlagil. Jákvætt er að þetta skuli nefnt og Stuðlafoss sem náttúruverndarsvæði á vonandi sjálfkrafa mikinn rétt. Fyrir örfáum árum vissu einungis mjög fáir af tilvist Stuðlagils, en í dag má segja að það sé orðið heimsfrægt. Gilið sjálft og réttur fólks í dag og í framtíðinni til að fá að sjá það og óspillta umgjörð þess kallar á sérstaka aðgát þegar uppi eru áform um röskun lands í nágrenni slíks náttúruundurs. Í því sambandi er vissulega mikilvægt að kanna hvort og hvaðan úr nágrenni Stuðlagils muni sjást til orkugarðsins. Það eitt og sér nægir hins vegar engan vegin, því gilið er slíkt aðdráttarafli fyrir ferðamenn að það getur að mínu mati m.a. styrkt grundvöll uppbyggingar Egilsstaðaflugvallar sem áður var vikið að.

Ég hef eins og svo margir aðrir nokkra reynslu af gönguferðum í hálendi Íslands og hef líka átt þess kost að hlýða á og ræða við suma þeirra sem skipuleggja slíkar göngur og m.a. fyrir erlenda ferðamenn. Með vísan í þetta þá skal undirstirkað að ekki má horfa fram hjá þeim möguleika að göngur um hálendi Austurlands og m.a. á milli þeirra perla sem þar eru þegar þekktar muni egja vaxandi vinsældum að fagna.

Umtalsverðan hluta af afkomu íslensks þjóðarbús má rekja til ferðaþjónustu, en hún byggir m.a. á nýtingu ósnortinna víðerna og ekki síst á hálendi landsins. Færa má fyrir því rök að ásókn í slíkt muni aukast. Fyrir örfáum dögum heyrði ég hagfræðing segja í viðtali í sjónvarpi að íslenskt hagkerfi væri „ferðaþjónustudrifið“ og svo færði hann rök fyrir því að sú staðreynd ætti ríkan þátt í því að efnahagslegt ástand á Íslandi væri ekki verra en raun ber vitni á þeim viðsjárverðu tímum sem nú eru. Að framan hef ég reynt að benda á að vindorkugarður í Klausturseli einn og sér og ekki síður með öðrum slíkum gördum austanlands ef af þeim verður geti stefnt öðrum mikilvægum hagsmendum austfirskis samfélags og alls landsins í tvísýnu.

Umfram það sem ég hef þegar sagt um réttindi og hag náttúru og lífríkis í tengslum við áform um vindorkugarðinn, þá skal hér aðeins við þá umfjöllun bætt. Möguleg áhrif af virku vindorkumannvirki á heilsu manna og dýra eru engan vegin rannsökuð til fulls. Í Noregi og Svíþjóð og kannski víðar hefur verið á þetta bent og í því sambandi ýmislegt nefnt en ekki síst lágtíðnihljóð frá vindorkuverunum. Vissulega eru áætluð mannvirki býsna langt frá þeim stöðum sem fólk býr og dvelur langdvölum og mun ég ekki ræða það nánar hér. Hitt skal undirstirkað og áréttað að stærsta villta spendýr landsins, íslenska hreindýrið, sem um leið er einkennistákn og stolt Austurlands á m.a. heimkynni á og aðlægt því landi sem vindorkugarðinum er ætlað. Með tilkomu vindorkugarðsins væri í versta falli verið að búa til tilraunareit hvað varðar heilsu og líðan íslenskra hreindýra.

Það er mín skoðun að ekki eigi að heimila einkaaðilum að reisa vindorkuver á Íslandi, heldur eigi slík orkuver einungis að koma til greina í eignarhaldi opinberra aðila og þá helst Landsvirkjunar. Síðast en ekki síst þá vil ég benda á þá staðreynd að ekki liggur fyrir stefnumörkun ríkisins um það hvort og hvar megi mögulega reisa vindorkuver, né heldur hvernig skuli háttáð gjaldtöku fyrir slíkt af hálfu ríkissjóðs og sveitarfélaga. Á sama hátt hefur sveitafélagið Múlaþing hvorki mótað né samþykkt sína stefnu varðandi mögulega nýtingu lands til vindorkuframleiðslu innan sveitarfélagsins.

Að öllu þessu sögðu þá er það mín skoðun að það sé andstætt samfélagslegum hagsmunum Austurlands og á Íslandi öllu að samþykkja áform um vindorkugarð í landi Klaustursels.

Pétur Heimisson
Dynskógar 17
700 Egilsstaðir
Sími: 860 6830
peturheimis54@gmail.com
petur.heimisson@hsa.is

Athugasemd Ragnhildur Zoega

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Ragnhildur Zoéga - RR
Heiti : Athugasemd Ragnhildur Zoega
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 05.01.2023 00:00:00
Höfundur : Ragnhildur Zoéga - RR

Undirrituð er andsnúin virkjun í Klausturseli

Vegna mengunar á sjónrænum áhrifum í allt að 45 km radíus – hingað koma ferðamenn til að njóta víðerna Íslands sem enn eru einstök á evrópskum mælikvarða

Vegna fugladráps vængja vindmylla

Vegna hljóðmengunar á umhverfi

Vegna kolefnisspors byggingar hverrar vindmyllu, sem er verulegur

Vegna örplastmengunar frá vængjum vindmylla

Bestu kveðjur,

Ragnhildur Zoega,

s. 8644448

Efni: Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar um matsáætlun um vindorkugarð í Klausturseli

Samtök ferðapjónustunnar hafa farið yfir matsáætlun Zephyr Iceland ehf. vegna umhverfismats allt að 500 MW vindorkugarðs í Klausturseli í Múlþingi. Þegar málið var síðast kynnt á heimasíðu Skipulagsstofnunar fyrir ári síðan, í svokölluðu forsamráði, þá var fyrirhugað að vindorkugarðurinn yrði allt að 250 MW á sama svæði.

Samtök ferðapjónustunnar finnst sérstakt að ekki sé sérstakur kafli um áhrif á ferðapjónustu á svæðinu enda er stór áningarstaður fyrir ferðamenn á svæðinu. Hins vegar er fyrirhugað að hafa möguleg áhrif vindorkugarðsins á verndarsvæðin á svæðinu sem eru tvö, Stuðlafoss og Stuðlagil, sem eru eins og segir í matsáætluninni á náttúruminjaskrá og eru tilnefnd vegna jarðminja. Þá kemur fram að Stuðlafoss og Stuðlagil séu í 4-5 km fjarlægð frá fyrirhuguðu virkjunarsvæði. Samtökin vænta þess að kaflinn um verndarsvæði skoði vandlega hver áhrif fyrirhugaðrar virkjunar verði á þessi svæði. Umhverfismat verður að taka tillit til þeirra verðmæta sem landslagið okkar hefur uppá að bjóða.

Ferðapjónustan er stærsta útflutningsgrein landsins og stefnir að verða aftur hluti af 40% af útflutningstekjum þjóðarinnar og er því stærri en sjávarútvegurinn og málmframleiðslan til samans. Stuðlagil er helsti segul fyrir ferðamanna á Austurlandi og er yfir 34% ferðamanna hér á landi sem heimsækja Austurland í mánuði hverjum. Þannig að samtökin vænta að kaflinn í umhverfismatinu verði ítarlegur um áhrif vindorkugarðsins á þessa tvo áfangastaði fyrir ferðamenn. Þá þyrfti að vera áhrif hans á komandi ferðapjónustu á svæðinu.

Skoðun Samtaka ferðapjónustunnar á vindorkugarði sem þessum

Ferðapjónusta hér á landi byggist að mörgu leyti á náttúruupplifun þeirra sem landið sækja. Íslensk ferðapjónustufyrirtæki og stjórnvöld markaðssetja náttúru Íslands til ferðamanna og 90% þeirra erlendu ferðamanna sem koma til landsins gera það vegna náttúru landsins og séreðlis hennar. Samkvæmt rannsóknum sem byggja á fjölda viðtala við ferðapjónustuaðila hér á landi þá munu vindorkugarðar hér á landi hafa umtalsverð áhrif á upplifun ferðamanna og íslenska ferðapjónustu.¹ Ef reisa á vindorkuver hér á landi þá ættu þau undir öllum kringumstæðum að vera utan svæða náttúruverndar og menningarminja.

Fyrir íslenska ferðapjónustu þá eru séreinkenni íslenskrar náttúru verðmæti sem þarf að standa vörð um. Óþið landslag, berangur, víðátta og víðerni þarf að vernda því það er það sem ferðafólk sækir þegar það kemur til landsins. Náttúruvernd og ferðapjónusta haldast í hendur. Án óspilltrar náttúru þá væri lítið fyrir ferðapjónustuna við að hafa því þá væri séreðli Íslands fyrir bí.

Rannsóknir sýna að ferðafólk er viðkvæmara þegar kemur að staðsetningu vindorkuvera nálægt náttúruverndarsvæðum heldur en t.d. iðnaðarsvæðum, landbúnaðarsvæðum eða nálægt bæjarfélögum. Öll óaskileg sjónmengun hefur áhrif á upplifun ferðamanna af landinu og því verður að velja landssvæði undir vindorku af kostgæfni og með nýtingu ferðapjónustu í huga. Það að setja t.d. vindorkuver niður í óspillta náttúru mun hafa þau áhrif að svæðið verður ekki lengur óspillt heldur verður svæðið virt sem iðnaðarsvæði.

Þess vegna er mikilvægt að það verði mikil umfjöllun um ferðapjónustuna og áhrif vindorkugarðsins á ferðapjónustuna á svæðinu við það að setja slíka framkvæmd við helsta aðráttarafl Austurlands. Þess vegna er mjög sérstakt að í kaflanum um af hverju Fljótsdalsheiði í kafla 1.2 er ekkert tekið tillit til Stuðlagils þegar staðurinn er valinn.

Samtökin telja mikilvægt að landslag, náttúruverðmæti og gildi upplifunar úti í náttúrunni, auk áhrifa á íbúðarbyggð, liggja til grundvallar skipulagi fyrir vindorkugarð.

¹Anna Dóra Sæþórsdóttir, Margrét Wendt og Edita Tverjónaite. Wealth of Wind and Visitors: Tourist Industry Attitudes towards Wind Energy Development in Iceland. Júní 2021. <https://www.mdpi.com/2073-445X/10/7/693/htm>

Í skýrslu frá danska umhverfisráðuneytinu um áhrif vindorkuvera á landslagið út frá sjónmengun kemur m.a. fram að mikilvægt sé að horfa vandlega til staðsetningar á vindorkuverum þar sem vindmyllur eru gríðarlega ráðandi í landslaginu og upplifun af slíkum svæðum breytist hratt úr náttúruupplifun í upplifun af iðnaðarsvæði. Þannig geta vindmyllur til dæmis haft mjög neikvæð áhrif ef þær eru staðsettar við þjóðgarða eða minjar enda standa þær hátt í landslaginu.

Þess vegna telja samtökin að stjórnvöld, og sveitarfélög eins og Múlaþing, eigi að marka sér skýra stefnu um að vindorkuver eigi eingöngu að vera á afmörkuðu og fáum landsvæðunum langt frá náttúruverndarsvæðum og að slíka stefnu verði að marka með skýrum hætti áður en lengra er haldið. Skynsamlegasta staðsetning vindorkuvera út frá hagsmunum ferðaþjónustu og rannsóknum á upplifun ferðamanna er á þeim svæðum þar sem áhrif þeirra eru hvað minnst á náttúru Íslands og náttúruupplifun ferðafólks. Á sjó, við iðnaðarsvæði eða við þéttbýli.

Samtökin vilja því lýsa því yfir svo ekki fari milli máli að þau séu alfarið á móti þessari framkvæmd eins og hún er fyrirhuguð í þessari matsáætlun.

Samtökin áskilja sér rétt til koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Athugasemdir við matsáætlun um vindorkugarð allt að 500 MW í Klausturseli Múlapingi.

Undirrituð leggjast alfarið gegn þeim áformum að reisa „vindorkugarð“ sem kynnt er í matsáætlun með eftirfarandi rökum.

Undirritaðir eru eigendur og ábúendur Hákonarstaða á Jökuldal en jörðin er í næsta nágrenni við Klaustursel vestan Jökulsár á dal (norðan samkvæmt málvenju Jökuldælinga).

Áform um byggingu svo mikilla mannvirkja sem er kynnt sem vindorkugarður en er í raun vindmylluver munu hafa gríðarlega mikil sjónræn áhrif á Hákonarstöðum. Þau eru verulega neikvæð sem mun leiða til rýrnun á verðgildi jarðar og notkunar möguleikum í lítt snortnu víðerni svo sem þess hluta Jökuldalsheiðar sem tilheyrir jörðinni. Þá er ljóst af mynd 5.1 í skýrslunni sem sýnir fræðileg sjónræn áhrif vindmylla að ekki þarf að fara langt frá bæjarstæði til að þær sjáist af þjóðvegi 923 í landi undirritaðra.

Frekari rökstuðningur

Undirrituð hafa unnið síðustu árin að undirbúningi á uppbyggingu ferðaþjónustu á Efra Jökuldal í tengslum við nýjan áfangastað á Austurlandi, Stuðlagil og er tilkoma vindorkuvers á þessum stað að vinna mjög gegn þeim áformum.

Undirrituð hafa verið í samstarfi landeiganda jarðanna Hákonarstaða, Grundar og Klaustursels, ásamt Austurbrú og sveitarfélaginu Múlapingi um mótun rammaskipulags fyrir svæðið. Tilgangurinn með samstarfinu er m.a. að stuðla að opinberri og staðbundinni stefnumótun, ábyrgri nýtingu, ásamt gæða og fagurfræði í hönnun innviða. Stuðst er við aðferð sem kallast Ábyrg þróun áfangastaða, svokallað T.E.R.R.A módel þar sem notast er við aðferðafræði hönnunarhugsunar. Rammaskipulagið er á leið í umsagnarferli í janúar og fellur bygging vindorkuvers í Klausturseli engan veginn að þeirri hugmyndafræði.

Fjöldi ferðamanna á upptöku svæði Stuðlagils hefur stigmagnast og áætlaður fjöldi næsta árs um 160 þúsund manns. Samkvæmt arðsemis og þolmarkargreiningu verkfræðistofunnar Eflu fyrir svæðið er innan sjö ára gert ráð fyrir að ferðamannafjöldi á Efra Jökuldal tvöfaldist og eykst hægfara fram að 2040 þegar fjöldinn er áætlaður um hálf milljón ferðamanna.

Hagsmundir undirritaðara eru því mjög mikilir við uppbyggingu á ferðaþjónustu sem tengist Jökuldalsheiði, nærumhverfi og upplifun af náttúru. Þar er vindorkuver engan veginn að falla að þeirri hugmyndafræði útfrá sjónrænum áhrifum lítt snortins víðernins eins og áður er getið. Risastórar vindmyllur eru í verulegu ósamsæmi við form og hlutföll í landslaginu, þannig að markverð og verðmæt kennileiti eða landslagseinkenni yrðu borin ofurliði.

Þegar Kröflína 3 var lögð, mótmæltu undirrituð þeirri framkvæmd á grundvelli þess að ásýnd línunnar hefðu neikvæð áhrif á uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu. Áform um vindorkuver að þessari stærðargráðu réttlætir ekki þá hugsun að það sé sjálfgefið að nýta þegar röskuðu svæði. Enda engar samþykktir fyrir því með veru þeirra háspennulína sem liggja um Jökuldals- og Fljótsdalsheiði að heimilt sé að raska enn frekar og þá síst með svo miklum mannvirkjum sem þessu vindorkuveri.

Í matsskýrslu á bls 15 er sýnd mynd af fræðilegum sýnileika en kortið er fremur gróft en þó má álykta að 90 vindmyllur eða allt vindorkuverið blasi við þegar uppá á Jökuldalsheiði er komið sem er eitt af framtíðar ferðamannasvæðum undirritaðra. Slíkt hefur veruleg áhrif sem er staðfest m.a í frummatskýrslu við mat á útivist og ferðmennsku við lagningu Kröflulínu 3. „Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum er sú að áhrif framkvæmdanna á ferðamennsku og útivist verði óveruleg neikvæð á öllu línusvæðinu nema við Möðrudal á Fjöllum og Sænautasel á Jökuldalsheiði, þar eru áhrifin talin talsvert neikvæð vegna áhrifa á framtíðargildi svæðanna til ferðamennsku“ (Heimild: 2017 [2509-321-Frummatsskýrsla-KR3---8.03.2017.pdf \(efla.is\)](#))

Fjöldi hárra vindmylla sem mynda vindorkuver hafa geigvænleg sjónræn áhrif og í sömu gögnum frummatsskýrslu um Kröflulínu 3 er hægt að hafa til hliðsjónar um áhrif mannvirkja eins og vindorkuver á landsvæðið. En þar segir „Frá Jökulsá á Fjöllum að Fljótdal er aðalvalkostur Kröflulínu 3 talinn hafa óverulega neikvæði áhrif á landslag þriggja landslagsheilda en talsvert neikvæð áhrif á landslag á Jökuldalsheiði og Fljótsdalsheiði. Ástæða þess er fyrst og fremst rask á votlendi sem nýtur verndar náttúruverndarlaga, svæðin eru fremur náttúruleg og lítið um mannvirki.“ (Heimild: 2017. [2509-321-Frummatsskýrsla-KR3---8.03.2017.pdf \(efla.is\)](#))

Þessu til viðbótar eru nokkur atriði í skýrslunni mjög ábótavant og til þess eins að draga úr trúverðuleika framkvæmdaáðila um áhrif vindorkuvers á nærumhverfi sem og stóran hluta hálendis austurlands.

Á Austurlandi er búsvæði hreindýra á Íslandi og er það ein röksemd fyrir því að útiloka ætti staðsetningu vindorkuvers á þessum stað vegna sérstöðu hreindýra. Það er þekkt aðferð í Noregi þar sem ákveðin svæði eru útilokuð vegna mikilvægi þeirra fyrir hreindýr. (Heimild 2019. [Landslag-og-vindorka.pdf \(skipulag.is\)](#))

Engin gögn eru kynnt um hljóðútbreiðslu frá vindorkuveri og áhrifa þess á nálægðar byggðir.

Hvergi er getið um ískast af völdum vindmylla, en það er vel þekkt fyrirbæri sem getur haft skaðleg áhrif og krefst vöktunar með tilheyrandi varúðarmerkingum. Því til viðbótar er hvergi fjallað um hugsanlega plastagna mengun á nálægðar byggðir og umhverfi, þekkt er að plastagnir berast langar vegalengdir með vindi og vatni mönnum og dýraríki til skaða.

Virðingarfyllst.

Hákonarstöðum,

Sigvaldi H Ragnarsson
290668-3529

Halla Eiríksdóttir
180859-2849

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna „Allt að 500 MW vindorkugarðs í Klausturseli“.

Fyrirhugaður vindorkugarður í Klausturseli nær yfir rúma 40 ferkílómetra af landi og verður mjög sýnilegur frá allri Fljótsdalsheiði og munu vindmyllurnar sjást alla leið innan frá Vatnajökulspjóðgarði sem er á heimsminjaskrá UNESCO. UNESCO hefur bent á að orkuskiptin skapi auki þrýsting á umfangsmikla innviðaupbyggingu við beislun vindorku og vatnsafls í grennd við staði sem eru einstakir á heimsvísu.

"In addition to the direct impact of climate change, cultural and natural heritage sites may also, paradoxically, be impacted by large sized infrastructure projects intended to foster ecological transition. Green energy infrastructure such as dams or wind power plants, in particular, can impact the authenticity or integrity of World Heritage sites, particularly cultural or natural landscapes, thus jeopardizing their Outstanding Universal Value. The current acceleration of public investment towards green infrastructure is likely to exacerbate these cases, requiring comprehensive approaches to tackle complex trad-off, involving competing priorities."

(UNESCO: Cutting edge/ Culture: the ultimate renewable resource to tackle climate change. <https://www.unesco.org/en/articles/cutting-edge-culture-ultimate-renewable-resource-tackle-climate-change#Loading>)

Áhrifasvæði vindorkugarðs með yfir 200 m háum vindmyllum sem þekja 40 ferkílómetra (um 2/3 af flatarmáli Háslóns) er gríðarstórt og sjónræn áhrif ná að líkindum til stærra svæðis en þeirra 45 km (radíus) sem rætt er um í matsáætlun. Sérstaklega að kvöld og næturlagi þar sem væntanlega þarf að vera blikkandi ljós á öllum vindmyllunum vegna þess að þær eru á almennri flugleið til Egilsstaða.

Að framansögðu telur undirritaður að meta verði sjónræn áhrif fyrir stærra svæði en tilgreinda 45 km í radíus út frá framkvæmdasvæði. Jafnframt að leita leiða til að meta hvaða áhrif vindorkugarðurinn hefur á Vatnajökulspjóðgarð og hvort þetta geti dregið úr gildi hans á heimsvísu og jafnvel leitt til þess að Austursvæði garðsins verði felld af heimsminjaskrá UNESCO.

Í kafla 5.2.2 kemur fram að taka eigi ljósmyndir á ákveðnum stöðum og búa til sýnileikamyndir sem sýna fyrir og eftir framkvæmdir með hjálp tölvulíkana. Athygli vekur að enginn myndatökustaður er ráðgerður innan þjóðgarðsmarka. Rétt væri að bæta við stöðum innan þjóðgarðsins, t.d. Sauðahnjúkum og að sjálfsgöðu Snæfelli sem margir leggja leið sína upp á.

Hvað varðar þessa athugun á sjónrænum áhrifum vindorkugarðsins telur undirritaður að ganga eigi umtalsvert lengra og nýta nýjustu tækni til að raungera vindorkugarðinn eins og hann mun líta út í landslagi heiðarinnar. Leggja mætti betra mat á upplifun sjónrænna viðtaka með því að setja tölvulíkan inn í leikjagrunn eins og Unreal eða Unity sem gerir fólki kleift að skoða vindorkugarðinn í sýndarveruleika frá þeim sjónarhornum sem það kys en ekki völdum stöðum. Einnig gæti fólk þá gengið um vindorkugarðinn og skynjað stærð hans betur í samhengi við landslagið. Að nýta sýndarveruleika og tölvuleikjætækni við skipulag hefur verið gert bæði hér á landi og erlendis um þó nokkurt skeið og ætti ekki að auka kostnað við matið

mikið. Jafnframt væri hægt að nýta sama líkan í viðauknum veruleika (AR) við að gera könnun uppi á heiðinni meðal ferðamanna um hvernig þeirra upplifun yrði af breyttri ásýnd.

Í matsáætluninni kemur ekki skýrt fram hvernig áhrif á upplifun ferðamanna verði metin önnur en sjónræn áhrif. Og ekki virðist gert ráð fyrir könnunum af neinu tagi varðandi það, t.d. á upplifun þeirra sem keyra að Stuðlagili, fjölsóttasta ferðamannastað Austurlands, en vindorkugarðurinn mun blasa við öllum sem þangað fara á leiðinni upp Efri-Dal. Undirritaður leggur því til að leitað verði leiða til að kanna með markvissum hætti hvaða áhrif breytt ásýnd hefur á upplifun ferðamanna og hvort það geti leitt til þess að dragi úr ferðamannastraumi.



Skúli Björn Gunnarsson
(240370-3799)

Umsögn vegna umhverfismats allt að 500 MW vindorkugarðs í Klausturseli í Múlaþingi.

Óbyggðaseturs ehf vill koma á framfæri eftirfarandi atriðum varðandi fyrirhugaðan vindorku"garð", sem er vissulega rangnefni yfir iðnaðarsvæði.

1. Villandi kynning á svæðinu frá upphafi verkefnisins.

Alvarlegustu ragnfærslurnar sem hafa verið í gangi varðandi þetta mál snúa að því hversu svæðinu hefur verið hampað sem svo hentugu, þar sem það er í nágrenni við Kárahnjúavirkjun og burðarlínu Landsnets. Rétt er að lína Landsnets er nærri fyrirhuguðu iðnaðarsvæði. En það sem er miklu stærra mál er að hin faðmvíða Fljótsdalsheiði er hluti af óbyggðum Íslands, grónum heiðarlöndum, heimkynnum hreindýra, gæsa og fjölþætts lífríkis. Frekari spilling þess svæðis er grafalvarlegt mál.

Ef við horfum á þetta í stærra samhengi þá mundi framkvæmd sem þessi skerða verulega víðerni hálandisins, Wildland Research Institute- notaði alþjóðlegar aðferðir við að kortleggja óbyggð víðerni. Þar kemur fram að á Íslandi séu 43 prósent af helstu ósnertu víðernum Evrópu. 43 prósent af villtasta prósentu Evrópu eru á Íslandi! Ef við lítum til markmiða um líffræðilegan fjölbreytileika þá er í efsta sæti að vernda óspilltu svæðin sem eftir eru. Það er því mikil ábyrgð á okkar kynslóð að víðernin njóti viðeigandi verndar, t.d. frá vindorkuverum.

Stærsta óspjallaða landsvæði í Evrópu skapar sérstöðu og verðmæti. En þau verðmæti verða að engu ef farið verður í að búa það niður. Ekki þarf að líta lengra en til Noregs til að geta dregið lærdóm, enda búa Norðmenn við svipaðar aðstæður og íslendingar, hvað varðar landslag, fallorku ofl. Þar eru allflest sveitafélög búin að stöðva frekari uppbyggingu vindiðnaðarvera á landi, og dómsmál hafa fallið á þann veg að vindorkugarðar hafa verið dæmdir úr leik.

2. Sjónræn áhrif.

Hér eru uppi fyriráætlanir um stærstu gerð vindorkuvers, en í matsskýrslu virðist ranglega farið með stærðir miðað við þá orku sem túrbínurnar eiga að framleiða.

(Samkv. framleiðanda 5MW = 200 til 241 metrar á hæð og 7MW= 260 metrar, miðað við spaða í hæstu stöðu).

Ljóst er að sjónræn áhrif munu vera allveruleg og spilla útsýni víða af heiðarlöndunum, frá Snæfelli og úr hluta Vatnajökulspjóðgarðs/Unesco svæði.

Þegar skyggja tekur munu blikkandi ljós vindorkuveranna einnig eyðileggja náttúruupplifun fólks og ferðalanga.

3. Áhrif á dýralíf

Vindmyllur í gangi valda hávaða og hreyfingum með titringi í jörðu og lofti og tiltölulega hátt hljóð getur borist frá vindmyllunum sem heyrast vel og eftir vindátt og skilyrðum borist um langan veg. Þetta gæti haft truflandi áhrif á hreindýrin á annars tiltölulega ósnortnu svæði. Enda hefur reynsla norðmanna sannað það: <https://www.reuters.com/world/europe/norway-legal-quandary-after-wind-turbines-ruled-threat-reindeer-herder->

4. Urðunarsvæði

Furðu vekur að hvergi er komið inn á í matsskýrslunni áætlanir um hugsanlega urðunarstaði fyrir spaðana, þegar líftíma þeirra líkur. Vitað er að örplastið sem eyðist af spöðunum mun dreifast um lífríkið. En hvað á að gera við ónýtu spaðana þegar að því kemur?

Staðreynd er að flestir vindtúrbínuspaðar eru urðaðir, þar sem efnablandan, epoxí ofl. er ekki endurvinnanleg. Urðunarsvæði fyrir þetta magn risavaxinna spaða yrði engin músahola þegar að því kemur. Heldur lang stærsta urðunarverkefni sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir. Þetta atriði vantar algjörlega í matsskýrsluna.

5. Efnistaka og steypa

Mikillar ónákvæmni gætir í áætlunum um efnistöku og hlýtur að vera óskað eftir nákvæmari upplýsingum en nú eru í matsskýrslu.

Steypuankeri samkv. framleiðanda 6MW vindtúrbínu á að lágmarki að vera 11.000 m³, fyrir 90 túrbínur gerir það 990.000 m³, sem er allt önnur tala en gefin er upp í matsáætlun.

5. Áhrif á ferðapjónustu og ímynd og sérstöðu landsins

Ljóst er að ef settur verður upp vindiðnaðargarður í heiðarlöndum Klaustursels þá mun það hafa veruleg áhrif á upplifun ferðamanna og gæði svæðisins til ferðamennsku rýrna allverulega. Vegna umfangs og sýnileika sem teygir sig tugi og hundruði kílómetra þá er áhrifasvæðið umtalsvert.

Óbyggðasetrið hefur vegna Kárahnjúkavirkjunar átt erfitt með að fá ákveðnar ferðaskrifstofur og tegundir ferðamanna inn á þau svæði sem Kárahnjúkarvirkjun hefur spjallað. Augljóst er að sama verður upp á teningnum með Klausturselsvirkjun, enda yrðu sjónræn áhrif hennar enn sýnilegri. Ef verkefni sem þetta yrði að veruleika mun það stöðva ákveðna uppbyggingu og ákveðin verkefni yrðu að finna sér stað á ómengaðri svæðum með tilheyrandi áhrifum á samfélag, atvinnu og gæði.

6. Örplastmengun

Það alvarlegasta við vindorkuna er örplastmengunin. Lesa má t.d. um hana í Norskri skýrsla frá júlí 2021: [Leading edge erosion and pollution from wind turbine blades](#)

Túrbína með 120 metra radíus dreifir um 62 kílóum af örplasti á ári í formi epoxy resin, sem inniheldur Bisphenol A (BPA). Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir að drykkjarvatn ætti að hafa að hámarki 0,1 míkrógrömm af BPA á lítra til að vera öruggt. Eitt kg af BPA er nóg til að gera 10 milljarða lítra af vatni óöruggt að drekka.

Fyrir þá sem kjósa að taka ekki mark á þessari skýrslu, heldur apa upp eftir vindorkufyrirtækjunum að enginn mengun sé af spöðunum, þá spyr ég; Fyrst það er viðurkennt að spaðarnir hafi bara ákveðinn líftíma þar sem þeir vissulega eyðast, ekki síst í veðri sem hér á Íslandi. Hvað halda menn að verði um það sem losnar og eyðist upp af spöðunum? Trúa menn því að þetta stigi upp til himna eins og frelsarinn forðum og verði að anda, en dreifist ekki í jörðina, grunnvatnið og umhverfið?

Til stendur að loka vatnsbóli sveitarfélags í Noregi þar sem vindorka hefur verið reist í of mikilli nálægð, að sama skapi er villtum dýrum og búfjárhaldi talin stafa ógn af uppsöfnun eittraða efna sem dreifast munu um vistkerfið langt út fyrir þá staði sem vindorkuverin eru staðsett á. Lög og reglur í Noregi eru langt í frá í lagi um vindorkuna – nýverið voru fluttar fréttir af því að það hefur ekki enn tekist að ná samkomulagi við

vindiðnaðinn varðandi förgunargjald á vindorkuspöðum og meðan svo er, eru þeir enn grafnir í jörðu þar eða látnir liggja á haugum með tilheyrandi skaða. Víðast hvar um heiminn er enn verið að grafa langsmestan hluta af vindorkuspöðum með því eitri sem á þeim er og tilheyrandi skaða og landupptöku sem fer undir úrganginn sem er gríðarlegt.

Samfélag

Í matsskýrslu undir lið 5.7 er gert lítið úr samfélagslegum áhrifum.

Ljóst er að vindorkuver rýrir eignarrétt nágranna sinna og getur þar ýmislegt komið til: Verð eigna í námd við iðnaðarsvæði falla yfirleitt í verði og verða minna eftirsóknarverð. Hvernig á sauðfjársbóndi sem er með vindtúrbínur á beitolöndum að kynna “óspillt fjallalamb” með örplastmengun. Eða aðilar að leigja út sumarhús með útsýni og hljóðmengun frá vindorkuverum. Norðurljósín fá á sig nýjan blæ, þegar rauðblikkandi ljósín blanda sér inn í dulúðardans þeirra á nóttunni.

Hagkvæmni-Uppsæra?

Vindorkuver framleiða mjög ótrygga orku og þurfa því að treysta á raforkukerfi landsmanna og allar líkur á að það hafi áhrif á orkuverð landsins. Enda munu verkefni sem þetta krefjast kostnaðarsamra framkvæmda á dreifikerinu. Þar gætum við lært mikið á mistökum norðmanna.

Sjálfsrannsóknir til grundvallar.

Rannsóknir sem lagðar eru fyrir stjórnvöld, skipulagsyfirvöld og sveitarstjórnir og fjalla um umhverfisáhrif og efnahagsáhrif vindorkuvera eru keyptar af erlendu orkurisunum og því lítt marktækar. Verkræðistofur hêrlendis eru ekki hlutlausar, þar sem þær munu fá aukin verkefni ef framkvæmdir sem þessar koma til kastanna. Íbúar og almenningur hafa engin tök á að leggjast í kostnaðarsamar rannsóknir á alvarlegum afleiðingum slíkra orkuvera á mannlíf og náttúru. Því er leikurinn mjög ójafn þegar kemur að upplýsingagjöf og fræðslu.

Skýrslur og tenglar:

Hér má lesa skýrslu eftir Wildland Research Institute um ósnortna náttúru

https://wildlandresearch.org/wp-content/uploads/sites/39/2022/03/Iceland-Wilderness-Report_FINAL_March16-3_compressed-med.pdf

Hér er skýrsla um örplastmengun af völdum vindorkuvera:

https://docs.wind-watch.org/Leading-Edge-erosion-and-pollution-from-wind-turbine-blades_5_july_English.pdf

Hér er um áhrif á hreindýr

<https://www.reuters.com/world/europe/norway-legal-quandary-after-wind-turbines-ruled-threat-reindeer-herder-rights-2021-11-02/?fbclid=IwAR3kvmEwdNunsvnhCBidmjnYI7apoHFcPF-CS063FxXEmPhKRfn-dVyd9yE>

<https://modernsciences.org/reindeer-ancient-migration-routes-disrupted-by-roads-dams-and-now-wind-farms/>

<https://modernsciences.org/reindeer-ancient-migration-routes-disrupted-by-roads-dams-and-now-wind-farms/>

Fyrir hönd Óbyggðaseturs ehf.

Steingrímur Karlsson

Kt 140770-5319

Athugasemd Valdimar Aðalsteinsson

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Valdimar Aðalsteinsson <valdi.alla@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Valdimar Aðalsteinsson
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 06.01.2023 00:00:00
Höfundur : Valdimar Aðalsteinsson <valdi.alla@gmail.com>

Nokkur orð um vindmyllur við Klaustursel.

Ég er alfarið á móti þessum áformum og tel ENGA þörf á þeim auk þess að vera að stórum hluta óafturkræf.

1300-1400 tonn af steypu þarf í undirstöðu undir hverja vindmyllu 1300x70=91.000 TONN

13.000x100=130.000 TONN. Þegar, ekki EF, þessar vindmyllur verða úreltar þá verður ansi erfitt sð hreinsa til og koma svæðunum til fyrra horfs, einnig vaknar spurning hver mun borga þá hreinsun.

Nauðsynlegt að krefjast tryggingar á hreinsunaraðgerðum. Breiða og sterka vegi þarf að leggja að hverri vindmyllu auk “stofnvegjar” að svæðinu, þessir vegir þurfa að þola þungaflutninga. Til að hægt sé að koma að stórum krönum til að hífa alla hluti vindmyllana og setja þær saman, þarf margfalda þá stærð sem undirstöðurnar þurfa.

Alkunna er mikið fugladráp af völdum vindmylla. Þrátt fyrir að því sé haldið fram að sjónmengun verði alveg í lágmarki, þá er það ekki svo, 200-250 metra vindmyllur sjást MJÖG víða, og hvað verður þá um þá “óbyggða tilfinningu” erlendra ferðamanna sem hingað sækja, munu þeir dásama ósnortin víðerni landsins við vini og kunningja og munu þeir koma aftur í íslandsheimsókn?

Eitt er það sem vegur þungt í afstöðu minni gegn vindmillum er, að allar þær hugmyndir og umsóknir um vindmyllu uppsetningar eru á vegum erlendra fjárfesta, sem bera fyrst og síðast eiginn hag fyrir brjósti.

Fleira mætti telja hér upp en ég lét öðrum það eftir og hvet til þess.

Kveðja

Valdimar Aðalsteinsson

kt. 110154 2839

Skipulagsstofnun
B.t. Jóns Ágústssonar

Dags 20.01.2023

Málsnúmer: 2301024

Efni: Matsáætlun fyrir vindorkugarð í landi Klaustursels, Múlapingi

Í tengslum við áætlun Mannvits fyrir mat á umhverfisáhrifum vindorkugarðs í landi Klaustursels leggur Vatnajökulsþjóðgarður (hér eftir vísað til sem „VJP“) fram eftirfarandi ábendingar/athugasemdir:

Aðild

Fyrirliggjandi matsáætlun framkvæmdaraðila er kynnt skv. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í því ákvæði er mælt fyrir um að Skipulagsstofnun skuli kynna áætlunina fyrir almenningi og „samhliða leita umsagnar umsagnaraðila eftir því sem við á eftir eðli máls hverju sinni“.

Eins og rakið er hér á eftir, eru í fyrirliggjandi matsáætlun margir umhverfisþættir sem snerta VJP og áhrifsvæði hans með beinum hætti. Af þeirri ástæðu lítur VJP svo á að stofnunin sé meðal þeirra umsagnaraðila sem vísað er til í lagaákvæðinu.

1. Inngangur (kafli 1 bls. 1-3)

Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði einkennist af orkumannvirkjum í formi háspennulína. Þar eru ótalin áhrif áforma um vindmyllur sem verði um 200 m að hæð. Samanborið við burðarmöstur, t.d. í tilfelli Kröflulínu 3 er meðalhæð þeirra undir 25 m. Sjónræn áhrif vindmyllugarðsins hljóta því að vera margfalt meiri en þeirra orkumannvirkja sem fyrir eru. Auk þess er tekið fram að svæðið sé ekki langt frá áhrifsvæði Kárahnjúkavirkjunar og mannvirkja henni tengdri. Þess má geta að svipuð fjarlægð er í VJP, sem er einn stærsti þjóðgarður Evrópu og er á heimsminjaskrá UNESCO fyrir einstaka náttúru.


2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026 (bls. 4)

Vitnað er til markmiða Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um skipulag landnotkunar til handa auknum lífsgæðum, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi (bls. 4). Sjálfbærni byggir á þremur meginstoðum; vistfræðilegum, félagslegum og efnahagslegum. VJP telur að yrðu umrædd áform um vindmyllugarð að veruleika, gætu þau haft neikvæð áhrif á lífríki og vistkerfi á Fljótsdalsheiði og tækifæri almennings til að njóta lítt raskaðrar náttúru.

Þegar horft er til þess að framkvæmdasvæðið liggur við þjóðlendumörk og markalínu miðhálandisins, þarf að skoða hvort áformin séu í samræmi við þau megin markmið Landsskipulagsstefnu sem vísað er til: “Að standa vörð um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist.” Áhrif virkjunarinnar fyrir utan framkvæmdasvæði gætu orðið umtalsverð, bæði sjónræn og á náttúrufar, þar með talið dýralíf. Þessara áhrifa myndi án vafa gæta innan VJP.

Í Landsskipulagsstefnu er einnig lögð áhersla á varðveislu víðerna og þar kemur fram að „reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að

þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun“¹. Á eftirfarandi mynd, sem kölluð var fram í vefsja ALTA², tákna bláskyggðu svæðin víðerni samkvæmt korti sem unnið var fyrir verkefnisstjórn Rammaáætlunar 2021³. Rauði punkturinn sýnir áætlaða miðju 41 km² svæðisins sem ætlað er undir framkvæmdirnar, dökkgræna línan sýnir Kröflulínu og miðhálandislínu er ljósgær.



Af kortinu má sjá að fyrirhugaður vindmyllugarður hefði í för með sér skerðingu á víðernum eins og þau voru skilgreind í þessari vinnu. Skerðingarhrif Kröflulínu eru hér metin 5 km, en í tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við Landsskipulagsstefnu sem varðar viðmið fyrir kortlagningu óbyggða víðerna er kveðið á um að „[s]kerðingarvegalengd verði lengri en 5 km í tilviki mjög stórra mannvirkja og tæknilegra ummerkja“⁴. Í tillögum að aðferðafræði við slíka kortlagningu sem unnin var fyrir Rammaáætlun 2017 er tekið fram (bls. 26) að mannvirki utan miðhálandislínu hafi skerðingarhrif sem ná inn fyrir línuna og að „[n]ý mannvirki sem ekki hafa áður sést á hálandinu (til dæmis vindmyllugarðar) gætu kallað á hærri áhrifaekinnir en áður hafa verið notaðar“⁵. Þetta kallast á við þær leiðbeiningar frá Skipulagsstofnun og þau uppfærðu viðmið sem unnið er með í matsáætluninni, að horft sé til athugunarsvæðis í allt að 45 km fjarlægð frá framkvæmdasvæði þegar áhrif vindmyllugarða á landslag og ásýnd eru metin. Skerðingin á óbyggðum víðernum sem framkvæmdirnar hafa í för með sér er því umtalsverð, bæði innan og utan miðhálandislínu. Þessum áhrifum þyrfti að gera ítarlega grein fyrir í mati á umhverfisáhrifum.

2.2 Aðalskipulag (bls. 4-5)

Fyrirhugaðar framkvæmdir í landi Klaustursels myndu krefjast breytingar á aðalskipulagi, þ.e. skilgreiningu á framkvæmdasvæði sem „iðnaðarsvæði“, en það er nú skilgreint sem „óbyggt svæði“. Á bls. 5 er getið um gerð umhverfismatsskýrslu í tengslum við aðalskipulagsbreytingu og samstarf framkvæmdaaðila við sveitarfélagið í því samhengi. Vatnajökulsþjóðgarður vekur í þessu samhengi athygli á samspili skipulagsáætlana sveitarfélaga og stjórnunar- og verndaráætlunar VJÞ.

¹ Landskipulagsstefna 2015-2026 (2016), bls. 14.

² <http://www.vefsja.is>

³ Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísi (2021).

⁴ <https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/LSK-21-tillagaSkst-til-radherra.pdf>, bls. 7.

⁵ Kortlagning víðerna á miðhálandi Íslands: Tillögur að nýrri aðferðafræði (2017), bls. 21.

2.5 Verndarsvæði (bls. 6)

Í matsáætluninni kemur fram að skoðað verði hvort einhverjar jarðmyndanir eða vistgerðir á framkvæmdasvæðinu njóti sérstakrar verndar samkvæmt 6. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og þá hvernig unnt verði að lágmarka rask á þeim. Nefnt er að Stuðlagil og Stuðlafoss, sem eru í um 4-5 km fjarlægð frá fyrirhuguðu virkjunarsvæði, séu vegna jarðminja tilnefnd á náttúruminjasrá, en báðir staðir eru fjölsóttir ferðamannastaðir. Vatnajökulsþjóðgarður, sem er í um 30 km fjarlægð, er ekki nefndur á nafn þótt ljóst sé að virkjunin myndi hafa sjónræn áhrif víða í þjóðgarðinum sem þarf að greina ítarlega í umhverfismati.

3.2 Framkvæmdalýsing

Hér er farið yfir þær umfangsmiklu framkvæmdir sem virkjunin myndi hafa í för með sér. Auk umtalsverðar vegagerðar og uppsetningar á vindmyllum eru hugmyndir um að koma upp tímabundinni aðstöðu fyrir verktaka og steypustöð, en áætlað er að 54.000 m³ af steypu þyrfti í hverja undirstöðu ef ekki yrði hægt að notast við bergfestingar. Veg þyrfti að leggja að hverri vindmyllu og útbúa um 1200 m² vinnuplan á hverjum stað fyrir kranann sem notaður yrði til að reisa þær. Auk þess er annað hvort gert ráð fyrir því að byggja þyrfti nýtt tengivirki á svæðinu eða tengjast tengivirkinu í Fljótsdalsstöð í um 17 km fjarlægð með jarðstreng, sem myndi valda raski á 12 m belti.

Í samhengi við möguleg umhverfisáhrif, skal bent á að Fljótsdalsheiði er mikilvægt búsvæði hreindýra en í matsáætlun er ekki minnst á hreindýr. Vegagerð tengd virkjuninni myndi opna fyrir umferð um svæði sem hingað til hefur verið mjög óaðgengilegt. Á Snæfellsöræfum hefur VJP reynsla af umsjón með svæði þar sem aðgengi var aukið vegna virkjunarframkvæmda. Sú reynsla hefur sýnt fram á að aukið aðgengi kallar á aukna stýringu, til verndar náttúrunni.

4. Aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum

Hér kemur fram að athugunarsvæði vegna sjónrænna áhrifa í fyrirhuguðu umhverfismati nái yfir stærra svæði en framkvæmdasvæðið og því er miðað við 45 km radíus frá framkvæmdasvæðinu. Hluti þjóðgarðsins lendir innan þess svæðis en auk þess er ljóst að sjónrænna áhrifa vindmyllugarðsins myndi gæta víðar innan þjóðgarðsins, þar sem margir af áfangastöðum innan hans liggja hátt í landinu og útsýni er þar mikilvægur hluti af upplifun gesta. Þá þyrfti að meta möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki utan framkvæmdasvæðis, t.d. á hreindýr og fugla. Í því samhengi er bent á burðarsvæði hreindýra og varp- og fellisvæði heiðagæsa.

5.2. Ásýnd og skuggaflökt

Fjallað er um mat á sjónrænum áhrifum og megin áhersla lögð á fólk á útsýnisstöðum, á ferðaleiðum sem og á fólk á heimaslóðum. VJP hefur yfir áratuga reynsla af því að þjónusta og taka á móti ferðafólki á nærsvæðinu og óskar á þeim forsendum eftir aðkomu að umhverfismati, t.d. með tillögum að tókustöðum fyrir ásýndarmyndir. Í því tilliti má horfa til umferðar ferðamanna en það er ekki síður mikilvægt að skoða ásýnd frá fáfarnari svæðum þar sem víðernaupplifunin er ekki síður mikilvæg. Af stöðunum sem stungið er upp á matsáætluninni er enginn innan þjóðgarðs en nokkrir við þaðar hans á Austurleið.

5.5. Gróður

Matsáætlun gerir ráð fyrir kortlagningu á þeim vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61 gr. laga um náttúruvernd en lögin ná meðal annars yfir lítt raskað votlendi sem eru 20.000 m² eða

stærri. Eftirfarandi mynd úr vefsja Alta⁶ sýnir lítt raskað votlendi (grænt) í kringum áætlaðan miðpunkt framkvæmdasvæðisins (rauður) út frá fyrri kortlagninu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samkvæmt henni myndu framkvæmdirnar valda raski á stórum votlendissvæðum og á þeim vistkerfum sem þar þrífast. Því er mjög mikilvægt að umhverfismatið sé unnið í mjög nánú samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands til að meta heildaráhrif framkvæmdanna á svæðið, m.a. með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni.



Eins og fram kemur í matsáætluninni eru auk þess flákar af rústamýrarvist á svæðinu, en hún hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem þarfnist sérstakrar verndar.

Í hluta 2.5 kemur fram að Jökuldalsheiði, sem er í um 10 km fjarlægð frá virkjunarsvæðinu, er tilnefnd á náttúruminjaskrá vegna ferskvatnsvistgerða en að framkvæmdasvæðið sjálft sé utan vatnsverndarsvæða. Á Fljótsdalsheiði er engu að síður viðkvæmt vatnasvið og brýn nauðsyn að leggja faglegt mat á áhrif framkvæmda af þessari stærðargráðu á nærliggjandi vatnasvið og vistkerfi með tilliti til mengunar, t.d. vegna olíu og örplasts. Örplastsmengun hefur mikið verið í umræðunni í tengslum við vindmyllur. VJB áréttar að viðkvæmt vistkerfi votlendisins og vel gróinna heiðarlanda á hásléttunni norðan Vatnajökuls njóti vafans og mikilvægi rannsókna því tengdu.

5.6. Fuglar

Í öðrum hluta matsáætlunar er tekið fram að Jökuldalsheiði er skilgreind sem mikilvægt fuglasvæði. Vatnajökulsþjóðgarður er í heild sinni skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði, en mat á því hvaða svæði falla í þann flokk byggir á viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna. Innan þjóðgarðs, í um 30 km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, er Ramsar svæðið Snæfell og Eyjabakkar, en Ramsarsamningurinn snýr að alþjóðlegri verndun votlenda með sérstöku tilliti til vaðfugla og vatnafugla. Þá er Eyjabakkasvæðið að mati sérfræðinga eina alþjóðlega mikilvæga fellisvæði heiðagæsa á Íslandi⁷.

VJB fagnar þeim rannsóknum á fuglum og gróðurfari sem stungið er upp á í matsáætlun og áréttar mikilvægi þess að hér sé vandað til verka. Ljóst er að áhrif bæði framkvæmdanna og virkjunarinnar sem er fyrirhuguð geta verið neikvæð á þá fuglastofna sem fara um eða dvelja á svæðinu, þar á


⁶ <http://www.vefsja.is>

⁷ Sjá skýrslu Náttúrustofu Austurlands, *Fuglarrannsóknir á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar 2004-2020* (2022).

meðal á þá fugla sem verja tíma á þeim verndarsvæðum sem talin eru upp að hér að ofan. Að hluti þessara verndarsvæða er innan Vatnajökulsþjóðgarðs og á ábyrgð hans er enn önnur ástæða fyrir því að VJP óskar þess að vera á meðal formlegra umsagnaraðila í umhverfismati.

Eins og áður hefur komið fram er ekki minnst á hreindýr í matsáætluninni en nauðsynlegt er að þar til bærir sérfræðingar taki út áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á hreindýr sem nýta svæðið. Svæðið tilheyrir veiðisvæði 2 þar sem hreindýrum hefur fækkað verulega síðastliðin ár. Nú þegar hefur stórum svæðum í nágrenninu sem áður voru mikilvæg burðarsvæði og beitolönd verið raskað með framkvæmdum í kringum Kárahnjúka og austan Snæfells.

Virðingarfyllt fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðs,



Agnes Brá Birgisdóttir
þjóðgarðsvörður
Vatnajökulsþjóðgarður

Athugasemd Þorsteinn Gústafsson

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Þorsteinn Gústafsson <thorsteinnugustafsson@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Þorsteinn Gústafsson
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 05.01.2023 00:00:00
Höfundur : Þorsteinn Gústafsson <thorsteinnugustafsson@gmail.com>

Athugasemdir við vindorkuver í landi Klaustursels.

Undirritaður gerir athugasemdir við byggingu vindorkuvers á Klausturselsheiði í Múlaþingi:

Vindorkuver á þessum stað skerðir stórlega ósnortin víðerni svo tugum ferkílómetra skiptir sbr. sýnileikakort sem birt hefur verið og hefur áhrif langt út fyrir útheiðina, Fellaheiði og nærliggjandi heiðalönd.

Vindorkuver á þessum stað getur truflað farleiðir og beitarlönd hreindýra sem nú þegar hafa verið skert með Kárahnjúkavirkjun.

Þessi viðbót við manngerðar raskanir á hálendi miðausturlands eyðileggur upplifun komandi kynslóða af hreinni og óspilltri náttúru sem sífellt þrengir að bæði hér og erlendis og eyðileggur fyrir annarri atvinnustarfsemi s.s. ferðamennsku og veiði sem hér er stunduð af heimaþólki.

Engin rök hafa verið færð fyrir því að erlent stórfyrirtæki, alls ótengt landinu framleiði hér raforku sem ekki verður séð að skipti máli fyrir íslenskan orkumarkað né almenning hér, og fái leyfi til að rústa íslenskri náttúru í því skyni.

Þessu til viðbótar að slíkt erlent félag fái hér dagskrárvald yfir umræðu um orkukost sem engin löggjöf eða rammi hefur verið settur um hér á landi og landsmenn hafa ekki tekið til umræðu að neinu marki enn sem komið er.

Þorsteinn P. Gústafsson,

Kt 181144 -3519

Geirastöðum 2, Hróarstungu,

Múlaþingi.

Athugasemd Þórarinn Þórarinsson

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Þórarinn Þórarinsson <toti2282@gmail.com>
Heiti : Athugasemd Þórarinn Þórarinsson
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 07.01.2023 00:00:00
Höfundur : Þórarinn Þórarinsson <toti2282@gmail.com>

Kæri viðtakandi...

Mig langar að koma á framfæri nokkrum atriðum varðandi fyrirhugaðan vindorkugarð Zephyr í Klausturseli, þessar athugasemdir ættu reyndar við flesta ef ekki alla fyrirhugaða vindorkugarða sem virðist vera búið að leggja drög að af erlendum orkufyrirtækjum hingað og þangað um landið... Ég er ekki vísindamaður eða menntaður á þessu sviði en mér er umhugað um þann gífurlega hraða og offors sem virðist viðgangast akkúrat núna í þessum efnum og velti því fyrir mér afhverju það er, þetta eru framkvæmdir sem hafa gífurlega áhrif á ásýnd lands og náttúru og kannski algerlega að óþörfu og alls ekki með hagsmuni lands og þjóðar að leiðarljósi.

Þetta eru atriði sem þið sem komið að framtíðar skipulagi og nýtingu orkuauðlinda á Íslandi ættuð að hafa í huga við mat, framkvæmd.

- Það er ekki tilbúin rammaáætlun fyrir þessa starfsemi á Íslandi, þess vegna er þessum fyrirtækjum kannski mikið í mun á þessum tímamarki að setja sem flest verkefni í farvatnið og helst að því marki að ekki sé unnt eða mjög erfitt að snúa við án þess að skapa jafnvel skaðabótakröfu á viðkomandi stjórnvald, sveitarfélag o.s.frv. Væri ekki skynsamlegra að setja allar svona framkvæmdir á ís þar til jarðvegurinn er tilbúinn og hægt er að vinna þetta eftir einhverjum leikreglum.

- Menn hafa brennt sig oftar en einu sinni á því að fara af stað með eitthvað sem gengur ekki upp, ekki komin tilskilin leyfi, ekki búið að tryggja orku o.s.frv, það nægir að benda á ævintýrlegan glannaskap við uppbyggingu stóriðju á Reykjanesi.

- Talað er um allt að 500MW vindorkugarð í þessu tilviki, hafa verður í huga að hámarksafköst segja lítið um það hve mikið verður framleitt og þá sérstaklega þegar kemur að vindorku, enginn vindorkugarður í heiminum framleiðir meira en 30% af hámarksafköstum og flestir mun minna, þetta er vegna þess að vindur blæs ekki alltaf og oft blæs hann allt of mikið til að vindmillur þoli álagið og á þarf að snúa blöðunum þannig að þau nýta ekki vindinn heldur stoppa blöðin. Til samanburðar má þess geta að nýtni vatnsaflsvirkjana er allt að 90% og jarðhita virkjana 70-80% og hlýtur það því að vera mun fýsilegri kostur þar sem nóg er af slíkum kostum hér á landi, auk þess sem ending þeirra mannvirkja er margföld.

- Maður spyr sig af hverju þessum fyrirtækjum liggur svona mikið á að reisa hér fjölmörg vindorkuver, á ódýrasta raforkusvæði í Evrópu, og líklega í heiminum. Þeir hljóta að treysta á það til lengri tíma að þetta verði selt á miklu mun hærra verði á stærra markaðssvæði en hér, ekki eru þeir að treysta á meiri stóriðju þar sem stórnotendur geta ekki treyst á mjög svo óáreiðanlegan orkugjafa eins og vindorku. Mögulega sjá þeir einnig fram á að geta sogað út styrki og ívilnanir úr ríkissjóði, hver veit.

- Nú væri gott ef litla Ísland myndi líta í kringum sig áður en farið er út í svona stórar breytingar á

innviðum, öll lönd í Evrópu og víðar sem hafa kosið að veðja að miklu leyti á vindorku sem einn af sínum megin orkugjöfum hafa farið afskaplega illa út úr því, Noregur er gott dæmi sem og Þýskaland og Bretland... Jafnvel Texas er í tómu basli þegar kemur að því að nýta vindorku því getur ekki staðið ein og óstudd...

- Eina ástæðan fyrir því að kostum til að nýta vatnsafl til raforkuframleiðslu hér á landi hefur fækkað að einhverju leyti er sú að umhverfissinnar hafa náð því fram að margir góðir kostir hafa verið friðaðir á undanförunum árum, nú hljóta að renna á þá tvær grímur ef að vindorka á að koma í staðin fyrir það með tilheyrandi jarðraski, óhagkvæmni, mengun og sjónmengun...

- Að síðustu þarf að tala um það hvort þessi aðferð við raforkuframleiðslu er í raun eins "græn" og sumir vilja meina, og þessir ágætu menn frá Zephyr halda sjálfsagt fram. Í þessar byggingar fer gífurlegt magn af steypu, járn, örtrefjum og eðalmálum, svo ekki sé minnst á raskið sem er síst minna en af sæmilega stórri vatnsaflsvirkjun eða jarðvarmavirkjun og í þessu tilviki er raskið á miklu stærra svæði, þetta land er svo ekki nýtt í neitt annað en þessa óhagkvæmu framleiðslu. Blöðin er svo kapítuli út af fyrir sig, þau eru framleitt úr örtrefjum, sem kvarnast úr yfir mikið svæði náttúru, þau þarf að flytja hingað til lands með afar óhagkvæmum hætti, að síðustu er líftími þessara tækja ekki nema 25 ár og þá þarf að flytja allt draslið til Kína og grafa þau þar því þau eru ekki endurnýtt eða endurunnin, og enginn tekur þetta að sér nema Kína.

Stóra spurningin er, þurfum við vindorku á Íslandi, ég held að svo sé svo sannarlega ekki og við þurfum alveg örugglega ekki að flýta okkur í þessum efnum... Að stíga varlega til jarðar hér er mikilvægt og eitthvað sem stofnanir eins og Skipulagsstofnun geta haft áhrif á meðan lagaramminn er ekki skýr, Íslendingum liggur ekkert á að greiða leiðina fyrir erlend orkufyrirtæki að tappa hér af orku alveg sama í hvaða formi það er.

Með vegsemd og virðingu.

--

Thorarinn Thorarinnsson

Herjólfsgata 18 (e.h)

Hafnarfjörður,

220, Iceland

Tel: +354 869 1840

E-mail: toti2282@gmail.com

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Mál. Allt að 500 MW vindorkugarður í Klausturseli, Múlaþingi, tillaga að matsáætlun.

Athugasemd við tillögu að matsáætlun.

1. Í ljósi þess sem fram kemur í eftirfarandi texta í framangreindri tillögu að matsáætlun tel ég að Skipulagsstofnun eigi í ákvörðun sinni að setja það skilyrði að í endanlegri matsáætlun verði byggt á niðurstöðu rammaáætlunar þar sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun hafa lýst þeirri skoðun að vindorka eigi að falla undir lög nr. 48/2011.
2. Með vísun í þá „tillögu hópsins“ sem vísað er til hér að neðan um að „lagt til að svæðum landsins verði forgangsraðað með tilliti til vindorkunýtingar“ geri Skipulagsstofnun þá tillögu til umhverfis- og auðlindráðuneytisins að gert verði landsskipulag fyrir nýtingu vindorku. Þannig fáist úr því skorið hvar vindorkuver kunna að verða reyst að undangengnu ferli rammaáætlunar og í framhaldi af því mati á umhverfisáhrifum einstakra virkjanakosta. Með þessu verklagi mun ákvarðanatak um hugsanlega nýtingu vindorku, bygging vindorkuvera, verða í mun meiri sátt við þjóðina og spara ýmsum hugsanlegum framkvæmdaaðilum fé og fyrirhöfn við undirbúning virkjanakosta sem kann að verða hafnað í landsskipulagsferli. Skipulagsstofnun á því að gera þá kröfu að matsáætlunin byggi á niðurstöðu landsskipulags.

„Í samræmi við lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun tekur rammaáætlun til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlenda eða hvort beri að friðlýsa svæði gagnvart vinnslu eða kanna frekar. Gert er ráð fyrir að endurnýja rammaáætlun á fjögurra ára fresti. Í 3. áfanga rammaáætlunar var auk umfjöllunar um vatnsafl og jarðvarma, fjallað um tvo vindorkukosti. Þetta var í fyrsta sinn sem vindorka er til umfjöllunar í rammaáætlun.

Ekki hefur með afgerandi hætti verið ljóst hvort vindorka falli undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Orkustofnun hefur verið meðal þeirra sem telur svo ekki vera, en stofnunin veitir framkvæmdaraðilum virkjunarleyfi. Starfshópur um regluverk í tengslum við starfsemi og framkvæmdir vegna vindorkuvera skilaði skýrslu í október 2018. Starfshópurinn telur að vindorkuver falli undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, en telur jafnframt þörf á að breyta lögum þannig að þar sé tæmandi upptalning á því hvaða virkjunarkostir falli þar undir. Afstaða Umhverfisstofnunar er jafnframt sú að vindorka falli undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun og vísar í 2. mgr. 3 gr. laganna því til stuðnings.

Í desember 2019 kynnti umhverfis- og auðlindaráðuneytið áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, þar sem lagt er til að vindorka falli undir lög. Í tillögu hópsins sem kom að þessari vinnu er lagt til að svæðum landsins verði forgangsraðað með tilliti til vindorkunýtingar, en að málsmeðferð og meðhöndlun vindorku innan rammaáætlunar taki mið af séreðli vindorkunnar sem orkukosts.“

Þóroddur F. Þóroddsson
Fjólugötu 18
600 Akureyri

Aths. Ævar Sigdórsson Klaustursel

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Ævar Sigdórsson <ovissuferdir@gmail.com>
Heiti : Aths. Ævar Sigdórsson Klaustursel
Málsnúmer : 202205094
Málsaðili : Zephyr Iceland ehf.
Skráð dags : 08.12.2022 00:00:00
Höfundur : Ævar Sigdórsson <ovissuferdir@gmail.com>

Ég, íbúi á Íslandi, austfirðingur, ferðamaður og náttúrudýrkandi, geri hér með alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir við eða nálægt Klausturseli.

Þarna, í Fljótsdal og nágrenni, er náttúran ennþá óspllt, nema þar sem línur og lagnir v.

Kárahnjúkavirkjunnar skemma umhverfið.

Er ekki nóg komið? Óbyggðsetrið verður að hætta starfsemi, hver skoðar óbyggðsetur í miðjum frumskógi vindmilla?

Þetta er óafturkvæmt rask, og spillir öllu umhverfi í tugi kílómetra fjarlægð.

Voru Kárahjúkar ekki nægileg ámining? Hafa menn ekkert lært, eða ræður nú Mammon för?

Þessi hugmynd er til háborinnar skammar, verst að Hákon Aðalsteinsson sé látinn, sá hefði látið ykkur heyra skoðanir sínar!

Ævar Sigdórsson 2712517269